

allt

INGIBJÖRG P. GUÐMUNDSDÓTTIR

Afmælisbíl með slaufu

• bílar • ferðir

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



VIÐTAL

JÚLIUS JÚLIUSSON

Slagæð Dalvíkur

FÓLK 30



50% afsláttur af nammibarnum á laugardögum



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. júní 2005 - 169. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

Með storminn í fangið

Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi var með fyrstu mönnum sem unnu við tölvur á Íslandi. Oft gustar um embætti hans en almennt er borið til hans miklið traust. Sigurður á tvo áhugamál; fjölskylduna og vinnuna. Hann er maður vikunnar.



MAÐUR VIKUNNAR 18

Einkapota raphundsins

Eins og allir vita er sjálfur rappkóngurinn Snoop Doggy Dogg á leið til landsins og heldur tónleika í Egilshöll 17. júlí. Fyrsta farrými dagar ekki fyrir svo mætan mann og að sjálf-sögðu flýgur hann hingað í sinni eigin einkapotu. Fréttablaðið komst yfir myndir af gripnum.



FRÆGA FÓLKID 32

Þetta verður ævintýri

Heimir Guðjónsson, fyrirlíði FH, segir að drátturinn í forkeppni Meistaradeildar Evrópu hafi ekki farið eins og hann hafi helst viljað. Hann reynir þó að líta á björtu hliðarnar.

ÍPRÓTTIR 38



VEÐRIÐ Í DAG




SUÐVESTAN RIGNING víða um land en að mestu leyti þurr austanlands og skýjað með köflum. Hitinn er svipaður áfram, hlýjast austanlands.

VEÐUR 4

Fréttablaðið skorar og skorar!

Lestur íþróttasiðna



Íslendingar 18-49 ára

*Lestur á íþróttasiður blaðanna á fimmtudögum. Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup maí 2005



ALMANNASKARÐSGÖNG OPNUÐ Sturla Böðvarsson samgönguráðgjafi og Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri opnuðu í gær jarðgöng undir Almanskard. Göngin munu leysa af hólmí hættulegan veg, sem hefur verið mikill farartálmi vegna grjóthruns, og auka þar með mjög á umferðaröryggi. Þau eru rúmlega kílómetri á lengd og hafa um 112 tonn af sprengiefni verið notuð við gerð þeirra.

Framsókn undir fimm prósentum í Reykjavík

Framsóknarflokkurinn fengi líklega engan þingmann kjörinn í Reykjavík ef kosið væri til Alþingis nú, samkvæmt könnun Gallup. Fylgi flokksins mælist innan við fimm prósent en hann vill tvo örugga fulltrúa á Reykjavíkurlistann.

STJÓRNMÁL Fylgi Framsóknarflokksins í Reykjavík er innan við fimm prósent samkvæmt þjóðarpóls Gallup frá því í byrjun mánaðarinn. Í könnuninni mældist fylgi flokksins í sögulegu lágmarki, átta og hálfu prósentu á landsvísi, sem er minna en helmingur af kjörfylgi flokksins í síðustu alþingiskosningum. Fylgi flokksins í Reykjavík í sömu könnun mælist 4,6 prósent samkvæmt gögnum sem Fréttablaðið hefur fengið og unnin hafa verið úr könnuninni.

Þetta er 6,9 prósent minna fylgi en flokkurinn hafði í síðustu alþingiskosningum. Þá fékk flokkurinn um 11,5 prósent að meðaltali í

Reykjavíkurborgarmunum tveimur. Þau 4,6 prósent sem flokkurinn fengi nú dygðu líklega ekki til þess að hann fengi kjördæmakjörinn þingmann. Framsóknarflokkurinn hefur í dag þrjá þingmenn í höfuðborginni.

Gallup mældi fylgi stjórnmálaflokka á landsvísi og var svarhlutfall um 61 prósent. Þar af tóku 423 afstöðu í Reykjavík. Sjálfstæðisflokkurinn fengi samkvæmt könnuninni 38,5 prósent, Samfylkingin 36,9 prósent, Vinstri grænir 17,1 prósent og Frjálslyndi flokkurinn 2,7 prósent.

Samfylking, Vinstri grænir og Framsókn hafa boðið fram sam-

eiginlega í Reykjavík og mælir könnunin ekki afstöðu kjósenda til þess samstarfs. Samningaviðræður R-listaflokka standa nú yfir og hafa framsóknarmenn lýst því yfir að þeir vilji fá tvo fulltrúa í örugg sæti listans. Næsti fundur viðræðunefndar R-listaflokka er á mánudag.

„Ég fer ekkert úr jafnvægi við þetta því ég hef oft séð það svartara. Reynslan sýnir okkur að við spjörum okkur í kosningum,“ segir Alfreð Þorsteinsson, oddviti flokksins í borgarstjórn.

Gallup tekur fram að gögnin sem Fréttablaðið hefur undir höndum séu ekki frá fyrirtækinu komin. -hb

Heyrnarskert eldri kona frá Hollandi með fíkniefni falin í hárkollu:

Dómur mildaður eftir samvinnu

DÓMSTÓLAR Rúmlega sextug kona frá Hollandi sem gripin var í Leifsstöð með 759 grömm af kókaíni falin í sérsumaðri hárkollu fékk refsingu mildaða í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, vegna þess hve samvinnuþýð hún var við lögreglu. Konan var dæmd í eins og hálfis árs fangelsi. Búast má við að hún fái reynslulausn eftir að hafa setið inni helming þess tíma, en hún hefur verið í afplánun síðan 4. mars og gæti því verið laus úr haldi eftir hálf tveimur árum.

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður konunnar, segir víðurlögin sem konan er beitt mjög hófleg miðað við magn efnanna sem hún var gripin með. „Hún hefði mátt gera ráð



SVEINN ANDRI SVEINSSON

fyrir tveimur til þremur árum, en nýtir þess að hafa aðstoðað lögreglu eftir megni,“ segir hann. Konan hafði samstarf við lögreglu um að afhenda efnin áætluðum við-

takanda, en það gekk ekki upp. Að auki vísaði hún á og nafngreindi alla söluáðila efnanna í Hollandi. Konan var að koma í sína þriðju ferð hingað til lands.

„Segja má að dómurinn sendi skýr skilaboð um að fólk fái mildari dóm ef það upplýsir um málavexti og hjálpar lögreglu,“ sagði Sveinn Andri og tók fram að konan hefði hvorki vitað um magn né tegund efnanna sem hún bar. Um það leyti sem konan var tekin var áætlað að andvirði kókaínsins gæti numið 15 til 30 milljónum króna. Bæði konan og ríkissaksóknari una dómnum, sem Arnfríður Einarsdóttir héraðsdómari kvað upp. - óká

Stjórnin vill selja stofnfé

VIÐSKIPTI Pattstaða er komin upp innan Sparisjóðs Hafnarfjarðar. Stjórn sparisjóðsins hefur ekki ráðandi meirihluta til þess að fjölga stofnfjäreigendum til samræmis við það sem gerist í stærstu sparisjóðunum á suðvesturhorninu. Hún mun ekki standa í vegi fyrir því ef stofnfjäreigendur vilja selja bréf sín og kallar eftir fjárfestum til að koma að rekstri sjóðsins. Telur stjórnin lítið við það að athuga að fjárfestar sýni bréfum í SPH áhuga, enda sé verslað með stofnfé í öðrum sparisjóðum.

Minnihluti stofnfjäreigenda, sem segist ekki hafa fengið tilboð í bréf sín, hefur þjappað sér saman og hafa fimm stofnfjäreigendur óskað eftir því að boðaður verði fundur hluthafa til að fara yfir stöðuna en stjórnin hefur ekki svarað erindinu. Fjármálaeftirlitið hefur óskað eftir svörum frá öllum stofnfjäreigendum.

Sjá síðu 22 - eþa

Kvað finnskan mat vandan

HELSINKI, AP Finnska sendiráðið á Ítalíu hefur sent formlega kvörtun til Silvio Berlusconi, forsætisráðgjafi Ítalíu, vegna ummæla sem hann lét falla um Tarju Halonen, forseta Finnlands.



SILVIO BERLUSCONI

Berlusconi grínadist með það fyrr í vikunni að hann hefði þurft á „öllum sínum flagaræfisleikum að halda“ til að sannfæra hana um að matvæla- stofnun Evrópusambandsins ætti heima á Ítalíu en ekki í Finnlandi, þar sem finnskur matur væri nánast óætur.

Ummælin hafa vakið svo mikla reiði í Finnlandi að sumt þarlent fólk íhugar að sniðganga ítalskar vörur. ■

350.000 kr. afsláttur

Opel Astra H/B
F. skráð. 06.1999, ekinn 94.000 km.
Vél: 1600cc gjra.
Verð áður: 740.000 kr.
Afmælisverð: 390.000 kr.

TOYOTA

BETRI NOTAÐIR BÍLAR



SPURNING DAGSINS

Ásgeir, hver mun geyma Vaðlaheiðarvegavinnuverkfæra-geymsluskúrslakippuhringinn?

„Það verður Greið leið.“

Ásgeir Magnússon er í stjórn Greiðrar leiðar, félagsins sem hyggst grafa göng gegnum Vaðlaheiði. Langa orðið að ofan hefur löngum verið talið lengsta orð íslenskrar tungu.

Samþykkt á prestastefnu að beina tilmælum til biskups:

Vilja heimila vígslu samkynhneigðra

PRESTASTEFNA „Við fögnum því að þjóðkirkjan sé að svara kalli tímans,“ segir Sigursteinn Másson, varaformaður Samtakanna '78, vegna þeirrar óskar sem biskupi Íslands barst í gær á prestastefnunni sem nú er haldin um að þjóðkirkjan komi að hjúskaparstofnun samkynhneigðra para með hliðstæðum hætti og hjá gagnkynhneigðum.

Í ályktuninni, sem Jón Helgi Þórarinnsson prestur í Langholtskirkju lagði fram, er þeim tilmælum beint til biskups að hann feli svokallaðri kenningarnefnd að bregðast við þessari ósk.

Jón Helgi segir að nú verði nefndin að taka afstöðu til þess

hvort koma eigi á fót formlegu ritúali þar sem þörin verði blessuð eða að skrefið verði stígið til fulls og farið verði að vígja samkynhneigð þör með löggjörnngi.

Sigursteinn sagði að þessi til-laga hefði alls ekki komið sér á óvart því um sjálfsagt jafnrétti væri að ræða. Hann sagðist hins vegar ánægður með að skynja með þessum hætti þann stuðning sem þessi jafnréttisstefna hefði á meðal presta.

Í dag mun svo kirkjan opna formlega vef á vefsvæði sínu, kirkjan.is, þar sem fjallað er um þessi málefni samkynhneigðra.

- jse



FRÁ PRESTASTEFNUNNI Prestastefnan sem nú er haldin hefur beint þeim tilmælum til biskups að brugðist verði við ósk um að þjóðkirkjan gefi samkynhneigð þör saman líkt og gagnkynhneigð.

Nautgripur drapst:

Kúariðusmit staðfest

WASHINGTON, AP Prófanir hafa staðfest að kyr sem drapst í Bandaríkjunum fyrir skemmstu var sýkt af kúariðu. Þetta er annað kúariðutilfellið sem kemur upp þar vestanhafs en hið fyrra kom upp í desember árið 2003.

Mike Johanns, landbúnaðar-ráðherra Bandaríkjanna, segir að heilsa manna hafi aldrei verið í hættu af kúni þar sem sjúkdóms-einkennin hafi verið svo augljós að aldrei hafi komið til greina að nýta afurðir af henni til manneldis. Hann staðfestir að tilfellið hafi verið einangrað og að Bandaríkjamenn þurfi ekki að hafa áhyggjur af kúariðusmituðu nautakjöti. ■



MÓTMÆLI Í REYKJANESBÆ Flóttamennirnir höfðu með sér skilti þar sem íslensk yfirvöld voru spurð að því hvað orðið hefði um mannréttindi þeirra.

Flóttamenn mótmæla:

Hafa beðið allt of lengi

FLÓTTAMENN Níu flóttamenn sem dvelja á tveimur gistiheimilum í Reykjanesbæ mótmæltu í gær meðferð íslenskra stjórnvalda á þeim. Flóttamennirnir, sem allir hafa sótt um atvinnu- og dvalarleyfi á Íslandi, segja aðbúnað sinn lélegan og undrast hversu hægt gangi að vinna úr þeirra málum.

Mennirnir eru á vegum Útlendingastofnunar, sem hefur gert samning við Reykjanesbæ um að sjá þeim fyrir fæði, húsnæði og umönnun, og segir félagsmálastjóri Reykjanesbæjar flóttamennina ekki hafa kvartað við sig. Alls dvelja 23 hælisleitendur á þessum tveimur gistiheimilum. ■

LÖGREGLUFRETTIR

MAÐURINN FUNDINN Maðurinn sem lögreglan á Fáskrúðsfirði leitaði í gær kom í leitirnar í gærkvöldi. Maðurinn hafði villst á leið sinni norður á Hérað og fest bílinn sinn. Maðurinn, sem er á fimmtugsaldri, fannst í Hamarsfirði eftir að hafa verið týndur í um sólarhring.

ELDUR Í ÍBÚÐARHÚSI Eldur kom upp í íbúðarhúsi í Bolungarvík á níunda tímanum í gærkvöldi. Að sögn lögreglu kviknaði eldurinn í eldhúsi og verið er að rannsaka upptök hans nánar. Greiðlega gekk að slökkva eldinn.

Margra ára fangelsisvist fyrir smygl á fíkniefnum

Fjórir fengu fangelsisdóma í seinni hluta svonefnds Dettifossmáls í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þeir sem þyngstu dómanna fengu þurfa að sitja í sex og hálf ár og sex ár í fangelsi. Þá fékk maður hálfis árs dóm, kona fjóra mánuði skilorðsbundna og enn einn maðurinn fékk fjörutíu þúsund króna sekt.

DÓMSTÓLAR Þyngsta dóminn í Dettifossmálinu, sex og hálf ár í fangelsi, hlaut 32 ára gamall maður, Óli Haukur Valtýsson, en dæmt var í seinni hluta málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þá var 26 ára gamall maður, Tryggvi Lárusson, dæmdur í sex ára fangelsi, en þar komu eldri mál til refsibýngingar. Þrjú til viðbótar fengu mun vægari dóma, þyngstan þritugur maður, Hinrik Jóhannsson, sem dæmdur var í hálfis árs fangelsi. Í fyrri hluta málsins, sem dæmt var í lok maí, hlaut hann tveggja ára fangelsisdóm. Þá hlaut 29 ára gömul kona fjögurra mánaða dóm skilorðsbundinn í tvö ár og maður í forsvari fyrir fyrirtæki sem send var á loftþessa full af amfetamíni fékk 40 þúsund króna fjársekt.

Dettifossmálið er eithvert umfangsmesta fíkniefnamál sem komið hefur til kasta yfirvalda hérlendis. Mesta magnið sem tekið var í einu var falið í loftþessunni, 7,8 kíló af amfetamíni. Undir lok júní í fyrra fór Tryggvi til Amsterdam með manni sem síðar fyrirfór sér í fangelsi meðan á rannsókn málsins

FÍKNIEFNI SEM GERÐ VORU UPPTÆK Í ÞESSUM HLUTA DETTIFOSSMÁLSINS:*

Smygtílaunir:	
Amfetamín	7.808 grömm
LSD	6.000 skammtar

Fannst við leit:	
Kókaín	2,45 grömm
Hass	5,06 grömm
Marjúána	1,45 grömm
Tóbaksblandað kannabis	3,57 grömm



DETTIFOSSMÁLIÐ Í HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR Fimm hluta dóma í seinni hluta Dettifossmálsins sem dæmt var í í gær í Héraðsdómi Reykjavíkur. Málið er nefnt eftir skípi Eimskipafélagsins sem ítrekað var notað til að smygla efnum, bæði amfetamíni og kókaíni. Þá var einnig dæmt fyrir LSD-skammta sem sendir voru í pósti.

stóð. Sá hafði milligöngu um kaup á amfetamíninu af Óla Hauki. Forsvarsmáður fyrirtækisins sem pressan var send á leysti hana ekki úr tolli, en við hann hafði hvorki verið rætt um magn né efnistegund. Hann átti að fá kókaín sem greiðslu fyrir annan pakka sem Óli Haukur sagði að hætt hafi verið við að senda og hafi hann því ekki átt von á loftþessunni.

Tryggvi neitaði sök og reyndi að sverja af sér viðurnefnið „túrbó“ en sannað þótti að hann væri Tryggvi túrbó og hefði fjármagnað og keypt stóran hluta efnanna sem dæmt var fyrir.

Þá er Hinrik aðeins sakfelldur fyrir 200 LSD-skammta af 2.000 sem hann fékk senda í pósti og vitjæði í Vestmannaeyjum. Óli Haukur bar fyrir dómi að Hinrik hefði bara átt von á prufusendingu, en ekki

öllu magninu sem fór í pósti. Heima hjá Óla Hauki í Amsterdam fann hollenska lögreglan 4.000 skammta til viðbótar, en honum er ekki gerð refsing fyrir það hér.

olikt@frettabladid.is

Þurfa að borga fyrir rannsókn á dópínu

„Fyrri hluti Dettifossmálsins snerist um smygl á 2,7 kílóum af amfetamíni og um 600 grömmum af kókaíni. Í þeim hluta var Hinrik Jóhannsson dæmdur í tveggja ára fangelsi, en í hlutanum sem nú var dæmt í hlaut hann hálfis árs fangelsi fyrir smygl á LSD-skömmum. Sakborningarnir þrír sem þyngsta dóma hluta í seinni hluta málsins nú þurfa að greiða málskostnað upp á nokkur hundruð þúsund krónur auk kostnaðar upp á rúmlega 1,4 milljónir króna vegna rannsóknar á fíkniefnunum sem þeir reyndu að smygla.“

Konu var leitað í nágrenni Blönduóss í gær:

Lá í skurði fram á morgun

LÖGREGLA Um klukkan átta í gærmorgun fannst kona um fimmtugt sem horfið hafi heiman frá sér á bæ í nágrenni Blönduóss eftir miðnætti kvöldið áður. Konan, sem átt hefur við vanheilsu að stríða, gerði sjálf vart við sig þar sem hún lá í skurði um 150 metra frá heimili sínu.

Lögregla og um 50 manns úr björgunarsveitum frá Húnavatnssýslum og Skagafirði höfðu mikinn viðbúnað við leitina, sem hófst um klukkan hálf fimm um morguninn. Notaðir voru leitarhundar og tvær einkaflugvélar leituðu úr lofti. Að sögn lögreglu á Blönduósi meiddist konan í baki við fallið ofan í skurðinn og var í þannig ástandi að hún gat ekki gert vart við sig, þó svo að hún yrði vör við leitarfólk. Þá var hún klædd í flíspesu sem féll að umhverfi hennar þannig að erfitt var að koma



Á ÆFINGU BJÖRGUNARSVEITA FYRIR NOKKRU Björgunarsveitir slysavarnafélagsins Landsbjargar í Húnavatnssýslum og Skagafirði höfðu nokkuð mikinn viðbúnað vegna leitar að konu sem fannst í gærmorgun og hafði verið saknað síðan um nóttina. Myndin er tekin á æfingu björgunarsveita fyrir nokkru og tengist ekki efni fréttarinnar beint.

auga á hana. Lögregla sagði að margbúið hefði verið að kíkja ofan í skurðinn. Konan var flutt á

heilbrigðisstofnun á Blönduósi til skoðunar eftir hrakfarir næturinnar.

-óka

ÓB Snorrabraut – alltaf opið



1.995

~~3.495~~



Hjólatjakkur, 2ja tonna
Kemur í tösku
5023991



Farangursbox
390 ltr, 1,45x0,95x0,39 m
5794412

Verð áður 29.995
24.995



Farangursbox
260 ltr, 1,25x0,75x0,66 m
5794410

Verð áður 26.995
18.995

3.495

~~5.495~~



14" verkfærataska fylgir

Verkfærahirsla
Mastercart
5024491

995

~~2.495~~



Verkfæratöskur, 2 saman
12,5" og 19"
5024489



Greinarklippa Verð áður 1.095
HiPoint
5084663
495

9.495

~~14.995~~



Stigi/trappa
Trappa 2,9 m - stigi 5,3 m
5078874



Reiðhjólgrind
Í ferkantaða festingu fyrir
dráttarkúlu Verð áður 6.995
3900405
4.995

Reiðhjólgrind
Fest á farangurslok
3900406
Verð frá
2.995

1.995

Hjólahjálmar

Allar gerðir
Ótrúlegt verð!



Viðurkenndir!

25% afsláttur
af völdum áltröppum

Ekkert mál



HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 24.06.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	65,92	66,24
Sterlingspund GBP	120,15	120,73
Evra EUR	79,58	80,02
Dönsk króna DKK	10,68	10,75
Norsk króna NOK	9,97	10,03
Sænsk króna SEK	8,45	8,50
Japanskt jen JPY	0,60	0,61
SDR	XDR	96,41 96,99

Gengisvísitala krónunnar

112,16 +0,09%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Verstu sumarflóð í sunnanverðu Kína í áraraðir:

Á sjötta hundrað lík hafa fundist

PEKING, AP Í það minnsta 536 manns fórust í árlegum sumarflóðum í suðurhluta Kína. Nauðsynlegt hefur verið að flytja hundruð þúsunda manna frá heimilum sínum.

Á þessum árstíma ganga jafnan miklar rigningar yfir sunnanvert Kína og af þeim leiðir flóð, aurskriður og aðrar náttúruhamfarir. Flóðin þetta sumarið eru hins vegar þau verstu síðan 1998 en þá týndu á fimmta þúsund manns lífi.

Síðastliðnar tvær vikur hafa fundist lík 536 manns sem druknað hafa í flóðum og aurskriðum. Verst er ástandið í

Guangdong-héraði en þar fóru heilu bæirnir á kaf. Á sumum stöðum stóðu einungis toppar símastaura upp úr vatnseignum. Í Guangxi-héraði varð að rýma heimili 760.000 manna eftir því sem fregnir kínverska ríkis-sjónvarpsins herma.

Óttast er að flóðin geti eyðilagt skólpleiðslur og mengað drykkjarvatn. Slíkt eykur mjög hættuna á að sjúkdómur á borð við kóleru breiðist út en jafnframt gæti uppskera spillt umtalsvert og hungursneyð skapast í kjölfarið. „Þjáningar íbúa sveitahéraða í suðurhluta Kína eiga enn eftir að aukast,“ sagði



Alistair Henley, talsmaður Alþjóða Rauða krossins og Rauða hálfmánans í Peking. ■

BÚSLÓÐINNI BJARGAÐ Íbúar í borginni Wuzhou í Guangxi-héraði í Kína þurftu að flytja heimili sín vegna flóðanna.



LEIÐTÖGARNIR Vel fór á með þeim Al-Jaafari og Bush í Washington í gær.

Bush um Írak:

Herliðið ekki heim að sinni

WASHINGTON, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti og Ibrahim al-Jaafari, forsætisráðherra Íraks, hittust í Washington í gær og ræddu stöðu og horfur í landi hins síðarnefnda.

Á blaðamannafundi að viðræðum þeirra loknum ítrekaði Bush að ríkisstjórn hans hefði engin áform um hvenær bandarískt herliðið sneri aftur heim fyrir fullt og allt. Slíkar áætlanir myndu einungis hvetja uppreisnarmenn til að bíða átekta eftir brotthvarfi hernámliðsins. Engu skipti þótt andstaða almennings í Bandaríkjunum við hernámið færi vaxandi. Yfir 1.700 bandarískir hermenn hafa fallið í Írak síðan ráðist var þar inn.

Al-Jaafari hafði áður lýst því yfir að hann byggist við að gerð stjórnarskrár landsins myndi ganga vel fyrir sig og þjóðin legði blessun sína yfir hana í atkvæðagreiðslu í haust. ■

BANDARÍKIN

SKILDI DÓTTURINA EFTIR HEIMA 22 ára gömul kona frá bænum La Mesa í Kaliforníu hefur verið sett í varðhald en henni er gefið að sök að hafa skilið tveggja ára gamla dóttur sína eftir heima klukkustundum og jafnvel dögum saman. Lögreglan fann litlu telpuna eina heima í vikunni í herbergi sem í voru „margir hættulegir munir“.

Sker niður þjónustu í miklum hallarekstri

Háskólaráð Háskólans á Akureyri samþykkti í gær aðgerðir til þess að vinna á vel á þriðja hundrað milljóna króna uppsöfnuðum halla. Um 40 milljónir króna vantar ár hvert fyrir kennslukostnaði.

REKSTRARVANDI Háskólaráð Háskólans á Akureyri samþykkti í gær tillögur til þess að draga úr rekstrarkostnaði skólans. Ráðið skipaði jafnframt starfshóp sem fara á yfir rekstrarkostnað og skipulag auðlindaeildar, upplýsingatæknideildar og og félagsvísinda- og lagadeildar skólans. Hópurinn á að skila álitum fyrir miðjan október næstkomandi.

Samþykkt var á fundi ráðsins í gær að ráðast strax í ákveðnar aðgerðir. „Rekstrargrundvöllur upplýsingatæknideildar hefur verið ótraustur undanfarið ár og ákvað ráðið því að innrita ekki nýja nemendur á þessu ári,“ segir Þorsteinn Gunnarsson rektor. „Jafnframt verður auðlindaeildin endurskoðuð með það að markmiði að ná fram rekstrarhagræðingu. Þá verður námsframboð félagsvísinda- og lagadeildar einnig endurskoðað í sparnaðarskyni.“

Fulltrúar í háskólaráðinu benda á að Háskólinn á Akureyri hafi undanfarin misseri ráðist í umfangsmiklar og erfiðar aðgerðir til að draga úr kostnaði, meðal annars með því að auka samkenndu og fækka námskeiðum. Ráðið kveðst fara í ofangreindar aðgerðir í trausti þess að

ÞORSTEINN GUNNARSSON Rektor Háskólans á Akureyri.

stjórnvöld styðji háskólann áfram og komi til móts við fjárhagsvanda hans, meðal annars með auknum fjárfraðlegum þannig að hann geti framfylgt þeim markmiðum sem löggjafinn hafi sett honum.



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI Í sparnaðarskyni verður enginn innritaður í upplýsingatæknideild á þessu ári. Námsframboð verður skert í auðlindaeild og félagsvísinda- og lagadeild.

Í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að Háskólinn á Akureyri hafi verið rekinn með halla frá árinu 2002 og í árslok hafi hann numið alls um 278 milljónum króna. Tekið er fram í skýrslunni að nemandafjöldinn við skólann hafi verið mun meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Ríkisendurskoðun rekur í skýrslu sinni sparn-

aðaraðgerir undanfarinna ára. Sett hafi verið yfirvinnuþak og gripið til fjöldatakmarkana, svo nokkuð sé nefnt.

Ríkisendurskoðun telur þrátt fyrir þetta að forsvarsmenn Háskólans á Akureyri hafi brugðist allt of seint við vandanum þar sem ljóst hafi verið þegar árið 2002 að rekstrarumfang hafi verið komið fram úr fjárheimildum. Þá segir í skýrslunni að menntamálaráðuneytinu hafi þorið að grípa til nauðsynlegra aðgerða þegar ekki bólaði á nauðsynlegum aðgerðum árið 2003.

johannh@frettabladid.is

Staða útvarpsstjóra:

Engar kröfur um menntun

RÁÐNINGAR Engar kröfur um menntun eða reynslu af fjölmiðlastarfi eru gerðar til væntanlegra umsækjenda um starf útvarpsstjóra. Embættið hefur formlega verið auglýst laust til umsóknar en núverandi útvarpsstjóri, Markús Örn Antonsson, var nýverið skipaður sendiherra Íslands í Kanada. „Ástæðan er einfaldlega sú að lög kveða á um að stöðuna skuli auglýsa með þessum hætti,“ segir Jón Vilberg Guðjónsson, lögfræðingur hjá menntamálaráðuneytinu. Er hugmyndin með lögunum sú að útiloka þannig engan frá því að sækja um stöðuna. Skipað er í embættið til fimm ára. -aðe

Of hraður akstur:

Bílstjórar sjá ekki merkin

LÖGREGLA Lögreglan í Ólafsvík tók tíu ökumenn fyrir of hraðan akstur, á vegaköflum þar sem vegaframkvæmdir stóðu yfir og búið að lækka hámarks hraða í 50 kílómetra á klukkustund, eftir kvöldmat á fimmtudag. Nokkuð var um að rúður brotnuðu í bílum vegna grjótkasts.

Áð sögn lögreglu virðist um helmingur ökumanna ekki taka eftir viðvarnarmerkjum um lækkaðan hámarks hraða, bann við framúrakstri og grjótkasti. Lögregla gætti að tveimur vegaköflum með lækkuðum hraða, innst á Ólafsvík-urvegi við hringveginn og svo löngum kafla í grennd við Jónasarlund í Öxnadal. -óka

SKOTLAND

ÓPRÚTTINN SVIKAHRAPPUR Nígírískur tölvunarfræðinemi í Edinborg hefur verið dæmdur í fangelsi fyrir fjárvik. Hann sveik út tæpar þrjár milljónir króna í bætur sem hann sagði að væru fyrir fötluð börn. Fénu stakk hann svo í eigin vasa.

ORKA ÚR IÐRUM JARÐAR



Kynning á framkvæmdum við Hellsheiðarvirkjun

Gestamóttakan í Skiðaskálanum í Hveradölum er opin **mánudaga-laugardaga kl. 9-17 og sunnudaga kl. 13-18.**

Allar nánari upplýsingar í síma **516 6000** og á **www.or.is**

Aðgangur er ókeypis.

Allir velkomnir!

www.or.is




VEÐRIÐ Í DAG

Suðvestanátt

Jæjja, nú fá Sunnlendingar vist nóg af bleytu um helgina og fram eftir vikunni. Í dag er spáin lítið spennandi fyrir Suður- og Vesturland, slagveðursrigning. Þetta úrkomsveði færast yfir landið þegar liður á daginn og líklega mun rigna í flestum landshlutum nema þá síst á landinu austanverðu. Á morgun dregur úr úrkomunni en áfram verður þó skúraveður á Suður- og Vesturlandi. Hitinn er svipaður áfram en ætli að ná 18 stigum fyrir austan þar sem verður hlýast.

Kveðja, Guðröður Arnardóttir náttúrufræðingur.

Í dag




Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	20°C	sk.m.köflum	Algarve	25°C	sk.m.köflum
Oslo	21°C	sk.m.köflum	Mallorca	25°C	sk.m.köflum
London	19°C	skýjað	Krit/Chania	25°C	heißskirt
Paris	28°C	skýjað	Barcelona	27°C	heißskirt
			Róm	32°C	sk.m.köflum
			Alicante	32°C	sk.m.köflum
			Kýpur	29°C	heißskirt
			Rimini	27°C	þrumur


Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skýggð á kortinu. Minnháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Á morgun



Hæg breytileg átt en sunnan kaldi allra syðst. Dregur úr úrkomunni.

Mánudagur



Sunnan kaldi eða strekkingur og rigning sunnan- og vestanlands.

Afnemum VSK af öllum snyrtivörum



**TAX
FREE
DAGAR**

Álagður virðisaukaskattur á snyrtivörur á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Á fríhafnardögum
afnemum við VSK.
af snyrtivörumerkjum.

Dagana 23.-26. júní
eru fríhafnardagar í öllum
snyrtivöruverslunum Hagkaupa.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla





KJÖRKASSINN

Hefur ASÍ farið offari í máli pólsku verkamanna sem vinna fyrir Geymi ehf.?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	21,37%
Nei	78,63%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að grafa göng í gegnum Vaðlaheiði?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Íslandsbanki spáir að verðbólga verði 3,8 prósent í júlí:

Matvöruverð mun hækka á næstunni

EFNAHAGSMÁL Verðbólga mun mælast 3,8 prósent í júlí og hækka um heilt prósentustig milli mánaða, samkvæmt spá greiningardeildar Íslandsbanka.

Útsölur á fatnaði og skóm hefjast í mánuðinum og hafa áhrif til lækkunar vísitölu neysluverðs en þó spáir Íslandsbanki því að vísitala neysluverðs hækki um hálf prósent.

Íslandsbanki reiknar með að matvöruverð hækki og áhrif verðstríðsins á matvörumarkaði gangi til baka. Íbúðaverð mun halda áfram að hækka auk þess sem hækkanir á heimsmarkaðsverði olíu hafa mikil áhrif til hækkunar.

Þá mun niðurfelling þungaskatts



ÚTSALA Þrátt fyrir að útsölur hefjist í júlí spáir greiningardeild Íslandsbanka að verðbólga muni hækka um heilt prósentustig í mánuðinum.

fyrsta júlí og upptaka olúgjalds valda snarhækkun á verði dísilolíu.

Ingólfur Bender hjá greiningardeild Íslandsbanka segir líklegt að verðbólgan hjaðni eitthvað á næstu

mánuðum: „Verðbólgan mun engu síður verða yfir verðbólgu markmiðum Seðlabankans. Ekki er útilokað að verðbólgan fari yfir efri þolmörk á þessu ári“.

-jsk

Hæstaréttarlögmaður dæmdur:

Gert að borga sex milljónir

DÓMSTÓLAR Hæstaréttarlögmaður í Reykjavík þarf að greiða verðbréfafyrirtæki 6 milljónir króna, auk dráttarvaxta og 400 þúsund króna í málskostnað, samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í gær.

Málið snerist um tvo víxla sem lögmaðurinn sagði fyrirtækið hafa skuldbundið sig til að innheimta ekki nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Það hafði ekki verið gert og lagði hann fram skjal fyrir dómi því til sönnunar. Hann kvað málið dellukennt og kvaðst höfða endurkröfumál fyrir héraðsdómi. -óka



AÐEINS ÓDÝRARA Norðmenn greiða að jafnaði herra verð fyrir farsímabjónustu en Íslendingar.

Farsímabjónusta:

Íslendingar á lökum kjörum

NEYTENDUR Aðeins norskir símnóendur greiða herra verð fyrir farsímabjónustu en Íslendingar á Norðurlöndunum, samkvæmt mánaðargamalli úttekt breska greiningarfyrirtækisins Teligen sem birt var í vikunni.

Kemur þar fram að dýrast er að nota farsíma í Noregi af Norðurlöndunum. Ísland kemur þar næst og síðan Finnland, Svíþjóð og að lokum Danmörk sem reyndist ódýrust.

Könnunin sýndi einnig að meðal-kostnaður vegna heimilissíma hendlendis er lægstur meðal Evrópuþjóða og kostnaður fyrirtækja af fastlínusímum sá næstlægsti. -aóe

Rætt um að höfuðstöðvar lögreglunnar fari af Hlemmi

Hugsanlegar breytingar á skipulagi við Hlemm hafa vakið umræðu um staðsetningu lögreglustöðvarinnar. Talið er að tvöfalda megi stærð bygginga á reit lögreglustöðvarinnar.

SKIPULAGSMÁL Sólmundur Már Jónsson, framkvæmdastjóri rekstar- og þjónustusviðs lögreglunnar í Reykjavík, varpaði fram þeirri hugmynd á fundi um skipulagsmál við Hlemm í vikunni að lögreglustöðin gæti vel flutt sig um set ef þurfa þætti.

„Ég sló þessu fram á fundinum Hlemmur plús fyrir skemmstu. Enda getum við verið hvar sem er, til dæmis í nýrri stórbyggingu sem reisa á við Borgartún.“

Lögreglustöðin við Hlemm er áberandi bygging. Hærrí hluti hennar er fimm hæðir og samantlagt er starfsemi lögreglunnar á sjö þúsund fermetrum. Starfsmenn í byggingunni eru um þrjú hundruð þegar mest lætur en að jafnaði eru þar að störfum á

þriðja hundrað manns dag hvern.

Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, segir að á reit lögreglustöðvarinnar megi hæglega koma fyrir 20 þúsund fermetra húsnæði ásamt bílastæðum. „Þetta er athyglisverð hugmynd hjá Sólmundi. Við teljum heppilegt að lögreglan sé miðsvæðis í borginni og viljum vinna með henni að góðum hugmyndum. Vel má vera að önnur staðsetning henti

stærseminni hennar betur. Við erum opin fyrir öllu,“ segir Dagur.

Á áðurgreindum fundi nefndi Sólmundur hugmyndir um að rífa lögreglustöðina og byggja til dæmis verslunarhúsnæði eða fjölbýlishús á lóðinni. „Húsnæði lögreglunnar er það stórt og lóðin einnig að vandræðalítið ætti að vera að byggja þar eitt eða fleiri hús sem samantlagt yrðu mun stærri í fer-



Á MÖRKUM BORGARTÚNS OG SKÚLATÚNS Upp úr firnastórum og djúpum grunni á mótum Höfðatúns, Borgartúns og Skúlatúns verður reist stórhýsi á vegum byggingaverktakans Eyktar. Þarna var áður fyrirtækið Sögin, bílastæði og fleira.

metrum talið en lögreglustöðin. Á bílastæðum embættisins, sem snúa að Skúlagötu og Rauðarárstíg, væri hæglega hægt að

byggja nokkur þúsund fermetra hús án þess að hrófla við núverandi byggingum,“ sagði Sólmundur. johann@frettabladid.is



SÓLMUNDUR MÁR JÓNSSON



DAGUR B. EGGERTSSON

HORFIN



Lýst er eftir Gyðu Dögg Baldvinsdóttur, Gyða Dögg er skólærð og frekar hávaxin. Síðast þegar sást til Gyðu var hún í blárrí treyju og gallabuxum. Hún ætlaði bara að stökkva út í sjoppu, sagðist verða að fá sykurl. Það var fyrir tuttugu mínútum – síðan hefur ekkert heyrst frá henni. Ef þú sérð Gyðu Dögg, segðu henni að nota SOS næst þegar inneignin klárast.

SOS LÁTTU VITA AF ÞÉR **1400**



Heyrumst!



LÖGREGLUSTÖÐIN Á HLEMMI Allt að 300 manns starfa í lögreglustöðinni á virkum degi.

Seltirningar kjósa í dag um skipulagstillögur:

Allt útlit fyrir góða kjörsókn

SVEITARSTJÓRNARMÁL Í dag gefst Seltirningum kostur á að kjósa um tvær skipulagstillögur sem settar hafa verið fram um framkvæmdir á svæðinu við Suðurströnd og Hrólfsskálamel. Kosningin fer fram í Valhúsaskóla og verður kjörstaðurinn opnaður klukkan níu í morgunsárið en lokað klukkan tíu í kvöld.

Útankjörstaðaratkvæði voru orðin 266 talsins í gær að sögn Alþórs B. Jóhannssonar, umsjónarmanns kjörstjórnar, og voru Seltirningar sem Fréttablaðið hafði samband við almennt sam-mála um að það væri vísis á góða kjörsókn í dag.

Jónmundur Guðmarsson bæj-

arstjóri segir þessar kosningar vera tímamótakosningar því aldrei áður hafi stjórnvald gengið svo langt í virku íbúalýðræði. Auk þess er bæjarstjórnin bundin af niðurstöðum hennar. Hann segir mikilvægt að Seltirningar noti tækifærið í dag og greiði atkvæði.

Hart hefur verið deilt um þessar tillögur. Stuðningsmenn svokallaðrar H-tillögu leggja áherslu á að samkvæmt henni fjölgar íbúðarhúsum bæjarins um 130 en aðeins 90 samkvæmt S-tillögu. Fylgismenn S-tillögunnar eru hins vegar ósáttir við þau víðtæku áhrif sem það hefði ef knattspyrnusvöllurinn yrði færður á Hrólfsskálamel.

-jse



JÓN-MUNDUR GUÐMARSSON BÆJARSTJÓRI Jónmundur hvetur Seltirninga til að tjá hug sinni í dag enda gefst þeim tækifæri til að segja bæjarstjórninni fyrir verkum þar sem hún mun hlíta niðurstöðum kosninganna, hverjar sem þær kunna að verða.



Myndir & músík


Sæktu foxy músík og fönki myndir á siminn.is



Motorola Razr V3
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum
4.980 Léttkaups-
útborgun
og 2.000 kr. á mánuði
í 12 mánuði
Verð aðeins 28.980 kr.



Sony Ericsson K508i
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum
980 Léttkaups-
útborgun
og 1.000 kr. á mánuði
í 12 mánuði
Verð aðeins 12.980 kr.



Sony Ericsson T630
og þráðlaust heyrnartól
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum
2.980 Léttkaups-
útborgun
og 1000 kr. á mánuði
í 12 mánuði
Verð aðeins 14.980 kr.



Nokia 3230
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum
5.980 Léttkaups-
útborgun
og 2.000 kr. á mánuði
í 12 mánuði
Verð aðeins 29.980 kr.



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hver er varaformaður Samfylkingarinnar?
- 2 Hvar fer golfmótið Arctic Open fram?
- 3 Hver er nýr eigandi knattspyrnufélagsins Manchester United?

SVÖRIN ERU Á BLS. 54

Jöfnunarsjóður úthlutar 200 milljónum:

Tólf sveitarfélög í alvarlegum vanda

SVEITARSTJÓRNARMÁL Tólf sveitarfélög í landinu hafa fengið úthlutað aukaframlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna þess alvarlega fjárhagsvanda sem þau glíma við en úthlutað var úr sjóðnum í vikunni.

Snæfellsbær, Vestmannaeyjabær og sveitarfélagið Hornafjörður fengu hæstu framlögin, á bilinu 35-40 milljónir króna hvert, en Jöfnunarsjóður hefur um 200 milljónir til ráðstöfunar til að aðstoða þær byggðir sem höllustum fæti standa.

Lárus Bollason hjá félagsmálaráðuneytinu segir að öll þau sveitarfélög sem nú fengu úthlutað eigi það sameiginlegt að hafa öll glímt við hallarekstur um langan tíma.

HÆSTU AUKAFRAMLÖGIN

Snæfellsbær	40 milljónir
Hornafjörður	36 milljónir
Vestmannaeyjar	35 milljónir

„Við förum yfir stöðu allra sveitarfélaga og þar sérstaklega tekið tillit til þátta eins og hvort viðvarandi rekstrarvandi hafi verið til staðar og hvernig núverandi skuldastaða væri og úthlutað í samræmi við þær niðurstöður. Enn fremur förum við yfir hvort viðkomandi sveitarfélög væru að fullnýta útsvarsheimildir og þau tólf sem hér um ræðir nýta þær heimildir til fulls.“

-aþe



SKULDAFEN Vestmannaeyjabær þurfti einna hæst aukaframlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þetta árið. Hjá flestum sveitarfélögum sem glíma við bága stöðu er um viðvarandi skuldahala að ræða.

Rauf skilorð:

Faldi kókaín í brókinni

DÓMSTÓLAR Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt 23 ára gamlan mann í 300.000 króna sekt, en hann var tekinn í nóvember í fyrra á skemmtistað með 0,6 grömm af amfetamíni. Í janúarbyrjun ók hann bíl án réttinda og svo aftur fullur mánuði síðar. Við það tækifæri fann lögregla líka 2,83 grömm af kókaíni falin í nærbuxum mannsins.

Maðurinn hefur tíu sinnum áður hlotið refsingu og rauf með þessu háttætti sínu skilorð 30 daga fangelsisdóms sem kveðinn var upp í nóvember 2003. Hann þarf því að sitja inni og sektin bætist við sem hegningaráuki.

-óka



STEFÁN JÓN HAFSTEIN Tekinn við sem formaður borgarráðs Reykjavíkur.

Breytingar í borgarráði:

Stefán Jón formaður

STJÓRNARMÁL Stefán Jón Hafstein var kjörinn formaður borgarráðs Reykjavíkur á fundi ráðsins á miðvikudag. Stefán Jón tekur við starfinu af Alfréð Þorsteinssyni, sem hefur verið kjörinn forseti borgarstjórnar. Stefán Jón er fjölmiðlafræðingur að mennt og hefur víðtæka reynslu af fjölmiðlum en lengst af starfaði hann sem ritstjóri dægurmálaútvarps Rásar 2 og síðar sem dagskrárstjóri. Hann hefur enn fremur skrifað nokkrar bækur um ýmis málefni.

-hb



GUNNLAUGUR KONRÁÐSSON HREFNUVEIÐIMAÐUR Við yfirgefna hvalveiðibáta í Reykjavíkurhöfn.

Fundurinn vonbrigði

Allar tillögur um að hvalveiðar yrðu hafnar að nýju voru felldar á ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins í gær. Íslenskur hrefnuveiðimaður segir fundinn „vitleysingasamkomu“ og vill hefja veiðar strax.

SJÁVARÚTVEGSMÁL Ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins lauk í gær í Úlsan í Suður-Kóreu án þess að heimilaðar væru hvalveiðir í atvinnuskyni að nýju. Hvalveiðibann hefur nú staðið í hartær tveimur áratugum en Íslendingar hafa að undanförunni stundað vísindaveiðir á hrefnu. Íslenska sendinefndin telur fyrirsjáanlegt að hvalveiðar verði ekki hafnar í nánustu framtíð og fundurinn hafi því valdið verulegum vonbrigðum.

Allar tillögur sem lagðar voru fram á þinginu í anda þess að atvinnuhvalveiðar yrðu hafnar að nýju voru felldar. Japanar lögðu ítrekað fram tillögur um ýmis

málefni en allar tillögurnar voru felldar. Tillaga Danmerkur í gær um að stjórnkerfi fyrir hvalveiðar yrði endurskoðað var einnig fellt.

Gunnlaugur Konráðsson hrefnuveiðimaður, sem veiddi fyrst hrefnu árið 1968, segir að niðurstaðan á fundinum hafi verið eins og hann hafi búist við. „Þetta er bara vitleysingasamkoma. Þarna eru menn sem hafa það að atvinnu að koma í veg fyrir að hvalveiðiráðið gegni sínu hlutverki og að menn geti fjallað þar um mál á málefnalegum grundvelli. Ástralir hafa gifurleg áhrif á þinginu og mótmæla hvalveiðum ítrekað. Þeir drepa síðan sjálfir hundruð þús-

unda kengúra á hverju ári og blikna ekki,“ segir Gunnlaugur.

Hann segir mikið af hval í íslenski landhelgi og ekkert sé því til fyrirstöðu að veiða dýrin. „Á það hefur verið bent að við séum með svo villimannslegar veiðar. Ég veit ekki hvernig aðrar veiðar eru, en ég sé ekki að hvalveiðar séu eitthvað öðruvísi. Kjarni málsins er sá að við eigum að hefja veiðar hér strax og hætta að velta fyrir okkur hvað öðrum finnst. Við getum veitt okkar hvali innan okkar landhelgi og því fyrr sem við hefjum þær veiðar, því betra,“ segir Gunnlaugur.

hjalmar@frettabladid.is



JÓN GUNNAR OTTÓSSON Tekur við embætti forseta náttúruverndarsamnings Evrópu á næsta ári.

Forstjóri Náttúrufræðistofnunar:

Kosinn forseti

NÁTTÚRUVERND Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, verður á næsta ári forseti nefndar sem sér um náttúruverndarsamning Evrópu og mun gegna embættinu í tvö ár. Jón Gunnar hefur verið fulltrúi Íslands í nefndinni í rúm tíu ár og var kosinn varaforseti hennar í desember.

Náttúruverndarsamningurinn er grundvöllur náttúruverndarlöggjafar tæplega fimmtíu þjóða, en allar ákvarðanir nefndarinnar hafa lagagildi gagnvart ríkjunum. Þar er fjallað um náttúruvernd og ýmis kærumál tekin fyrir. Til að mynda var síðast tekin fyrir kæra á hendur Íslandi vegna virkjunarmála.

-sgj

LÖGREGLUMÁL

VELTU Í LAUSAMÖL Seinni part fimmtudags missti ferðafólk stjórni á bílaleigubíl sínum í lausamöl á Dynjandisheiði með þeim afleiðingum að bíllinn fór út af veginum og valt. Þar sem í bílnum var slapp án meiðsla en bíllinn skemmdist nokkuð, að sögn lögreglu á Bíldudal.

Kirkjudagar þjóðkirkjunnar hafnir:

Boðið upp á söng, dans og leiklist

TRÚFÉLÖG Kirkjudagar þjóðkirkjunnar hófust í gær á Skólavörðuholti í Reykjavík og standa áfram með fjölbreyttri dagskrá í dag, frá hádegi fram til klukkan sex. Í boði er margvísleg skemmtan fyrir börn og unglinga, auk þess sem fjöldi hópa kynnis kirkjustarf sitt.

Kirkjudagar eru haldnir fjórða hvert ár, að því er fram kemur á vef kirkjunnar, en þeir eru sagðir „uppskeruhátíð kirkjustarfsins“ um leið og horft er fram á veginn. Með hátíðarhöldunum vill kirkjan hvetja til umræðu um kristna trú og starf kirkjunnar.

Við opnunaráttíðina í gær setti Karl Sigurbjörnsson biskup kirkjudaga og Björn Bjarnason kirkjumálaráðherra flutti ávarp. Adrenalínhópurinn, ungt fólk gegn rasisma, sýndi dans og ungt fólk flutti eigin trúarjátningar.



Trúðarnir Barbara og Úlfar fjölludu um frelsarann og leikhópurinn Perlan flutti leikrit um kærleikann, auk annarra erinda sem flutt voru.

Í **HALLGRÍMSKIRKJU** Kirkjudagar þjóðkirkjunnar, sem haldnir eru fjórða hvert ár, voru settir klukkan átta í gærkvöld með viðhöfn í Hallgrímskirkju. Karl Sigurbjörnsson biskup setti dagana og Björn Bjarnason kirkjumálaráðherra flutti ávarp.

-óka

Óvenjulega skemmtilegar glæpasögur



Fjórða bókin í hinum vinsæla bókaflökki um *Kvenspæjara-stofu númer eitt* er komin út. Hin ómótstæðilega Precious Ramotswe heldur áfram að glíma við snúin mál í einkalífi og starfi.


„Ég hef ekki lesið bók af jafn-öblandinni ánægju í langan tíma.“
The Sunday Telegraph

„Sniðill og frókk ... lesandi er snortinn, honum er skemmt eða brugðið, stundum allt í senn.“
Los Angeles Times



Mál og menning
edda.is

Við eigum afmæli en þú færð gjafirnar



ÍSLENSKA AUGLEIÐINGASTOFNAN VÍSILIS TOY 32728 86/2015

Þér er boðið í veislu í tilefni 35 ára afmælis Toyota á Íslandi.

Afmælisboðið verður haldið á Nýbýlavegi 4-8, frá 25.- 30. júní. Þar verður nóg um að vera:

- Ný lán frá Glitni fyrir allt að 90% af kaupverði.
- Allt að helmingur lántökugjalds felldur niður.
- Allir sem kaupa nýjan bíl fá flugmiða fyrir tvo með Icelandair.
- Allir afmælisgestir geta unnið ferðir á Formúluna eða á HM í frjálsum.
- Formúlubíll á staðnum og formúlugjafir fyrir þá sem reynsluaka.

Veitingar í boði alla vikuna.

Láttu sjá þig og hafðu engar áhyggjur af afmælisgjöfum, þær eru á staðnum.

Opið laugardag og sunnudag frá kl. 12.00 til 16.00.

Í samstarfi við  **Glitni**


TODAY TOMORROW TOYOTA



ALLT Á FLOTI Rokkhátíðin í Glastonbury á Englandi hófst í gær, veðurguðunum greinilega til litillar ánægju. Á meðan gestir hátíðarinnar, alls um 100.000 manns, komu sér fyrir á hátíðarsvæðinu opnuðust flóðgáttir himins.



VIÐURKENNINGIN AFHENT Vilborg Anna Björnsdóttir tekur hér við viðurkenningunni ásamt dætrum þeirra Sigurðar, Sólveigu og Önnu. Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæjar er með þeim á myndinni

Bæjarlistamaður:

Jazz á hug hans allan

GARÐABÆR Sigurður Flosason hefur verið útnefndur bæjarlistamaður Garðabæjar árið 2005. Sigurður er saxófónleikari og tónskáld og þó hann hafi víða komið við í íslenski tónlist á jazzinn hug hans allan.

Sigurður hefur gefið út tíu geisladiska í eigin nafni og spilað inn á fjölda annarra. Hann hefur tvisvar hlotið íslensku tónlistarverðlaunin og tvívegis verið tilnefndur til tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs. Þá hefur hann einnig komið að margvíslegum nefnda- og stjórnunarstörfum tengdum íslensku tónlistarlífi. ■

Evrópuráðið þrýstir á Rússa:

Vilja afnám dauðarefsinga

FRAKKLAND. AP Þing Evrópuráðsins skorar á rússnesk stjórnvöld að afnema dauðarefsingu, að draga herlið sitt til baka frá Moldóvu og að saksækja þá sem bera ábyrgð á mannréttindabrotum, einkum í Tsjetsjeníu.

Einnig var skorað á Rússa að efla dómskerfið og auka samstarf við mannréttindadómstól Evrópu.

Rússland varð aðili að Evrópuráðinu árið 1996 og voru afnám dauðarefsingar og virðing fyrir landamærum nágrennaríkja helstu skilyrðin fyrir inngöngu þeirra í ráðið. ■

Ráðuneyti vilja ekki draga úr þjónustu:

Erfitt að fara að fjárlögum

FJÁRHEIMILDIR Ríkisstofnanir dansa línudans milli þess að brjóta fjárlög og uppfylla ekki lagalegar þjónustuskýldur sínar. Þetta segir Skúli Eggert Þórðarson, skattrannsóknarstjóri og formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana.

Hann segir að oft lendi stofnanir í erfiðleikum með að fara að fjárlögum. „Ef fjármunir duga ekki verða menn að haga rekstrinum í samræmi við það. Það kemur með öðrum orðum niður á þeirri þjónustu sem ríkisstofnanir veita. Það getur samt auðvitað ekki gengið að þær stofnanir skelli hreinlega í lás eftir tiltekinn tíma ársins þegar fjármunir eru búnir.“

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga eru ráðherrar gagnrýndir fyrir gefa forstöðumönnum ríkisstofnana of lausan tauminn þótt þeir séu komnir fram úr fjárheimildum. Um þetta segir Skúli Eggert: „Ég kannast við það, að í mörgum tilfellum vilja menn ekki draga úr þjónustunni því það er erfitt fyrir viðkomandi ráðuneyti, og hvetja menn til að halda áfram í þeirri von að takist að leysa úr vandanum.“ ■

RÍKISSTOFNANIR DANSALÍNUDANS Skúli Eggert Þórðarson, formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana, segir margar ríkisstofnanir eiga erfitt með að uppfylla skyldur sínar án þess að brjóta fjárlög.



Bensín aftur í Bjarkarlundi:

Esso lét undan þrýstingi

NEYTENDUR Olúfélagið Esso mun að öllum líkindum opna að nýju bensínslu félagsins í Bjarkarlundi eftir ákafan þrýsting frá íbúum og samtökum á Vestfjörðum.

Rúmur mánuður er síðan stöðinni var lokað og hún tekin niður en í staðinn verður settur upp bensínsluáfangi á sama stað í næsta mánuði. Er þetta gert að kröfu heimamanna en langt er á milli bensínstöðva á þessum slóðum auk þess sem umferð ferðafólks er mikil þarna á sumrin. ■

Klofin þjóð að kjörborðinu

Íranar gengu að kjörborðinu í gær í annað sinn á einni viku. Hashemi Rafsanjani og Mamhoud Ahmadinejad tókust á um forsetaembættið en vitað var að mjótt yrði á mununum. Endanleg úrslit liggja fyrir í dag.

TEHERAN. AP Síðari umferð írönsku forsetakosninganna var haldin í gær en þá kusu landsmenn á milli þeirra Hashemi Rafsanjani og Mamhoud Ahmadinejad. Kjörsókn var svo góð að kjörstaðir voru opnir langt fram á kvöld. Búist er við endanlegum úrslitum í dag.

Enginn fékk hreinan meirihluta í fyrri umferð kosninganna sem haldin var 17. júní og því varð að kjósa aftur á milli þeirra sem flest atkvæði hlutu, Rafsanjani, sem gegndi forsetaembættinu á árunum 1989-97 og Ahmadinejad, borgarstjóra í Teheran og harðlínumann.

Rétt eins og í síðustu viku var kjörsókn svo góð að kjörstaðir voru hafðir opnir lengur en í fyrstu var áformað. Langar biðraðir mynduðust jafnt í fátækrahverfum höfuðborgarinnar svo og í ríkari borgarhlutum.

Sú staðreynd að Rafsanjani og Ahmadinejad bitust um forsetaembættið endurspeglar klofning þjóðarinnar. Rafsanjani nýtur stuðnings frjálslyndra mennta- og viðskiptamanna sem vonast til að þeim umbótum sem Mohammad Khatami, fráfarandi forseti, barðist fyrir verði framhaldið. Ahmadinejad sækir hins vegar fylgi sitt til alþýðunnar sem telur sig hafa farið á mis við ávæxti umbótanna og sé jafn fátækur nú sem endranær. Stuðningur við byltinguna á sínum tíma var einmitt mestur úr röðum almúgans og hann leggst gegn róttækum breytingum á hinni trúarlegu þjóðfélagskipan.

„Ég styð Ahmadinejad í Guðs nafni,“ sagði Masoud Memarian, ungur kjósaandi í Teheran. „Þjóðinni verður steypt í glötun komist harðlínumann til valda,“ sagði hins vegar Daryoush Hamadi, þrítugur stuðningsmaður Rafsanj-



MAHMOUD AHMADINEJAD Ahmadinejad er fyrrverandi yfirmaður heraflans og gegnir nú stöðu borgarstjóra Teheran. Harðlínumann stýlja hann í kosningunum en jafnframt hefur alþýða manna fylkt sér á bak við hann.

ani, á kjörstað í höfuðborginni.

Ærinn starfi biður nýs forseta landsins. Hann þarf í fyrsta lagi að huga að efnahagsumbótum því atvinnuleysi í Íran er umtalsvert, um þrjátíu prósent að því að talið er. Lýðræðisumbætur eru jafnframt nauðsynlegar í landinu þar sem öll raunveruleg völd hvíla í höndum klerkastjórnarinnar sem starfar í eigin umboði.

Enn fremur biða forsetans erfiðar samningaviðræður við Vesturlönd um kjarnorkumál. Íranar halda því fram að kjarnorkuáætlun þeirra feli eingöngu í

sér þróun kjarnorku í friðsamlegum tilgangi en því eiga stjórnvöld á Vesturlöndum, sérstaklega í Washington bágst með að trúa.

Úrslit kosninganna liggja fyrir í dag en síðustu spár bentu til þess að mjög mjótt yrði á mununum. ■

HASHEMI RAFSANJANI Rafsanjani gegndi forsetaembættinu á árunum 1989-1997. Mennta- og viðskiptamenn vonast til þess að hann sigri enda hyggst hann halda áfram þeim umbótum sem Khatami fráfarandi forseti hefur barist fyrir.



Bílastæðisgjald við Leifsstöð er þyrnir í augum FÍB:

Ný skattlagning á bíleigendur

NEYTENDUR Nýupptekin bílastæðisgjöld við Leifsstöð eru að mati Félags íslenskra bifreiðaeigenda FÍB ekkert annað en nýr skattur á bíleigendur.

Frá og með 10. maí hefur fólki verið gert að greiða hundrað krónur ætli það sér að leggja bíl sínum í skammtíma-stæði við stöðina. Hefur það vakið óánægju enda eru langflestir annað hvort að keyra fólk í flug eða sækja og sjaldgæft að stoppað sé lengur en nokkrar mínútur.

Rökin fyrir gjaldinu eru að margir hafi misnotað skammtíma-stæðin og lagt bílum sínum þar meðan farið var til útlanda. FÍB telur þau rök hins vegar haldlítill enda hafi miklar tafir og óþægindi hlotist af eftir að gjaldhlið voru sett upp. Fá forsvarsmenn Leifsstöðvar felleinkunn fyrir þjónustulund og skilvirkni að mati félagsins. - aðe



TAFIR Mörgum gremjast þær tafir sem orðið hafa á skammtíma-stæðum við Leifsstöð eftir að gjaldtökbúnaður var settur þar upp fyrir skömmu.

★ Heineken

Innsýn í næturlífið

www.heineken.is

Fjölbreytt úrval í Nóatúni!

NORÐLENSKA

GRÍSAFILLET
ÚR KJÖTBORÐI

1.499 kr. kg

25%
afsláttur
við kassa

Grillað portúgalskt grísafilet

1 kg grísafilet skorð í 2 cm þykkar sneiðar

1 flaska **Nando's** Portuguese BBQ

BADIA Poultry Seasoning krydd

Kjötið er látið liggja í kryddleginum í 1 klst. við stofuhita.

Grillið er hitað vel. Kjötið tekið úr leginum á meðan og léttkryddað með Badia Poultry Seasoning. Því næst er kjötið grillað í 2 mínútur á hvorri hlið við miklum hita og að lokum í 3-4 mínútur á hvorri hlið við minnsta hita.

Borið fram með Rucolasalati, bakaðri kartöflu og kaldri sósu.

SPARAÐU

43%
afsláttur
við kassa

BAUTABÚRS
GRILLBORGARAR
4 STK + BRAUÐ
299 kr. pk.
Þú sparar 229 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 528 kr./pk.

37%
afsláttur
við kassa

SS HELGARSTEIK
RAUÐVÍNSLEGIN
EÐA GRAND ORANGE
995 kr. kg
Þú sparar 584 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 1.579 kr./kg.



STEIKARHNIÐFAPÖR
12 STK
1.290 kr. pk.




NÓATÚN

OPIÐ
TIL
KL. 21
ALLA
DAGA

SVONA ERUM VIÐ

Verðmæti sjávaraflla Íslendinga í milljörðum talið

Heimild: HAGSTOFAN



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: STOFNFÉ

Verðtryggður sparnaður sem veitir völd

Mikið hefur verið fjallað um Sparisjóð Hafnarfjarðar á undanfnum dögum og þá valdabaráttu sem þar á sér stað. Margir stofnfjareigendur í sparisjóðnum munu hafa fengið tilboð í stofnfjarsbréf sín og talið er líklegt að hver og einn geti selt þau fyrir á fimmta tug milljóna króna.

Hvað er stofnfé?

Stofnfé er eins konar verðtryggður innlánsreikningur sem veitir eigendum þess atkvæðisrétt á aðalfundum. Eigendurnir leggja inn peninga í sparisjóð og fá stofnfjarsbréf. Eigið fé sparisjóðsins byggist annars vegar upp á stofnfé og hins vegar varasjóði sem myndast þegar sparisjóðurinn skilar hagnaði. Stofnfjareigendur geta ekki gert tillit til varasjóðsins ef sparisjóðurinn er leystur upp, ólíkt því sem gerist um hlutafélag.

Ber stofnfé arð?

Stofnfé gefur af sér arð með ferns konar hætti. Í fyrsta lagi má hækka það á hverju ári sem nemur árlegri hækkun neysluverðsvisítölu. Í öðru lagi getur sparisjóður greitt stofnfjareigendum vexti samþykki aðalfundur svo. Arðurinn er greiddur af uppfærðu stofnfé. Greiða má arð jafnvel þótt sparisjóðurinn skili tapi. Í þriðja lagi er heimilt að hækka stofnfé með sérstöku endurmati. Þá er tíu prósentum af hagnaðinum varið til að hækka stofnféd þannig að það hækki að hámarki um fimm prósent. Í síðasta lagi er heimilt að selja stofnfé á hærri gengi en einum og þá getur hugsanlega myndast hagnaður.



Er hægt að kaupa stofnfé?

Víðskipti með stofnfé eru háð ýmsum takmörkunum. Sparisjóðsstjórn þarf alltaf að samþykkja eigendaskipti. Stofnfé gengur ekki kaupum og sölum á markaði nema á stofnfjarsmarkaði SPRON. Upphaflega stofnuðu bæjarbúar, sveitarfélög eða starfsstéttir sparisjóðina, og lögðu inn stofnfjarsframlög, en í dag býður sparisjóðurinn mönnum að gerast stofnfjareigendur, til dæmis traustum víðskiptavinum.

SPURT & SVARAÐ

ÁHRIF ELDSNEYTISVERÐS VIÐ BÍLAKAUP



KARL STEINAR ÓSKARSSON
Sölustjóri hjá Ingvari Helgasyni.

Sparneytni skiptir máli

Sala nýrra bíla hefur gengið afar vel það sem af er þessu ári og mun betur en flestir gerðu ráð fyrir. Hækkandi bensínverð virðist lítil áhrif hafa samkvæmt Karli Steinari Óskarssyni, sölustjóra hjá Ingvari Helgasyni.

Hefur hækkandi verð á eldsneyti áhrif á bílakaupendur? Það er enginn vafi á að eldsneytisverð hefur meiri áhrif á bílakaupendur en áður og sérstaklega spyr fólk sem ætlar að fá sér dísilbíl margs um breytingar sem verða á olfugjaldinu í júlí. Almennt má segja að sparneytni eða eyðsla bílsins skipti máli, en mig grunar að fólk velti sparneytni enn sem komið er ekki mikið fyrir sér þegar kemur að bílakaupum.

Er dísilbíl betri kaup en bensínbíl? Vélar í nýjum dísilbílum eru orðnar mun sparneytnari en bensínvélar. Til dæmis eyðir dísiljeppi frá okkur um 11 lítrum á hundraðið í blönduðum akstri en sambærilegur bensínbíl fer alveg upp í 17 eða 18 lítra.

Hvernig fjármagnar fólk bílakaup sín? Mikill meirihluti kaupenda fjármagnar kaup sín með bilasamningum eða bílalanum af einhverju tagi.



HLEMMUR EFTIR BREYTINGAR Betri aðstaða er nú fyrir strætisvagna við Hlemm en var og stansa nú engir vagnar lengur Laugavegarmegin við biðstöðina. Næsta skref er að lagfæra húsnæðið sjálf og er sú vinna hafin.

Austurbærinn fær andlitslyftingu

Seint verður full sátt um þær skipulagsbreytingar sem borgaryfirvöld íhuga í miðborginni. Fyrir stuttu voru kynntar tillögur nokkurra reita við Hlemm og næsta nágrenni en gangi þær eftir munu þúsund nýjar íbúðir standa almenningi til boða á eftirsóknarverðum stöðum nálægt miðbænum.

SKIPULAGSMÁL Miðbær Reykjavíkur mun taka enn meiri stakkaskiptum næstu misserin ef allar skipulagstillögur sem kynntar hafa verið af hálfu borgaryfirvalda vegna Hlemms og nálægra svæða verða að veruleika. Tillögurnar sem kynntar voru undir nafninu Hlemmur + munu breyta ásjúnd næsta umhverfis svæðisins verulega frá því sem nú er og gangi allt eftir standa um þús-

und nýjar íbúðir almenningi til boða á svæðinu innan fárra ára.

Hlemmur gjörbreytt

Hlemmur hefur þegar tekið breytingum síðustu mánuði frá því sem áður var enda stutt í að nýtt leiðakerfi Strætó taki gildi, en forsenda þess var að gatnaakerfinu við Hlemm yrði breytt til að nýja kerfið gagnaðist sem skyldi. Breytingunum er að mestu lokið og aðeins frágangur eftir en fyrirhugaðar eru enn fremur breytingar á biðstöðinni við Hlemm í framhaldinu. Er ætlunin að gera stöðina vistlegri en verið hefur, enda staðurinn verið heldur óvistlegur undanfarin ár með þeim afleiðingum að margir veigra sér við að fara þar inn. Er vonast til að yfirstandandi andlitslyfting breyti hugarfari borgarbúa en ef það dugar ekki til er ekki loku fyrir það skotið að rífa stöðina og byggja nýja frá grunni. Hafa þær hugmyndir verið víðræðar en þá með þeim hætti að stöðin yrði meiri umferðarmiðstöð í takt við það sem gerist á umferðarmiðstöðinni við BSÍ.

Íbúavænt við Einholt og Þverholt

Skipulagstillögur gera ráð fyrir að svæðið milli Einholts og Þverholts, þar sem nú eru gamla DV-húsið og Sól-Víking byggingin, fari að mestu undir nokkurra hæða íbúðarhúsnæði. Óljóst er hvort neðstu hæðir þeirra bygginga nýtist sem verslunar- eða skrifstofuhúsnæði en það verður ákveðið síðar.

Í dag er staðan sú að fyrirtækjum í viðkomandi götum hefur fækkað mjög og lítil sem engin starfsemi er í mörgum

þeirra. Þykir því eðlilegra að miða skipulag við íbúðarbyggð og hafa arkitektar reynt að hanna byggingar sem falla að einhverju leyti að þeim húsum sem fyrir eru. Þó liggur fyrir að fyrirhugaðar byggingar verða talsvert hærri en þær sem fyrir eru.

Gjörbreyting við Borgartún og Sóltún

Svokallað Höfðatorg mun rísa á reit beint á móti Höfða í Borgartúninu. Er um mikið mannvirki að ræða sem hýsa á blandaða atvinnustarfsemi af ýmsum toga en á lóð fyrir miðju þess verður geysimikið torg sem hugsað er sem útivistarsvæði og almennur samkomustaður.

Hafa deilur hafa sprottið upp um fyrirhugaða stærð og hæð Höfðatorgs en aðall byggingarinnar verður hár turn sem sést víða að og gnæfir yfir allar aðrir byggingar í grenndinni. Ekki

liggur alveg ljóst fyrir enn hvernig lokaútlit Höfðatorgs mun verða þrátt fyrir að vinna við bygginguna sé hafin fyrir margt löngu.

Annað svæði sem einnig tekur breytingum gangi hugmyndir eftir er á Sóltúni, nánar tiltekið þar sem íþróttafélagið Ármann hefur haft aðstöðu sína um árabil. Hugmyndir gera ráð fyrir íbúðarbyggð á þeim stað en eins og með Höfðatorgið hafa verið uppi mótmæli vegna þeirra tillagna.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir fjölbýlishúsum, fræðslustofnun og almenningsgarði en enn fremur er gert ráð fyrir að hjúkrunarheimilið Sóltún stækki í framtíðinni. Á meðfylgjandi korti sjást þær hugmyndir sem uppi eru í dag en þær geta tekið breytingum enda ekki um endanlega útfærslu að ræða.

albert@frettabladid.is



SKIPULAGSTILLÖGUR Í SÓLTÚNI Á teikningunni frá VA arkitektum má sjá þær tillögur sem uppi eru um skipulag á því sem kallast hefur Ármannssvæðið. Ekki er þó um endanlega útfærslu að ræða og gætu tillögurnar því tekið breytingum næstu misseri.

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefur þú örugglega fengið Fréttablaðið í morgun, og þarft sennilega ekkert að hringja í síma 550 5000 til að láta vita að þú hafir ekki fengið neitt blað í morgun.

En ef þú þekkir einhvern sem hefur **ekki fengið Fréttablaðið**, biddu hann endilega um að láta okkur vita, því annars er þessi auglýsing alveg gjörsamlega tilgangslaus.

NÚMERIÐ SEM EG
ÆTLA AÐ HRINGJA
Í EF FRÉTTABLAÐIÐ
KEMUR EKKI:

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



Petúniur
3 stk.

599

Trjáplöntu markaður

allt að
60%
afsláttur

Trjáplöntur, allt að 100 sm

Birki, **499** verð áður 865
Reyniviður, **999** verð áður 1470
Grákvistur, **999** verð áður 1999
Gullregn, **999** verð áður 1999

...allt að 80 sm

Gráölmur, **699** verð áður 1490

...allt að 60 sm

Grákvistur, **599** verð áður 1299
Stafafura, **699** verð áður 1440
Fjallapínur, **699** verð áður 1390

...allt að 50 sm

Blágreni, **599** verð áður 899
Sitkagreni, **599** verð áður 899
Sýrena, **499** verð áður 999

Loðvíðir, **299** verð áður 499
Skriðmispill, **799** verð áður 1699
Hansarós, **399** verð áður 975
Fjallarós, **599** verð áður 1190
Ryðber, **599** verð áður 1290



Margaríta

499



Háskólaútskrift
afskornar rósir á tilboði 10 stk. **999**


blómaval
heillandi heimur

Sigtún - Grafarholt - Kringlan - Smáralind
- Akureyri - Keflavík - Selfoss -



Vnr.74819169

Pallahreinsir

BOSCH Pallahreinsir fyrir háþrýstidælur. Pallahreinsir hreinsar pallinn, stéttina og hellurnar með háþrýstispissum og því þarf ekki að slípa áður en boríó er á.

9.900

~~11.990~~

Vnr.74810100


Háþrýstidæla

BOSCH AQUAT 100 háþrýstidæla, 100 bör, 1400W, 330 ltr/klst. Þyngd 6 kg.

6.490

~~8.552~~

hafðu það gott



FRÁBÆART VERÐ

Vnr.53323004

Sláttuorf

McCulloch sláttuorf, 25 cc tvingis bensínmotor sem er 0,7 hestöfl, sláttubreidd 43 cm, vegur 3,5 kg.

12.900

McCULLOCH

Vnr.53322995

26.900

Sláttuvél

PARTNER sláttuvél með fjörgengis Briggs & Stratton Classic Q40 motor. Vélin er 4 hestöfl. Sláttubreiddin er 56 cm og stillanleg sláttuhæð. Stór hjól að aftan, hentugt í sumarbústaðinn.

Vnr.53323021

19.900

Sláttuvél

PARTNER sláttuvél með fjörgengis Briggs & Stratton Classic Q40 motor. Vélin er 4 hestöfl. Sláttubreiddin er 50 cm.

Vnr.50112300

Útigrill

PALAZZETTI útigrill, grillflötur 68x40 cm, stærð: 128x64x230 cm. Fæst í BYKO Breidd, Selfossi og Glerártorgi á Akureyri.

49.900

Vnr.50701093

Útiarinn

Útiarinn Veracruz. Hæð 105 cm.

8.900

~~11.900~~

Vnr.50640102

44.900

~~49.900~~

Gasgrill

PHOENIX gasgrill, 3 brennarar, ryðfrír hjálmur, hitamælir. Pottjárn í grillgrind og brennurum. Grillflötur 65x49 cm. Álgrind og gler í hliðarborði og undirborði.

Vnr.50630001

4.450

~~5.990~~

Ferðagasgrill

OUTBACK ferðagasgrill, 42x27 cm grillflötur, grillgrind úr pottjárn.

3.990

Vnr.41622054
Partítjald
Partítjald, 3x3 m.

Vnr.41622002
Sólhlíf
Sólhlíf úr áli, bogadregin, 290 cm.
4.990
5.990

Bestu BYKO kaupin
Það Besta Sem Við Búðum

Vnr.41622018
Sólhlíf
Sólhlíf, tré. Sveif til að hækka og lækka, 270 cm í þvermál, hæð 250 cm.
1.990

Vnr.88098157/8
Útilegustóll
Útilegustóll, grænn eða blár.

Vnr.41622055/6
Verð frá
Partítjald 12.900
Partítjald, 3x6m, 3 hliðar, 2 gluggar. kr. 12.900
Partítjald, 3x9m, 3 hliðar, 2 gluggar. kr. 18.900
Fæst í BYKO Breidd.

Í ALLT SUMAR!

Fura alhefluð

Vnr.0058254	22x95 mm A-gagnvarið	94 kr./lm	117
Vnr.0058324	27x95 mm A-gagnvarið	117 kr./lm	167
Vnr.0058504	45x95 mm A-gagnvarið	157 kr./lm	209
Vnr.0058506	45x145 mm A-gagnvarið	238 kr./lm	317
Vnr.0059954	95x95 mm A-gagnvarið	318 kr./lm	425

Vnr.0051382
Fura/greni
Alhefluð þurrkað 12-14%, 34x45 mm.
108 kr./lm
~~135~~

Vnr.0071144
Panill
Panill, baðstofufura, 12x95 mm.
78 kr./lm
~~93~~

Vnr.0072164
Panill
Panill, greni breiðnót, 12x95 mm.
78 kr./lm
~~93~~

LANDSLAGS-arkitekt

Í ár eins og undanfarin ár hefur Björn Jóhannsson landslagsarkitekt séð um ráðgjöf fyrir viðskiptavinum BYKO frá því snemma í vor. Nú eru síðustu forvöð að skrá sig á þessu sumri.

Hringið í skiptiborð BYKO í síma 515 4000 og pantið tíma.

Hver viðskiptavinur fær hálf tíma ráðgjöf sem kostar 3000 kr. en þær fást endurgreiddar við kaup á palla- og girðingaefni.

Til þess að ráðgjöfin nýstist viðskiptavinum okkar sem best eru þeir beðnir um að koma með eftirfarandi gögn þegar þeir mæta í ráðgjöfina:

- Grunnmynd af húsi og lóð í kvarðanum 1:100 (ekki smækkað afrit).
- Útlitsteikningu af húsinu
- Afstöðumynd lóðar í kvarðanum 1:500 (er oft á sömu teikningu og grunnmyndin).
- Ljósmyndir ef til eru sem sýna lóð og hús.

Afrit af teikningum er hægt að fá hjá byggingafulltrúa hvers sveitarfélags.

Skráðu þig strax í síma 515 4000

hafðu það gott í sumar

BYGGIR MEÐ ÞÉR

skoðun

SJÓNARMÍÐ
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

Samkeppnin á götublaðamarkaðnum á Íslandi er komin út í öfgar.

Blaðamennska á villigötum

Subbulegri blaðamennsku er að vaxa ásmegin á Íslandi. Hún á lítið sem ekkert skylt við heidarlega og trausta fjölmiðlun enda virðist hún í mörgum tilvikum til þess eins gerð að niðast á fólki sem á erfitt eða ómögulegt með að svara fyrir sig. Vikuritið Hér og nú, sem gefið er út af 365 prentmiðlum, hefur stungið sér kollskít í þessum efnum á síðustu dögum. Þar er gengið svo nærri einkalífi fólks að jafna verður við alvarlegt einelti. Og tilgangurinn virðist helga meðalið.

Hér og nú hefur lagt sig í líma við að segja frá hjónaskilnaði tónlistarmannsins Bubba Morthens og Brynju Gunnarsdóttur og eftirmálum hans á undanföllum vikum. Í byrjun þessa mánaðar sló blaðið því upp á forsíðu að Bubbi hefði nælt sér í tannlækni, tveimur vikum seinna var sagt frá því með upphröpunarmerki að Bubbi væri fallinn. Þegar nánar var að gáð var „fall“ Bubba tengt vindlingi í munnaviki hans. Hann var sumsé byrjaður að reykja á ný. Augljóst er hins vegar hvað var verið að gefa í skyn á þessari forsíðu blaðsins. Í þessari viku var svo komið að þætti Brynju í skilnaðarmálinu og hún sögð hafa haldið framhjá Bubba. Til að herða enn frekar á sögunni var rætt við konu í Garðabæ sem lýsti því í smáatriðum hvernig fyrrverandi maður hennar og Brynja áttu að hafa dregið sig saman. Frásögnin var einhliða.

Gott og vel.

Blaðamennska með upphröpunarmerkjum hefur viðgengist hér á landi um nokkurra ára skeið. Vikuritið Séd og heyrt reid á vaðið í þessum efnum og hefur nálgast einkalíf fólks með margvíslegum hætti, jafnt til þæginda sem óþæginda fyrir viðfangsefni sín. Sama verður sagt um DV, sem rekur ágenga fréttastefnu. Eftir því sem best verður séð ætlar nýr keppinautur Séd og heyrt að ganga skrefi lengra. Hér og nú vilur ekki fyrir sér að grafast fyrir um viðkvæmustu persónuupplýsingar og matreiða þær að sínum hætti til birtingar fyrir alþjóð. Þetta er subbuleg samkeppni. Og vel má vera að hún eigi eftir að versna, enda virðist býsna auðvelt að selja fólki aðgang að skráargötu. Og um það snýst reyndar leikurinn, ef leikurinn kalla – að selja. Og selja hvað sem er.

Brýnt er hins vegar að almenningur viti að blaðamennska af þessu tagi er afar umdeild innan raða blaðamanna sjálfrá, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Hér verður fullyrt að flestum íslenskum blaðamönnum hrjósi hugur við blaðamennsku af þessu tagi sem sviptir upp útihurðinni á heimilum fólks og æðir beint inn í svefnherbergið á skítugum skónum. Flestir blaða- og fréttamenn vinna eftir gagnsæjum og auðskildum síðareglum en þar fyrir utan vita allir hver mörkin eru á milli viðkvæmra persónuupplýsinga og fréttæmra atburða sem eiga erindi við alþjóð.

Þá er og vert að hafa mannvirðingu að leiðarljósi þegar skrifað er um einkahagi fólks. Það vita allir heilvita menn hvenær og hvað meidir. Meginhluti af efni þeirra blaða sem hér hafa verið nefnd er prýðilegt lesmál og lipurlega skrifað – og því sker skömmun í augu. Trúverðugri blaðamennsku verður að fylgja snefill af dómgreind og helst einhver slatti af henni. Það er ágæt regla blaðamanna að setja sig í spor þeirra sem um er skrifað. Það heitir samkennd á mannamáli. Hitt er ástæðulaust; að leiða mannfyrirlitningu inn í íslenska blaðamennsku.

Stökktu til Mallorca

29. júní frá kr. 29.990

Örfá sæti

29.990 í viku

/ 39.990 í 2 vikur

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð. Flug, gisting, skattar og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 29. júní í 1 eða 2 vikur.

39.990 í viku

/ 49.990 í 2 vikur

Netverð á mann, m.v. 2 í stúdíó/íbúð. Flug, gisting, skattar og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 29. júní í 1 eða 2 vikur.

Frábært tilboð til Mallorca þann 29. júní. Njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað. Þú bókar og tryggir þér síðustu sætin og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú býrð.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Nýr Mosfellingur

Þegar dregur að sumarlokum tekur Jón Baldvin Hannibalsson sendiherra sig upp frá höfuðstað Finnlands og tekur haustskipið heim til Íslands. Ekki setur hann þjónkur sínar niður við Vesturgötuna enda svarta báru-



járnhúsið hans í Vesturbænum löngu selt. Jón Baldvin á hins vegar bústað góðan uppi í Mosfellssveit og hefur látið bæta hann mjög og stækka á undanliðnum árum. Er allt eins búist við því að gamli kratinn hyggist setjast þar að ásamt Bryndísi konu sinni að afloknum sendiherrastörfum í Bandaríkjunum og síðar Finnlandi ...

Kraginn kitlar

Þetta þýddi að Jón Baldvin settist að í Kraganum, því fjölmenna kjördæmi sem hefur verið eitt höfuðviga jafnaðarmanna um áratugaskeið. Og nákvæmlega í því sama kjördæmi er lausta oddvita Samfylkingarinnar á Alþingi en Guðmundur Arni Stefánsson er að hverfa til sendiráðsstarfa í Sví-

þjóð á næstu mánuðum. Þeir sem þekkja til gamla baráttujaxlsins Jóns Baldvins segja að hann geti vel hugsað sér að skella sér á ný í pólitíska slaginn þegar líður að næstu alþingiskosningum eftir rökkegla eitt ár eða svo ...

Ævisagan ósögð

Annars bíða menn spenntir eftir því að Hannibalsson klári ævisögu sína en fyrra bindið kom út fyrir nokkrum árum í samantekt Kolbrúnar Bergþórsdóttur blaðamanns og var einkar vel tekið. Biðin eftir seinna bindi bókarinnar kann hins vegar að eiga sér þá eðlilegu skýringu að Jón Baldvin hafi ekki sagt sitt síðasta orð í íslenskrí pólitík ...

gm@frettabladid.is

Hnignun einstaklingsbundinna réttinda

Það deilir líklega enginn um að Gamla Ísland – samfélag í helgreipum samtryggingar viðskipta, stjórn mála og ríkisvalds – er að hverfa. Það er sáralítið eftir af þessu kerfi nema löngunin ein í lund fáeinna stjórn málaforingja. Og stöðuveitingar þeirra; þegar þeir annað hvort ráða dygga flokkshesta sem ríkisforstjóra eða skipa sjálfa sig sendiherra. En boðleiðir hins gamla kerfis virka ekki lengur utan stjórn málaflökkanna. Vilji foringjanna nær ekki lengur fram í stóru sem smáu. Samfélagið er orðið opnara og margbreytilegra, völdin dreifðari, ákvarðanir byggðar á fjölbættari hagsmunum – lífið litríkara.

Ekki veit ég af hverju Íslendingar leyfðu þessu gamla kerfi að vaxa og dafna lungann úr síðustu öld. Kannski voru þeir of óöruggir í barnungu lýðveldinu. Trúðu ekki að þeir gætu í raun og sann skapað sér gott samfélag. Vissu ekki hvort þeir ættu það skilið. En nú skiptir ástæðan ekki máli – nema ef við gætum fyrirbyggt að lenda aftur í annarri eins vitlesu.

Hins vegar skulum við ekki fagna of snemma þótt við séum líklega laus við mest af heimsku hins Gamla Íslands. Nýtt samfélag rúmar líka heimsku. Og óréttlæti. Og getur líka getið af sér kerfi súnar á mannlegum hæfileikum, þrótti og sjálfsbjargarviðleitni. Og hættan liggur ekki hjá viðskiptaköllunum – sem Styrmir á Mogganum er alltaf að vara okkur við. Ómengaður kapítalisminn er svo séður að hann steypir þeim viðskiptaköllum á hausinn sem ná ekki að laga sig að þörfum og væntingum samfélagsins. Við-

LAUGARDAGSBRÉF

SKRIFAR UM AFTURKALL
GRUNÐVALLARRÉTTINDA.

GUNNAR SMÁRI
EGILSSON



skiptakallar verða ekki hættulegir nema þegar ríkið snýr á kapitalismann og kippir lögmáli markaðarins úr sambandi. Nei, viðskiptakallarnir eru í raun sauðmeinausir þótt þeir kunni að finna til sín. Á endanum hefur markaðurinn – það er almenningur – velgengi þeirra og fall í hendi sér.

Hættan í hinu nýja samfélagi, sem er að myndast á rústum hins gamla, liggur auðvitað innan ríkisvaldsins því ekkert fyrirbrigði annað er nógu öflugt til að skapa almennings raunverulegan háska. Við sjáum þegar nokkur merki þess að við ættum fljótlega að hætta gleðilátum okkar yfir falli hins gamla kerfis og fara að safna vopnum okkar að nýju.

Tökum dæmi. Hvað er langt síðan bóndi gat byggt sumarhús á jörð sinni? Það er ekki svo langt síðan – kannski fimmtán ár. Núna er ómögulegt fyrir bóndan að byggja sumarhúsið sitt án þess að fá fyrst til þess leyfi hjá yfirvöldum. Á síðustu fimmtán árum eða svo hefur eignarréttur hans verið skertur svo hann má ekki lengur byggja sér hús á sínu eigin landi. Valdið yfir hinu óbyggða húsi er komið í hendur á einhverjum allt öðrum manni, sem vinnur frá

nú til fimm (með hálf tíma í mat og korter í kaffi) á skrifstofu byggingarfulltrúa. Þessi maður fer með eignarréttinn á landi bóndans þótt bóndinn sé vissulega skráður sem eigandi og borgi eignarskatt af jörðinni – skatt sem rennur meðal annars til að borga mannum á skrifstofu byggingarfulltrúans laun. Þótt almenningur hafi verið ár og aldir að berjast fyrir vernd eignarréttar síns gagnvart yfirvöldum hefur enginn í okkar samfélagi kvartað undan skipulagðri afturköllun hans á undanföllum árum.

Dæmið af bóndanum er léttvægt í samanburði við raun foreldra sem þurft hafa að sækja forræði yfir börnum sínum til bæjarstarfsmanna. Í þeim deilum er rétturinn allur bæjarins. Börnin eru eign hans. Foreldrarnir hafa þau aðeins að láni svo lengi sem bærinn treystir þeim eða kærir sig um.

Og á milli bóndans og foreldranna er endalaus röð dæma um hvernig þau réttindi sem forfeður okkar börðust fyrir – rétturinn til að haga lífi sínu eftir eigin höfði, eigin getu og eigin vilja – eru hægt og bitandi tekin af einstaklingunum í samfélaginu. Og ef forfeður okkar börðust fyrir þessum réttindum af aðáunaverðri elju og krafti gefum við þau eftir af álíka sérstæðum vesaldómi – sömu kennd og var grundvöllur og sífelld endurnýjun Gamla Íslands.

Þannig er það. Það er ekkert sjálfsgætt við að einstaklingar fái að ráða lífi sínu. Þeir hafa linnulaust þurft að berjast fyrir rétti sínum til mannsæmandi lífs og munu þurfa þess lengi enn um sinn. ■



LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skatahlíð 24, 105 Reykjavík AÐAL-SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

HELGARSPRENGJA!



**SPARIÐ
49.950,-**

**50%
AFSLÁTTUR**

„ORLANDO“ HÆGINDASTÓLL

Ekta húsbóndasófi, þeir gerast ekki þægilegri en þetta. Glæsilegir sófar sem hægt er að halla baki og upp kemur fótstæmi, fánlegir 3ja sæta og 2ja sæta með ekta leðri á öllum slitflötum.

3 SÆTA SÓFI VERÐ ÁÐUR : 99.900,-

NÚ ADEINS : 49.950,-

2 SÆTA SÓFI VERÐ ÁÐUR : 79.900,-

39.950,-



**SPARIÐ
4.450,-**

**50%
AFSLÁTTUR**

„BOLOGNA“ HILLUSAMSTÆÐA

Falleg hillusamstæða með mörgum hillum og CD rekka, sjón er sögu ríkari.

VERÐ ÁÐUR: 12.900,-

6.450,-



„ANETA“ BÓKAHILLA

Falleg bókahilla í beykilit.
St. H: 175 x
B: 60 x D: 24 sm.

VERÐ ÁÐUR: 3.990,-

1.995,-



**50%
AFSLÁTTUR**

VERÐ ÁÐUR: 690,-

345,-

EIKARLYKLASKÁPUR

Fallegur lyklaskápur úr gegnheilli eik með 12 krókum og glerhurð.



„MARTIN“ SKRIFBORÐ

Furuskrifborð með hillum, skúffu og borðplötu úr MDF. St. B: 130 sm x H: 87 sm x D: 62 sm.

VERÐ ÁÐUR: 9.990,-

4.995,-

**50%
AFSLÁTTUR**

-góð kaup



**50%
AFSLÁTTUR**

„STELLA“ SPEGLAR

Fallegir og stílhreindir speglar á 50% afslætti.

St. 40x80 sm áður	2.490,-	NÚ..... 1.245,-
St. 55x85 sm áður	2.990,-	NÚ..... 1.495,-
St. 65x120 sm áður	3.990,-	NÚ..... 1.995,-
St. 60x140 sm áður	4.500,-	NÚ..... 2.250,-
St. 60x160 sm áður	4.990,-	NÚ..... 2.495,-



www.rumfatalagerinn.is

Smáratorgi 1
200 Kópavogi
510 7000
Póstkrafa
Smáratorgi 1
510 7020

Holtagörðum
v/Holtaveg
104 Reykjavík
588 7499

Skeifunni 13
108 Reykjavík
568 7499

Glerártorg
600 Akureyri
463 3333
Póstkrafa
Glerártorg
463 3333



DV Helgarblað



Karóki-Songvari sem treysir fáum



Hefur þú séð þú DV í dag

MAÐUR VIKUNNAR

Með storminn í fangið

SIGURÐUR ÞÓRÐARSON
RÍKISENDURSKOÐANDI

Mikið hefur mætt á Sigurði Þórðarsyni og samstarfsfólki hans í Ríkisendurskoðun síðustu daga. Nýlega var hæfi forsætisráðherra í ríkisbankasölu til athugunar hjá embættinu og í vikunni sendi það frá sér greinargerð um framkvæmd fjárlaga síðasta árs. Bæði málin hlutu talsverða umfjöllun, líkt og mörg önnur mál sem Sigurður og embætti hans hafa komið að.

Sigurður Þórðarson er Hafnfirðingur eins og þeir gerast mestir og bestir. Hann fæddist í Firðinum í desember 1941 og hefur búið í bænum allar götur síðan. Sem barn og unglingur þótti hann tápmikill og hávaðasamur og fyrirferðin var talsverð. Ólíkt flestum Hafnfirðingum telst hann hvorki til FH-inga né Haukamanna en ber taugar til Sundfélagsins sem hann var félagi í á yngri árum.

Sigurður lærði til loftskreytamanns og vann í tvö ár sem slíkur til sjós. Þaðan lá leiðin til Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar, sem í tíð Sigurðar eignaðist fyrstu tölvuna sem kom til landsins. Var hann því í hópi fyrstu manna sem unnu við tölvur á Íslandi. Sigurður réði sig því næst til Loftleiða og stýrði tölvuleidd fyrir-tækisins í sex ár. Starfinu fylgdu tíð ferðalög til skrifstofa Loftleiða beggja vegna Atlantsála og munu þau hafa farið illa í Sigurð sökum mikillar flughræðslu.

Árið 1973 kúventi Sigurður og réði sig til Ríkisendurskoðunar, þar sem hann vann í sjö ár áður en hann hélt til stafa í fjármálaráðuneytinu. Þar vann hann með fjórum ráðherrum; þeim Ragnari

Arnalds, Þorsteini Pálssyni, Albert Guðmundssyni og Jóni Baldvin Hannibalssyni.

1988 varð Sigurður aðstoðar-ríkisendurskoðandi og fjórum árum síðar ríkisendurskoðandi.

Sama er hvar borið er niður, alls staðar er látið vel af Sigurði og störfum hans.

gagnrýni. Unnið er í kastljósi fjölmiðlanna og skýrslur verða forsíðufréttir og pólitísk bitbein.

Athugasemdum tekur Sigurður af stóiskri ró, vegur þær og metur og svarar ef honum þykja efni standa til.

Menn sem hafa verið til athugunar hjá Ríkisendurskoðun vegna embættisverka sinna og ekki hlotið fyrstu einkunn bera honum líka vel söguna, segja hann sjálfum sér samkvæman og halda sjálfstæði sínu fullkomlega.

Sjálfur hefur Sigurður engin afskipti haft af stjórnárum utan að á yngri árum sat hann í stjórn Félags ungra sjálfstæðismanna í Hafnarfirði.

Vinnusemi Sigurðar er annáluð og í eina tíð gat hann unnið heilu sólarhringana án þess að lýjast. Það gæst líka af honum og í fjármálaráðuneytinu var hann stundum nefndur Sigurður stormur. Væri hann ósammála samstarfsfólki sínu var sagt í kerskni að það hefði Storminn í fangið. Að sama skapi má segja að Stormurinn hafi stundum haft storminn í fangið.

Hann þykir hressilegur í framkomu og skemmtilegur maður og á góðri stundu er hann hrókur alls fagnaðar.

Vinir Sigurðar hafa orð á tryggyndi hans og trausti og telja sig heppna að eiga hann að.

Sigurður Þórðarson á tvö áhugamál og sinnir þeim báðum af alúð. Það eru fjölskyldan og vinnan. Hann á þrjú börn með konu sinni Hinriku Halldórsdóttur, sem lést 2002.

Öll búa börnin og fjölskyldur þeirra í Hafnarfirði og samgangur milli þeirra er mikill. Hvern sunnudag borða þau saman og fær ekkert raskað þeirri hefð, nema ef vera skyldi ferðalög til fjarlæggra landa. ■



TEIKNING: HELGI SIGURÐSSON - HUGVERKAS

Stjórn-málamenn, hvar í flokki sem þeir standa, bera honum vel söguna, segja hann stálheiðarlegan, traustan og áreiðanlegan. Vita-skuld greinir menn á um niðurstöður úttekta og oft hafa hann og embættið mátt þola þunga

Aukaaðild að evrunni myndi hjálpa

Mikið er rætt í blöðum þessa daga um hugsanlegt stjórnuhrap á gengi krónunnar okkar. Búið er að trekkja gengi hennar upp með stýrivöxtum Seðlabanka Íslands sem nálgast tíu prósent. Þess má geta að evran er með tvö prósent stýrivexti sem menn í Evrópu vilja lækka. Hvað þá með okkar næstum tíu prósent stýrivexti? Þeir eru okur á almenningi og út úr öllu korti. Okurstarfsemi.

Við getum sótt um aukaaðild að evrunni (EMU) á sama hátt og við höfum aukaaðild að Evrópusambandinu með EES-samningnum svokallaða. Raunar erum við í Evrópusambandinu að mestu leyti með EES. Afneitum því samt í orði.

UMRÆÐAN
GENGI
KRÓNUNNAR



LÚDVÍK GÍZARARSON
LÖGMADUR

Flestar þjóðir Evrópu höfðu stóra varasjóði í dollurum áður en evran kom til. Slíkir dollarsjóðir voru dýrir en evran gerði þá óþarfa. Evran tók alla gengisáhættu af þessum ríkjum sem tóku evruna upp. Þau gátu selt sína gjaldeyrisvarasjóði eða lán-

að þá út. Þess vegna m.a. hafa allir í Evrópu viljað lána Íslandi evrun síðustu ár með góðum vöxtum. Þá þarf að lækka með aukaaðild (sbr. EES) að evrunni eða EMU sem er Myntbandalag Evrópu.

Við þurfum samstarf við evruna um lægri vexti hér á landi. Svo þarf evran að tryggja okkur fyrir gengishruni okkar íslensku krónu einn daginn eins og spáð er í blöðum að verði.

Með samstarfi við evruna og aukaaðild að henni lækka stýrivextir okkar á endanum úr um tíu prósent í tvö prósent og vextir á almenningi líka um leið. Verða brot af núverandi vöxtum. ■

NÝTT!

Ódýrar, ósamsettar innréttingar í eldhúsið, baðherbergið, svefnherbergið

HTH GÆÐIN Í FYRIRRÚMI

ORMSSON hefur boðið upp á HTH eldhús- og baðinnréttingar auk fataskápa undanfarin ár við vaxandi vinsældir, enda um fallegar og vandaðar vörur að ræða.

Nýlega hóf ORMSSON í Smáralind að bjóða „Settu það saman“ sem er ósamsett lína frá HTH. Þessi ósamsetti vöruflokkur HTH gefur fólki tækifæri á að fá enn meira fyrir peninginn – leggja til hæfilega handlagni og dálítinn dugnað og uppskera góðar innréttingar á einstöku verði. Enginn afhendingarfrestur er á innréttingunum svo þú getur bara tekið þær með þér heim.



NÝJASTA
ELDHÚSINNRETTINGIN
HORIZON HVID/3000



...og þvottahúsið.



Þú getur keypt tilbúinn kassa með nær öllum þeim áhöldum sem þú þarft að nota við uppsetninguna.
Kr. 2.590,-



Einn, tveir og tilbúið!
Það er ekkert vandamál við að setja lamirnar á og þú þarft engin verkfæri. Festingunni er einfaldlega smeltt í.



Lömunum er einfaldlega smeltt í og skápauppsetningin verður leikur einn.

Settu það saman og notaðu afganginn í **AEG** eldhústækin!

AEG heimilistæki á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI þegar keypt er HTH innrétting.

SETTU ÞAÐ SAMAN **HTH**

ORMSSON · SMÁRALIND

GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ – ORMSSON Í SMÁRALIND ER MEÐ FRÁBÆR TILBOÐ!

AEG
PAKKINN

Einstakt tilboð á hágæða AEG heimilistækjum.

Tilvalið í heimilið eða sumarbústaðinn!



AEG VIFTA
1200 D-W



AEG BAKSTURSOFN
B 3051-4-W



AEG HELLUBORD
111 K-W m/snúningssrofum

AEG veggofn
AEG helluborð
AEG vifta

Kr. 69.900

Áður kr. 105.474

HVÍTT **AEG** SETT
Í SÉRFLOKKI

HIN FULLKOMNA ÞRENNNA

AEG þvottavélar hafa þjónað íslenskum heimilum um áratuga skeið og reynst afburða vel. Þær eru nú betri en nokkru sinni fyrr. Gríptu tækifærið og fáðu þér eina (eða tvær) á **tilboðsverði!**



AEG
Lavamat 76820
1600/1200/1000/600 sn.
6 kg.
TILBOÐSVERÐ:
KR 90.000,-



AEG
Lavamat 74639
1400/1200/900/700/400 sn.
5,5 kg.
TILBOÐSVERÐ:
KR 74.900,-



AEG
Lavamat 52820
1200/1000/600 sn.
6 kg.
TILBOÐSVERÐ:
KR 69.900,-

ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ · ÍSLENSK NOTENDAHANDBÓK · 3JA ÁRA ÁBYRGÐ

TEFAL

Blandari
Tilboðsverð:
Kr. 4.990
Áður kr. 5.990



TEFAL

Straujárn
Tilboðsverð:
Kr. 3.690
Áður kr. 4.790



AEG

Matvinnsluvél
Tilboðsverð:
Kr. 9.990
Áður kr. 13.900



OPÍÐ:

Laugardag 11–18
Sunnudag 13–18
Sími: 530 2900

ORMSSON
SMÁRALIND

Nánari upplýsingar á www.ormsson.is

FATNAÐUR

DÖMU & HERRA

2.490



PUMA BIG CAT BAG Íþróttataska.
2.490. Verð áður: 3.490



3.990

VERÐ ÁÐUR 5.490



UMBRO 92 W HOODY Dömu hettupeysa úr bómull. Litur: Bleik.
Stærðir: S-XL. Kr. 3.990

2.990

VERÐ ÁÐUR 3.690



UMBRO 92 3/4 PANT Einstaklega léttar og þægilegar dömu kvartbuxur. Litir: Hvítar, ljósbláar. Stærðir: S-XL. Kr. 2.990



3.990



ADIDAS 3SI NOX PANT
Klassískar íþróttabuxur.
Litur: Dökkbláar.
Stærðir: S-XXL.
Kr. 3.990.
Verð áður: 4.990



5.490

VERÐ ÁÐUR 6.990



UMBRO LINE LINED SUIT Herra íþróttagalli. Litur: Svartur. Stærðir: S-XL. Dömu íþróttagalli. Litir: Rauður, hvítur. Stærðir: 36-44.
Kr. 5.490



2.490

VERÐ ÁÐUR 2.990



UMBRO BBS TEE Herra stuttermabolur úr bómull. Litir: Gulur, blár, grár. Stærðir: S-XXL. Kr. 2.490



2.490

VERÐ ÁÐUR 2.990

UMBRO W DIST.LOGO TEE Dömu stuttermabolur úr bómull. Litir: Blár, bleikur, grár. Stærðir: S-XL. Kr. 2.490




6.990

VERÐ ÁÐUR 9.990



ADIDAS STAN SMITH Góðir götuskór fyrir sumarið.
Litur: Hvítur. Stærðir: 38-47. Kr. 6.990.
Verð áður: 9.990



100% ÖRYGGI

við lofum þér lægra verði!

FERÐ TIL KÖBEN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA



Iceland Express

CLUB - LEIKUR INTERSPORT OG ICELAND EXPRESS

Allir Club INTERSPORT meðlimir sem verslað hafa í Intersport á árinu fara sjálfkrafa í pott og eiga möguleika á að vinna ferð í Tívolið í Köben fyrir alla fjölskylduna með Iceland Express. Þrjár heppnar 4 manna fjölskyldur munu fara í fjölskylduferð, og fá flug, gistingu og miða í tívoli, dregið verður úr pottinum 20. júní, 18. júlí og 22. ágúst.

4.490
VERÐ ÁÐUR 4.990



HENSON

HENSON HETTUPEYSA Flott hettupeysa fyrir börn.
Stærðir: 140-186. Litur: Svört. Kr. **4.490**



6.990

HENSON

VERÐ ÁÐUR 7.690

HENSON BARNAGALLI Þessi vinsæli barnagalli fæst nú í Intersport.
Stærðir: 140-186. Litur: Svartur með bleiku. Kr. **6.990**



1.490



CRA Y CREEZ HJALM PRO
Hjólabrettahjalmur fyrir börn og fulloröna. Litir: Hvítur, svartur, rauður. Kr. **1.490**.
Verð áður: **2.490**



3.490



CRA Y CREEZ MAGIC
Hjólabretti, mismunandi myndir. Kr. **3.490**.
Verð áður: **4.690**

FR BÆR KAUP SPORTFATNAÐUR Á ÞRAÐÞÁ



2.490

Champion

VERÐ ÁÐUR 2.990

CHAMPION HOODED SWEATSHIRT Hettupeysa úr bómull fyrir börn. Litir: Blá, gul, rauð. Stærðir: S-XL. Kr. **2.490**

1.290



Champion

CHAMPION CREWN TEE BLOGO vandaður bómullarbolur. Stærðir XS-XL. Litir: Gulur, grár, bleikur og hvítur. Kr. **1.290**

CHAMPION CREWNECK T-SHIRT BIG Stuttermabolur úr bómull fyrir börn. Litir: Gulur, rauður, blár. Stærðir: XS-XL. Kr. **990**

990



6.990



NIZE PETINI INLINE SKATE JR Stillanlegur barna línuskauti með ABEC 3 legum. Stærðir: 31-40. Kr. **6.990**. Verð áður: **8.690**



13.990



CRA Y CREEZ CC SL 300 Línuskautar fyrir dömur og herra með undirvagni úr áli, ABEC 7 legum og 90 mm dekkjum. Stærðir: 35-45. Kr. **13.990**
Verð áður: **16.990**

Opi
alla daga

INTERSPORT®

Póstverslun
VIÐ SENDUM HVERT
Á LAND SEM ER



Club Intersport, sjá nánar á
www.intersport.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 4.114 +0,92%

Fjöldi viðskipta: 246
Velta: 5.458 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ KB banki +1,53%
Straumur +1,23%
Landsbankinn +1,18%

MESTA LÆKKUN

↓ SÍF -2,61%
Össur -1,85%
Atlantic Petroleum -1,08%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 40,40 +1,00% ... Atorka 5,90 - ... Bakkavör 38,80 +0,80% ... Burðarás 15,10 +0,70% ... FL Group 15,40 -0,60% ... Flaga 3,99 +1,00% ... Íslandsbanki 13,35 +0,40% ... KB banki 531 +1,50% ... Kögun 59,60 - ... Landsbankinn 17,10 +1,20% ... Marel 58,50 +0,70% ... Og fjarskipti 4,05 -0,5% ... Samherji 12,10 - ... Straumur 12,30 +1,2% ... Össur 79,50 -1,90%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Straumur selur ekki

Úti á markaðnum eru menn duglegir við að spá í framhaldi í Íslandsbanka. Þar halda margir því fram að Jón Ásgeir sé á leiðinni að kaupa hlut Straums í bankanum. Kenningarmiðir segja Bjarna Ármannsson vera á góðu róli með Jóni Ásgeiri þessa dagana og vilja gjarnan sjá hann í hópi stórra hluthafa í bankanum. Úr herbúðum Straums heyrir að Straumur sé ekkert á þeim buxunum að selja sinn hlut í bankanum eftir að slitnaði upp úr viðræðum um söluina við félag sem Karl Wernersson og Jón Ásgeir voru að mynda utan um eignarhlutinn í bankanum. Virðist því lítil von til slíkra viðskipta nú, hvað sem verður þegar menn eru búnir að slaka á við laxveiðirnar í júlí.

Einfaldar Baugsreglur

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, var í ítarlegu viðtali á BBC fyrir helgi. Þar var hann spurður út í áform fyrirtækisins og farið yfir uppbyggingu félagsins sem rekja má til opunar fyrstu Bónusverslunarinnar árið 1989. Spyrillinn var áhugasamur um þær aðferðir sem forstjórinn hefði til að halda yfirsýn yfir þær miklu eignir sem Baugur hefur nú yfir að ráða. Jón Ásgeir lagði mikla áherslu á að einfaldleiki væri höfuðatriði í rekstrinum og því væri notast við liti sem sem viðmiðun í rekstrinum. Fyrirtæki í eigu Baugs sem eru á grænu ljósi eru látin ganga sinn gang og stjórnendur látnir afskiptalausir. Ef fyrirtæki fer að fatast flugið fer það á gult ljós og starfsmenn Baugs fylgjast þá nánar með rekstrinum og reyna að aðstoða það til að komast aftur á grænt. Fyrirtæki sem lendir á rauðu ljósi er hins vegar sett í gjörgæslu enda þá talið líklegt að reksturinn þurfi mikilla breytinga við.



MARKAÐSFRÉTTIR...

Gengi krónunnar styrktist verulega undir lok dags og endaði gengisvísitalan í 110,41 stigi.

Eigendur ríflega 96 prósent hlutfjareigenda í Actavis tóku þátt í forgangsreitarútbóði á hlutafé sem gefið var út vegna kaupa á bandaríska fyrirtækinu Amide. Um 46 prósent umfram eftirspurn var eftir hlutafé.

Nýberg hefur nú yfir ríflega niutíu prósent hlutafjár í Þormóðir ramma - Sæbergi að ráða. Á fimmtudag rann út tími til að ganga að yfirtökutilboði. Í kjölfarið verður óskað eftir afskráningu félagsins úr Kauphöll Íslands.

FTSE-vísitalan í Lundúnum lækkað um 0,69 prósent í gær. Dax í Þýskalandi lækkaði um 1,32 prósent.



LAXELDI Verð á laxeldisfélaginu Fjord Seafood rauk upp úr öllu valdi í gær þegar fréttist að óvinirnir Jens Ulltveit-Moe og John Fredriksen væru búnir að kaupa stóra hluti í fyrirtækinu.

Berjast um laxinn

John Fredriksen kaupir fjórðung í Fjord Seafood. Hittir þar fyrir erkifjanda.

Útgerðarfélagin í norsku kauphöllinni hækkuðu öll á markaði í gær nema Aker Seafoods. Tilkynt var um að Jens Ulltveit-Moe hefði keypt tæp fimm prósent í Fjord Seafood, laxeldisfyrirtækinu sem Samherji átti eitt sinn hlut í. Seinna um daginn tilkynti olíu- og skipakóngurinn umdeildi John Fredriksen að félag í eigu hans hefði eignast fjórðung allra hlutabréfa í Fjord Seafood. Bréfin keypti hann af Domstein. Hlutabréf í Fjord Seafood hækkuðu um þrettán

prósent yfir daginn.

Lítill kærleikur er með Jens og John, sem oft hefur lent saman í viðskiptum.

Kjartan Ólafsson hjá Kredittbankanum í Álasundi segir sameiningu Fjord Seafood og Pan Fish, sem er að mestu leyti í eigu Fredriksen, hafa verið lengi í umræðunni. Bæði félögin hafa gengið í gegnum hallæri á undanföllum árum en með hækkanandi heimsmarkaðsverði hafi rekstur félagsanna batnað. „John Fredriksen vill búa til stærsta laxeldisfyrirtæki heims og fyrir honum vakir eflaust að kaupa Fjord Seafood og Pan Fish að öllu leyti.“

- eþa



AFLI Aflaverðmæti jókst um 2,7 prósent á fyrsta ársfjórðungi samanborið við sama tímabil í fyrra.

Fiskurinn verðmætari

Verðmæti fiskaflans jókst á fyrsta fjórðungi ársins um 2,7 prósent miðað við sama tímabil í fyrra, samkvæmt vef Hagstofunnar. Þykir þetta ekki koma á óvart enda í góðu samræmi við áður fram komnar aflatölur.

Greiningardeild Íslandsbanka

segir skýringar á auknu aflaverðmæti vera að finna í aukinni vinnslu á loftnu til manneldis, meiri ýsu-, lofsa- og karfaveiðum en áður, auk þess sem afurðaverð standi almennt hærra en í fyrra.

-jsk

Fjögurra milljarða viðskipti

Stórviðskipti voru í gær með bréf Íslandsbanka þegar bréf fyrir tæplega fjóra milljarða skiptu um hendur í tvennum viðskiptum.

Kaupin voru ekki tilkynt til Kauphallarinnar þannig að innherjar eða stærstu eigendur hafa ekki átt í þessum viðskiptum.

Fylkingar hafa tekist á í eigendahópi bankans og fulltrúar fylkinganna, núverandi stjórnar-

meirihluta og Straums vildu í gær ekki kannast við aðild að þeim. Telja verður líklegt að viðskiptin tengist á einhvern hátt því uppgjöri sem óhjákvæmilegt virðist í eigendahópi bankans. Samkvæmt heimildum bendir fátt til þess að viðskiptin í gær hafi raskað valdahlutföllum í bankanum og líklegra að viðskiptin séu þeim í hag sem ráða för í bankanum.

-hh

Minnihluti stofnfjareigenda bítur frá sér

Fimm eigendur hafa óskað eftir stofnfjareigendafundi í SPH. Andstaða stofnfjareigenda og neikvæð umræða gætu komið í veg fyrir yfirtökuna.

Átökin í Sparisjóði Hafnarfjarðar harðna enn. Hópur stofnfjareigenda undir forystu Helga Vilhjálmssonar í Góu hefur tvívegis sent bréf til sparisjóðsstjórnar og óskað eftir fundi stofnfjareigenda. Stjórn sparisjóðsins mun taka málið fyrir á stjórnarfundi í næstu viku.

Heimildir Fréttablaðsins herma að um fimmtán stofnfjareigendur af 47 hafi ekki fengið tilbod í stofnfjárbréfin sín. Þar sé einkum um að ræða stofnfjareigendur sem tengjast gömlu stjórninni. „Þögnin er verst í þessu máli,“ sagði stofnfjareigandi sem vildi ekki láta nafns síns getið.

Eigendaskipti á stofnfé eru háð samþykki sparisjóðsstjórnar

þannig að ljóst er að viðskipti verða aðeins gerð með vilja hennar. Fréttablaðið hefur bent á að yfirtakan sé gerð að undirlagi sparisjóðsstjórnar og hafa viðræður við stofnfjareigendur um kaup á hlutum þeirra staðið yfir frá því að ný stjórn settist að völdum í apríl. Landsbankinn Luxembourg hefur verið sterklega orðaður fjármagni kaupin fyrir þriðja aðila. Ekki hefur fengist staðfest hverjir standa raunverulega á bak við kaupin en innan SPRON og SPV hafna menn því að standa að uppkaupum á stofnfénu.

Sparisjóður Hafnarfjarðar getur ekki tekið þátt í þessum kaupum þar sem honum er óheimilt að leysa til sín endurmetið

stofnfé á hærra gengi en einum. Þar sem gengið 135 hefur verið nefnt sem kaupgengi er ljóst að sjóðurinn kemur ekki við sögu.

Innan bankageirans sjá menn ekki hvernig hægt verði að selja sparisjóðinn til eins aðila ef einhverjir stofnfjareigendur leggjast gegn söluinni. Aðeins þrjú stofnfjareigendur þarf til þess að koma í veg fyrir yfirtökuna leggjast þeir sameiginlega á árarar. Umræðan um sparisjóðinn er ekki heldur talin líkleg til þess að auðvelda viðskiptin en málið er afar viðkvæmt í Hafnarfirði, enda eru tengsl sparisjóðsins við samfélagið í Hafnarfirði sterk. Sparisjóðurinn er til dæmis einn stærsti vinnuveitandinn á svæðinu. ■



SPARISJÓÐUR HAFNARFJARÐAR Hart er tekist á um yfirráð yfir sjóðnum og hafa fimm stofnfjareigendur óskað eftir stofnfjareigendafundi.


Verðmæti Össurar þriðjungu hærra

Greiningardeild KB banka hækkar verðmætið úr 62,3 í 80,3.

Greiningardeild KB banka gaf í gær út nýtt mat á verðmæti stoðtækjafyrirtækisins Össurar. Niðurstaða matsins er sú að verð félagsins á markaði sé í ágætu samræmi við raunverulegt verðmæti rekstrarins.

Síðast gaf KB banki út mat á verðmæti Össurar í maí í fyrra og komst þá að þeirri niðurstöðu að félagið stæði undir því að hlutabréf þess kostuðu 62,4 krónur. Nú telur bankinn hins vegar að félagið stæði undir genginu 80,3. Við lokun Kauphallar í gær kostuðu bréf í Össuri 79,5 krónur og höfðu lækkað um 1,9 prósent.

Að sögn Davíðs Rúðólfssonar hjá greiningardeild KB banka skýrist hin mikla hækkan á verðmætinu af því að ávöxtunarkrafa hefur lækkað, sem skýrist af lægri grunnvöxtum á markaðssvæði félagsins, auk þess sem gert er ráð fyrir að rekstrarhagnaður,



SPÁÐ BJARTRI FRAMTÍÐ Jón Sigurðsson er forstjóri Össurar en fyrirtækið stendur mjög framarlega í stoðtækni á heimsvísu.

sem hlutfall af veltu (EBITDA framlegð) hækki.

„Síðasta ár kom mjög vel út hjá félaginu og okkur sýnist vera full

ástæða til þess að auka við framlegðarforsendu í verðmætinu frá því síðast,“ segir Davíð.

-þk

10

MILLJÓNIR Í FYRSTA VINNING

333

Nú er potturinn þrefaldur!

**Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á
lotto.is - þú gætir unnið litlar 10 milljónir króna.**

Það getur allt gerst.



ALFRED KINSEY (1894-1956)
lést þennan dag.



„Við segjum frá og skráum staðreyndir – við dæmum ekki hegðunina sem við lýsum.“

Alfred Kinsey var dýra- og kynlífsfræðingur. Hann stofnaði kynlífsrannsóknarsetur í háskólanum í Indiana. Verk hans voru mjög umdeild og talið að þau hafi að hluta leitt til kynlífsbýlingarinnar á sjöunda áratugnum.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Indjánar gersigra Custer

Þennan dag árið 1876 var hinn frægi bardagi Indjána og bandaríska hersins við Little Big Horn. Sioux höfðingjarnir Sitting Bull og Crazy Horse höfðu í yfir tíu ár og með góðum árangri varist þeim ætlunum Bandaríkjanna að koma öllum indjánum fyrir á lokuðu verndarsvæði. Þó báðir höfðingjarnir höfðu kosið að fá að lifa í friði óx ófriður eftir því sem hvítir landnemar tóku að færa sig meira og meira inn á lönd þeirra. Margir indjánar höfðu reynt að vinna með bandarískum stjórnvöldum en snerust gegn þeim þegar loforð sem þeim höfðu verið gefin voru ítrekað brotin. Síðla árs 1875 var öllum fjandsamlegum indjánum gert að fara aftur á verndarsvæði sín eða verða fyrir árásum að öðrum kosti. Indjánahöfðingjarnir tveir sendu

út boð til ættbálka um að safna liði til að verjast hvítu hættunni. Vorið 1876 höfðu yfir tíu þúsund indjánar safnast saman við á í Suður-Montana á stað sem ber nafnið Little Big Horn.

Að morgni þessa dags tilkynntu flugmenn George Custer ofursta um risastóran her indjánanna. Hann ákvað að biða ekki eftir liðsauka, til þess að indjánarnir kæmst örugglega ekki undan. Það fór þó svo að her Custers var gersigraður og sjálfur lét hann lífið í bardaganum. Þetta var stærsti sigur indjána og verstí ósigur bandaríska hersins. Hins vegar vakti þetta mikla reiði meðal innflytjenda og herinn herti sókn sína gegn indjánunum. Innan fimm ára voru nánast allir sioux- og cheyenne-indjánar lokaðir af á verndarsvæðum.



24. JÚNÍ 1876

MERKISATBURÐIR


- 1244 Flóabardagi, eina verulega sjóorrusta Íslandssögunnar, er háð á Húnaflóa.
- 1809 Jörundur hundadagakonungur tekur sér völd á Íslandi.
- 1942 Dwight D. Eisenhower hershöfðingi tekur við stjórn bandaríska hersins í Evrópu.
- 1950 Heiðmörk er lýst friðland Reykvíkinga.
- 1985 Reynir Pétur Ingvarsson, 36 ára vistmaður á Sólheimum, lýkur göngu sinni kringum landið.
- 1989 Ólafur Skúlason er settur í embætti biskups yfir Íslandi.
- 1990 Elísabet Englandsdrottning og Filippus maður hennar koma í opinbera heimsókn.

HÖSKULDUR KRISTVINSSON: LÆKNIR HLJÓP 160 KÍLÓMETRA

Síðasti móhíkaninn

Hann hefur hlaupið og skokkað í tuttugu ár. Heilsubót var upprunalega takmarkið en síðan þá hafa fætur Höskuldur Kristvinssonar, skurðlæknis á Landspítala, borið hann lengra og lengra. Síðustu helgi tók Höskuldur þátt í Mohican Trailhlaupi í Ohio í Bandaríkjunum og lagði þá að baki hundrað mílur eða um 160 kílómetra í hæðóttu skóglendi. „Þetta var gríðarlega erfitt“, segir Höskuldur, sem hefur þó ýmsan troðninginn hlaupið. Meðal annars hefur hann farið nokkur maraþonhlaup og hlaupið Laugarveginn í nokkur skipti. Í fyrra reyndi hann við 155 kílómetra leið í kringum fjallið Mont Blanc en komst ekki alla leið.

Um 140 voru skráðir til leiks í móhíkanahlaupið um helgina en aðeins 77 komust í mark. Sett var þrjátíu klukkustunda hámark og kom Höskuldur í mark eftir 29 klukkustundir og 40 mínútur. Hann var því síðastur í mark af þeim sem luku hlaupinu. „Það er vissulega afrek út af fyrir sig“, segir Höskuldur, sem minnst þess hlæjandi að hafa fengið verðlaunagrip fyrir að vera síðasti móhíkaninn. „Þetta er hvatning til að fá ekki styttuna næst“, segir Höskuldur, sem var með blöðrum undir iljunum sem háðu honum stóran hluta hlaupsins. „Þetta var sárs-



HLAUPAGIKKUR Höskuldur Kristvinsson er stíður en allur að liðkast eftir hlaupin um síðustu helgi. Hann er fráleitt hættur að hreyfa sig í ár og er skráður til leiks í Ironman í nóvember þar sem hann syndir, hjólar og skokkar langar vegalendir hverja á eftir annari.

auki í hverju skrefi.“ segir hann og bætir við að hann sé enn stíður en allur að liðkast. Höskuldur er fráleitt hættur að reyna á sig í ár. Hann er skráður í Ironman í Flórída í nóvember, sem er fólgið í því að

synda fjóra kílómetra, hjóla 180 kílómetra og enda svo á að hlaupa maraþon. „Maður mælir ekki með þessu“, segir Höskuldur hlæjandi og reynist erfitt að skýra af hverju hann stendur í þessu. ■

JARÐARFARIR

14.00 Margrét Eiríksdóttir, fóttaðgerðfræðingur, Grundargarði 5, Húsavík, verður jarðsöngin frá Húsavík-urkirkju.

14.00 Arent Pjetur Eggertsson, Sindragötu 4, Ísafirði, verður jarðsöngin frá Ísafjarðarkirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jórunn Axelsdóttir

Tunguseli 1, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi hinn 21. júní 2005.

Jóhanna Gréta Guðmundsdóttir Atli Sverrisson
Karen Guðmundsdóttir Auðunn Örn Jónsson
Hafðís Guðmundsdóttir Þorsteinn Kjartansson
Bryndís Halla Guðmundsdóttir Óðinn Guðbrandsson
Guðlaugur Guðmundsson
Anna Þórdís Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Jarðarför auglýst síðar.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afu,

Guðmundur Sæmundssonar

Álftamýri 25, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færur við Heimahlynningu Krabbameinsfélagsins.

Elínborg Sveinbjarnardóttir Sæmundur Guðmundsson Bryndís Th. Auðardóttir
Þórhildur Guðmundsdóttir Ásberg K. Ingólfsson
og barnabörn.



Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýbug við andlát og útför elsku móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Ragnhildur Þorgeirsdóttir

Hrafnistu, Hafnarfirði, áður Álfaskeiði 49, Hafnar-

Kærar þakkir fyrir góða umönnun á Hrafnistu, Hafnarfirði. Guð blessi ykkur öll.

Þorgeir Sæmundsson Margrét Guðmundsdóttir
Helgi Sæmundsson Guðbjörg Harðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir, bróðir og afi okkar,

Ketill Högnason

tannlæknir, Melgerði 12, Kópavogi,

sem lést á Líknardeild Landspítalans 19. júní síðastliðinn, verður jarðsöngin frá Kópavogskirkju mánudaginn 27. júní kl. 15. Þeim sem vildu minnast hins látna er vinsamlegast bent á Hjúkrunarþjónustuna Karítas eða aðrar líknarstofnanir.

Hildigunnur Davíðsdóttir Kristín Halldórsdóttir
Helgi Ketilsson Guðrún Jóhanna Sveinsdóttir
Davíð Ketilsson Drífa Lind Gunnarsdóttir
Guðbjörg Ketilsdóttir Mikael Svend Sigursteinsson
Hildur Högnadóttir Haukur Högnason
og afabörn.



70 ára afmæli

Ragnhildur Steinunn Halldórsdóttir

Reyngi 31, 112 Reykjavík,
verður 70 ára 26. júní.

Dvelur hún á ættarmóti afkomenda foreldra sinna Halldórs Ólafssonar og Láru Jóhannesdóttur á Snorrastöðum Snæfellsnesi yfir helgina.



75 ára afmæli

Sigurður Þ. Guðmundsson

Eiðistorgi 13, Seltjarnarnesi,

verður 75 ára í dag, laugardaginn 25. júní.
Sigurður verður að heiman á afmælisdaginn (í golfi).

Sumargleði B&L



Í DAG FRÁ KL. 12 TIL 16.

Opið í dag frá kl. 12 til 16
Athugið lokað alla laugardaga í júlí.

FULLUR SÝNINGARSLAUR AF GLÆSILEGUM BÍLUM FRÁ HYUNDAI, RENAULT, BMW OG LAND ROVER.

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR OG FÁÐU ÞÉR PYLSU OG PEPSI Á EFTIR!



Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI

6.5 sek. 0-100 km/klst

VIÐ KYNNUM NÝJAN RENAULT MEGANE RS F1 - 2000 CC - TURBÓ - 225 HÖ
5 STJÖRNU RENAULT ÖRYGGI - RENAULT SPARNEYTNI - RENAULT ÞÆGINDI

★ Pepsi Pönnubolti verður á svæðinu. Allir sem taka þátt í Pönnuboltanum fá Pepsi armband og geta skráð sig í verðlaunapottinn
Nánari upplýsingar hjá www.pepsi.is

★ Blöðrufólkið mætir í sumarskapi með blöðrur handa öllum kátum krökkum

★ SS pylsur og Pepsi handa öllum



HYUNDAI SANTA FE OG HYUNDAI TUCSON ERU MEST SELDU SPORTJEPPARNIR Á MARKAÐNUM.
NÝTT LEIÐSÖGUKERFI FRÁ VEGVÍSI FYLGIR ÖLLUM HYUNDAI 4X4 Á LAUGARDAGINN



Hvert villtu fara? Hvernig kemstu þangað? Hvar ertu stödd/staddur? Láttu Vegvísi vísa þér leiðina með fyrsta íslenska GPS leiðsögukerfinu. Sjáðu hvernig kerfið virkar. Loftmyndir og Hátækni verða með kynningu á nýja Vegvísinum.



Nánari upplýsingar hjá www.vegisir.is eða www.bl.is

UPPLIFÐU ALVEG NÝJA TILFINNINGU

LAND ROVER DISCOVERY 3 - VERÐLAUNAÐSTI LÚXUSJEPPINN Á MARKAÐNUM.
KOMDU Í REYNSLUAKSTUR OG PRÓFAÐU NÝJA TERRAIN RESPONSE™ KERFIÐ



NÝ HYUNDAI SONATA LUX HLAÐIN BÚNAÐI

EIN GLÆSILEGASTA HYUNDAI FÓLKSBIFREIÐIN TIL ÞESSA.

ÁREIÐANLEIKI, GÆÐI OG FRÁBÆR HÖNNUN.





ATHAFNASKÁLDIÐ JÚLÍUS JÚLÍUSSON Fæddur og uppalinn á Dalvík, með ódrepanði framkvæmdaorku bænum sínum til mestu vegsemdar. Tryggur og trúr sinni heimasveit, og vill hvergi annars staðar búa.

Það var á setningarhátíð fyrsta Fiskidagsins mikla að gamall draumur úr æsku rifjaðist upp fyrir Júlíusi.

„Ég hafði sem strákhnokki ætlað að halda sýningu á dóti sem ég hafði fundið í fjörunni heima, í því augnamiði að sýna gestum og gangandi þessi auðæfi Dalvíkur. Því má segja að vegsemd Dalvíkur hafi verið mitt leiðarljós síðan ég fór að muna eftir mér,“ segir Júlíus, sem fyrst kom landsmönnum fyrir sjónir með Veðurklúbb aldraðra á Dalvík.

„Síðan hef ég verið áberandi og eflaust þannig að mörgum þykir nóg um, en sé ég haldinn athyglisýki er ég aðeins stoltur af henni. Ég er bara þannig gerður að vilja hrinda hugmyndum í framkvæmd á sem skikkanlegasta máta,“ segir Júlíus, sem gekk snemma virkur og kátur til verks.

„Á tuttugu ára ferlingararfmælinu þakkaði einn kennarinn Guði fyrir að ekki var búið að finna upp ofvirknilyf fyrir því þá hefði byggðin ekki eignast mann eins og mig, og vildi meina að með lyfinu væru frumkvöðlar og forystusauðir skemmdir í æsku. Ég veit ekki með ofvirknina en ég var í það minnsta fullur af fjöri, forvitinn og uppátækjasamur. Ég vildi strax fá vinnu og mætti með skófluna mína til vinnuveitenda,“ segir hann hláturmildur.

Hamingjan í hjartanu

Á Dalvík búa 1.560 manns, þar af margir úr árgangi Júlíusar sem lifa sælir með fjölskyldu sinni fyrir norðan.

„Ég er bjartsýnn á að Dalvík eigi eftir að blása út á komandi árum, burtséð frá stóriðju eða álíka fyrirbæri sem spengir allt upp. Bærinn hefur fram yfir önnur þorp að hafa fleiri atvinnumöguleika en bara fiskinn. Margir íbúanna vinna fjarvinnslustörf í Reykjavík, hér er íbúðaverð lagt og gott að vera,“ segir Júlíus, sem sjálfur sér kosti í því sem aðrir myndu kalla galla.

„Mér líður vel í litlu samfélagi, þar sem fólk þekkir mann og umhverfið er fjölskylduvænt. Maður verður að fylgja draumum sínum og finna sinn samastað, í stað þess að fylgja fjöldanum eftir í blindni af því maður heldur að það sé betra. Það græðir nefnilega enginn ef hann er ekki hamingjusamur í hjartanu. Það skýrir því æ fleiri sækjast eftir búsetu í jadarbyggðum. Fólk finnst það við það að kafna vegna álags í vinnu, himinhás húsnæðisverðs og dyrkjeyprar ofneyslu, en finnur frelsi í sveit og frið í sinni.“

Jólabarn með heimþrá

Júlíus var þrítugur þegar hann fluttist tímabundið til Reykjavíkur, en þá hafði hann ekki farið frá Dalvík lengur en níu daga í senn.

„Allan tímann togaði Dalvík í mig og ég gæti ekki búið í Reykjavík nema í miðbænum þar sem maður getur gengið um og boðið sama fólkinu góðan dag, því í raun ríkir þorpsstemning í 101, þeirri gömlu Reykjavík sem síðar varð að borg,“ segir Júlíus, sem er jólabarn fram í fingurgóma og heldur úti hinum geysivinsæla jólavef á julli.is.

„Búandi í Reykjavík missti ég af eplagjöf jólasveinanna af svölum kaupfélagsins heima í fyrsta sinn, sem var nokkuð sem ég hafði fengið síðan í vagni. Ég veit það

hljómar sveit, en því fylgdi söknudur að vera ekki heima. Jólin eiga mikið í mér því orkan í þeim er svo góð. Fegurð og kærleikur tímabilsins heillar mig, ásamt því sem viðmót fólks verður annað. Nú eru jólin að verða æ meiri markaðshátíð og synd að við séum hætt að nota þessa góðu orku, en fólk ætti vissulega að taka sér frí frá vinnu til að njóta. Sjálfur hef ég farið með sjúklinga af dvalarheimilinu á geðdeild um jól og skilst að flestar innkomur á geðdeild séu í kringum jól og áramót, sem er sorglegt þegar kærleikstíminn er mestur.“

Veðurklúbbur aldraðra

Júlíus starfaði með öldruðum á Dalvík í sextán ár, eftir að hafa unnið á sendibíl kaupfélagsins um hríð.

„Ég réði mig sem gangastúlka í eitt ár, eða þar til dagvistun byrjaði að þróast og félagsstarf um leið. Við reyndum að finna verðugt tómsundagaman handa körlum, sem mótvægi við hannyrðir kvenna, og litum okkur nær. Þá fékk ég hugmyndina að veðurklúbbnum, því allir virtust hafa ótakmarkaðan áhuga á veðrinu. Enginn tók vel í hugmyndina fyrst, sem er góðs viti, því þá er meira spennandi að takast á við verkið,“ segir Júlíus sem hóf fljótleiga að safna gögnum með gamla fólkinu.

„Úr þessu varð ótrúlegt ævintýr, alls kyns fræðimenn rannsökuðu okkur og erlendir sem innlendir fjölmiðlar vildu viðtöl og veðurspár,“ segir Júlíus, en kjarni veðurklúbbsins er farinn á vit feðra sinna.

„Þessi ár voru mér dýrmæt reynsla, en viðhorf til aldraðra þarf að breytast. Það verður að koma eins fram við gamalt fólk og aðra, en alls ekki tala við það eins og smákrakka. Eins og maður gamnar sér og gantast við yngra fólk þarf maður líka að gera grín að þeim eldri, því þegar glensíð hættir finnst því það ekki lengur vera með. Á þessum tíma eignaðist ég og missti marga góða vini, og fann aldrei mun á því hvort ég væri að tala við gamla manneskju eða unga, því umræður og vangaveltur lífsins haldast ávallt þær sömu. En dauðanum fylgdi alltaf sorg því sumir dóu óvænt og snögg, eins og fylgir þessu aldursskeiði.“

Sálahirðir og draumráðningar

Frumkvöðullinn Júlíus var fyrstur Dalvíkinga til að fá sér nettengingu þegar internetið skall eins og flóðbylgja yfir heiminn. Hann sá fljótt möguleika netsins þegar kom að kynningu á dásemdum Dalvíkur og lét hanna fyrir sig heimasíðu um Jóhann Svarfdæling.

„Upp úr því fór ég að potast við að læra þetta sjálfur og finnst enn geysigaman að búa til vefsíðu. Ég hafði stundað draumráðningar og verið í mannræktarfélagi, og fljótleiga fóru að berast óskir um kærleiksvef. Eitt leiddi af öðru og nú er kærleikssíðan næstvinsælasta vefsíðan, á eftir jólasíðunni,“ segir Júlíus, sem einnig er með fyrirbænasíðu á julli.is.

„Að sjálfsgöðu les Guð vefsíðu, auk þess sem skilaboð berast honum í bænum mannfólksins.

Máttur bæninnar er svo mikill og fólk freistar þess að biðja til þjóðarinnar um að leggjast á eitt. Á Íslandi eiga margir bágt og margir eru einmana,“ segir Júlíus sem í fyrsta stofnaði kærleikslínu, þar sem fólk gat hringt inn til að létta á sál sinni.

„Það var mikið hringt, en það var annar hópur en ég reiknaði með í upphafi. Ég átti orðið marga fasta viðskiptavinum, flesta karlmenn úr peningaheimum, stjórnendur, eigendur lítilla og stærri fyrirtækja, þekkt fólk – og allt í mikilli tilvistarkreppu og vanda. Þeir hringdu til að tala við einhvern sem þeir þekktu ekki, og það tók ekki síður á mig. Þarna varð mér ljóst að fólk er að sligast í þessu þjóðfélagi okkar, nokkuð sem landsherrarnir hefðu gott að að upplifa og vita af,“ segir Júlíus, sem hefur hætt með kærleikslínu í bili.

„Til að dæmið gangi upp þarf mínútan að kosta það mikið að mér leið ekki vel með það og upplifði skringilega líðan því að láta fólk í sálarkreppu borga svimandi símreikning fyrir spjallið.“

Bannað að græða peninga

Þann 6. ágúst verður Fiskidagurinn mikli haldinn í fimmta sinn á Dalvík. Júlíus er framkvæmdastjóri verkefnisins og einn upphafsmanna, en á Fiskidaginn mikla er landsmönnum öllum boðinn matur og fjölbreytt skemmtun, allt ókeypis.

„Fiskidagurinn mikli hefur heppnast frábærlega og aðsóknin alltaf verið góð, allt að 70 þúsund manns. Markmiðið var, og er, að

hafa gaman og borða fisk, án þess að nokkur græði neitt í peningum. Það höfum við staðið við en margir trúðu þessu ekki í upphafi og bjuggust við einhverjum ákvæðum í smáa letrinu. Bannað er að kynna eða selja nokkuð á hátíðinni, þetta er eingöngu matarboð með ljúffengum fiskréttum og fullt af andlegu fódri, eða eins og gestkomandi prestur sagði í fyrria, að hér ríkti kærleiksríkt andrúmsloft þar sem börnin suða ekki um peninga og fullorðna fólk fer ekki á taugum yfir eyðslunni. Því er rólegt yfir vötnunum og kynslóðirnar borða saman og sigla um Eyjafjörð í góðu skapi.“

Lætur verkin tala

Júlíus var í nokkur ár formaður Leikfélags Dalvíkur og situr nú í stjórn Bandalags íslenskra áhuga-leikfélaga, en leiklistin er hans stóra ástríða. Hann hefur leikið í mýmörgum sjónvarpsauglýsingum og leikritum á Dalvík, auk þess sem hann er iðíð leikskáld.

„Ég er núna með langt leikrit í rassvasanum og auk þess hálfklárað smásagnasafn. Leikhúslífið á vel við mig því andrúmsloftið er kærleiksríkt og menn geta talað opinnsátt saman, í stað þess að þora ekki að segja skoðun sína því það gæti haft áhrif hér og þar. Þegar menn passa sig á öllu sem sagt er og loka það inni verður það að meini innra með þeim og þeir finna fyrir köggli,“ segir Júlíus, sem sjálfur er rétt eins og aðrir Dalvíkingar: kraftmikill, hugmyndaríkur, bjartsýnn, vogaður og tilbúinn að láta verkin tala.

Sumarhátíð Séð og Heyrt og Hagkaupa í Skeifunni

GAMAN GAMAN GAMAN!



**Í dag 25. júní
kl. 13.00-16.00**

Á móti sól spilar og áritar nýja diskinn sinn
kl. 14.00-16.00

Pylsur og gos í boði SS og Vífilfells
Ís frá Kjörís

Hoppukastalar

Veltibillinn frá Sjóvá

Kynning á fjarstýrdum bensínbilum frá VDO

20% afsláttur af JD Bug hlaupahjólum

Blöðrur, sleikjó, glens og grín

Séð og Heyrt á **engu** verði

SÉÐ OG HEYRT

Gerum lífið skemmtilegra með Séð og Heyrt og Hagkaupum þar sem skemmtilegast er að versla.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

Competo segir fordómum stríð á hendur

Í Gamla bókasafninu í Hafnarfirði hefur hreiðrað um sig hópur unglunga sem vinnur að jafningjafræðslu á vegum Vinnuskólans í sumar. **Rósa Signý Gísladóttir** kynnti sér málið.

Hópurinn sem kallar sig Competo-jafningjafræðsla hefur að markmiði að skapa umræðu um fordóma.

„Þetta er mjög gefandi, gaman að geta látið gott af sér leiða í vinnunni,“ segir Olga Eir Þórarinsdóttir ein af Competo-hópnum, en hún var að klára tíunda bekk. „Í skólanum mínum er deild fyrir innflytjendur þannig að ég kynntist nýbúum og varð vör við einhverja fordóma. Við erum alltaf í fræðslu um einelti og eiturflyf í skólanum en það vantar alveg umræðu um fordóma,“ segir Olga, um ástæðu þess að Competo-jafningjafræðslan leggur áherslu á að takast á við fordóma.

Fræða bæjarstjórnann

Ellefu unglingar, sem lokið hafa tíunda bekk í grunnskóla eða fyrsta ári í menntaskóla, hafa undanfarnar tvær vikur undirbúið starfið og á mánudag fór hópurinn á stúfana til að breiða út boðskapinn. Competo-jafningjafræðslan mun tala við alla hópa í Vinnuskólanum í Hafnarfirði og fara á leikjánaðskeyði Íþrótt- og tólmundaráðs Hafnarfjarðar, en hópurinn á ekki bara erindi við jafningja sína. Í vikunni fengu unglingarnir á sinn fund sjálfan bæjarstjórnann í Hafnarfirði, Lúðvík Geirsson, og nokkra bæjarfulltrúa. „Það er gaman að sjá hvernig er verið að vinna með þessa hluti og frumkvæðið hjá unga fólkinu. Aðferðafræðin hjá þeim og umræðan er mjög opin og skemmtileg og ég er alveg sannfærður um að þetta verkefni skilar sínu og fær fólk til að líta á þessa hluti frá öðru sjónarhorni,“ segir Lúðvík. „Við vorum látin horfast í augu við hvað við eigum sameiginlegt með öðrum, og það sem gerir okkur öðruvísi. Þetta var mjög



COMPETO-HÓPURINN SPJALLAR VIÐ KRAKKA ÚR VINNUSKÓLANUM „Ein af stelpunum í hópnum er svört. Við fórum á leikjánaðskeyði um daginn og þar var einn sex eða sjö ára strákur sem sagði „ég hata svartingja“ og vildi ekki snerta hana. Einhvers staðar læra krakkar þessa fordóma,“ segir Margrét Gaua, einn leiðbeinenda Competo.

skemmtilegt, maður lærði ýmislegt á þessu,“ segir bæjarstjórninn.

Hamfarirnar í Asíu kveiktu neistann

Hugmyndin að Competo-sumarverkefninu kviknaði um áramótin. Fimm unglingar úr hópnum voru yfir helgi á haustmánuðum í vinnubúðum á Úlfljótavatni á vegum Alþjóðahúss og Skátanna, ásamt fimmtán krökkum sem eru ættaðir frá Asíu og Íslandi. Nokkrir þeirra voru í Tailandi þegar flóðin skullu á um jólin. Þá fundu Hafnarfirðingarnir ungu hjá sér aukna samkennd með félögum frá Asíu. Í framhaldinu var ákveðið að stofna Competo til að koma í veg fyrir ranglæti og for-

dóma gagnvart þeim sem eru öðruvísi. „Þetta er frumkvæðaverkefni sem er í samstarfi við Ungt fólk í Evrópu, Alþjóðahús og Hafnarfjarðarbæ, en við störfum innan ramma Vinnuskólans,“ segir Margrét Gaua Magnúsdóttir sem er, ásamt Ragnheiði Eggertsdóttur, leiðbeinandi hópsins.

„Þetta eru þenkjandi og skemmtilegir krakkar,“ segir Margrét, en áhersla er lögð á að fræðslan sé á léttu nótnum. Þær segja að unglingarnir séu metnaðarfullir og ákveðnir í að vekja umræðu um fordóma sem víðast í sumar og á döfinni er að opna vefsíðuna Competo.is með upplýsingum og myndum af starfinu. Krakkarnir í Competo-

jafningjafræðslunni fengu að kynna fordómum af eigin raun 17. júní þegar þeir brugðu á leik í bænum. Helmingur hópsins fór í gervi ýmiss konar staðalmynda, pönkara og fleira, og var áberandi að nærstaddir ýmist hunsuðu þann hóp eða fóru undan í flæmingi. „Samt var gervið ekkert mjög áberandi, krakkarnir voru í Competo-flispeysunum sem við létum gera eins og hinir sem ekki voru í gervi,“ segir Margrét.

Mikilvægt að takast á við kynþáttafordóma

Competo er latína og merkir „að vera jafningi, hittast, vera sam-mála“. Lúðvík segir hugmyndafræðina á bak við Competo mikil-

væga því nauðsynlegt sé að brjóta niður fordóma. „Hlutfall innfluttra er mjög hátt hjá okkur í Hafnarfirði eins og víða. Um fimm prósent Hafnarfirðinga, þúsund manns, eru innflutt og talan fer hækkandi. Við erum með sérstakan samráðshóp hjá bænum sem sér um að huga að þjónustu og verkefnum fyrir nýbúa. Til dæmis er í bígerð íslenskunámskeiði þar sem við förum á vinnustaði og einnig erum við að útbúa sérstakt kynningarefni á ýmsum tungumálum um þjónustu í Hafnarfirði. Competo-verkefnið passar vel inn í þessa stefnu, það er full þörf á því að sinna þessum hóp,“ segir bæjarstjórninn Lúðvík Geirsson.

rosag@frettabladid.is

S M S L E I K U R
11. HVER VINNUR
INN RÁSIN HEFST 29.06.05

WAR OF THE WORLDS

SENDU SMS SKEYTIÐ JA WWF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

VINNINGAR ERU
GLÆSILEGUR WAR OF THE WORLDS VARNINGUR
DVD MYNDIR · COCA COLA · MARGT FLEIRA

WORLD
EGO
F&M
MasterCard

Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu komin/n í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

Hvetja krakka til að stunda heilbriggt líferni

Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir, fyrrum fegurðardrottning Íslands, og Arnar Grant, Íslandsmeistari í fitness, munu í júlí standa að námskeiðinu Lífskraftur fyrir krakka á aldrinum 12 til 15 ára. „Enginn sinnir þessum hóp. Krakkarnir hafa ekki nógu mikið sjálfstraust því þeir

stunda ekki heilbriggt líferni. Þér líður vel þegar þú stundar holla hreyfingu og mataræðið er gott. Þetta er ákveðinn lífsstíll sem krakkar þurfa að detta inn í,“ segir Ragnheiður Guðfinna. Á námskeiðinu verður meðal annars farið í fjallgöngu, á línuskauta, í blak í Nauthólsvík og veggjaklifur



ARNAR GRANT OG RAGNHEIÐUR GUÐFINNA „Svo bjóðum við foreldra velkomna á fund, tölum um hvernig á að kaupa inn og annað. Gott mataræði og hollt líferni tengist mikið velgengi í skóla,“ segir Ragnheiður.

og kennd brasilísk sjálfsvarnarlist. „Þetta eru hlutir sem maður hafði gaman af þegar maður var lítill, en ungt fólk í dag gerir lítið af,“ segir Ragnheiður.

Ragnheiður og Arnar verða aðalleiðbeinendur á námskeiðinu en þau fá til liðs við sig fólk úr ýmsum áttum, t.d. til að fjalla um fjármál og sjálfsvirðingu. „Ég hef séð um sjálfsstyrkingarnámskeið með Sjálfsstyrking.is. Ég hef einnig unnið svoltið með KFUM og K og svo sé ég um ráðgjafarþjónustu hjá Femin.is. Þá heyrir ég ofboðslega mikið frá stelpum sem eru að spyrja um mataræði og eru með ranghugmyndir því fyrirmyndirnar eru 38 kílóa fyrirsetur,“ segir Ragnheiður. Hún bætir við að vaxandi hópur unglunga sé í yfirþyngd og þá komi lélegt sjálfstraust og vanlíðan í kjölfarið. „Það er svo mikið áreiti í umhverfi krakkanna í dag og við erum að reyna að kenna þeim að brýna sig fyrir þeim,“ segir Ragnheiður.

„Námskeiðið er fyrir alla. Það þarf enginn að vera hræddur um að kunna ekki neitt, aðalatriðið er að hafa gaman af þessu og njóta lífsins,“ segir Ragnheiður, en Lífskraftur hefst í júlí og stendur yfir í fjórar vikur. Kennt er þrjú skipti í viku í tveimur hópum, þrjá tíma í senn.



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
REYKJAVÍK	2.57 13.30	24.03
AKUREYRI	1.34 13.15	24.53

Heimild: Almanak Háskólans

Góðan dag!

Í dag er laugardagur 25. júní, 176. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Mamma, ef fólk fær nýtt hjarta, fer það þá að elska nýtt fólk?



Smáauglýsingar

byrja í dag á bls. 6

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

PÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á VISIR.IS

visir

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS NÁM FERÐIR MATUR **BÍLAR** ATVINNA BRÚDKAUP TILBOÐ o.fl.

bílar o.fl.

Volvo S 40 reynsluekinn

BLS. 3



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is



Ingibjörg keypti bílinn af auðmannsfrú í Flórída sem var ekki sama hver eignaðist bílinn.

Afmælisbíll með slaufu og allt

Ingibjörg P. Guðmundsdóttir er harla ánægð með afmælisútgáfuna sína af Mercury Cougar – enda glæsilegur lúxusvagn.

„Þetta er 20 ára afmælisútgáfan af Cougarnum sem var framleidd árið 1987,“ segir Ingibjörg. „Það voru ekki framleiddir nema 5.400 svona bílar, þar af 400 fyrir Kanadamarkað. Það var mikið vandað til útgáfunnar, en hönnuðurinn var undir áhrifum frá Evrópu og þó aðallega Jagúar, enda þótti merki bílsins minna um of á Jagúarmerkið og Jagúar fór í mál. Það vannst og merkinu var breytt.“

Ingibjörg eignaðist bílinn fyrir þremur árum þegar hún var við nám í Flórída. „Okkur vantaði annan bíl á heimilið og sáum þennan bíl auglýstan en ætluðum að guggna því bíllinn var til sýnis í auðmanna-hverfinu Boca Raton og við bjuggumst við að hann kostaði stjarnfræðilega upphæð. Við ákváðum samt að skoða hann og ég féll gjörsamlega. Konan sem átti hann hafði

fengið hann nýjan í afmælisgjöf, með slaufu og öllu tilheyrandi, og henni var alls ekki sama hver keypti bílinn. Við smullum saman og hún vildi bara að ég eignaðist hann,“ segir Ingibjörg ánægð.

„Þetta var dekurbíll, hún hafði ekki notað hann nema í tennis og nálægar búðir þannig að hann var í toppstandi.“

Ingibjörgu finnst allt æðislegt við bílinn. „Hann er svo þýður að það er eins og maður sitji í sófasettinu heima. Framrúðan dökknar eftir því hversu bjart er úti, loftræstinguna er hægt að stilla fyrirfram og ef ský dregur fyrir sólu dettur kælingin niður í samræmi við það. Það er í honum allur lúxus sem þekktist í nýjustu bílunum núna. Svo er hann að sjálfsögðu leðurklæddur og allur hinn glæsilegasti.“

Ingibjörg segist aldrei lenda í vandræðum þó að bíllinn sé í stærra lagi, en viðurkennir að umhverfið í Flórída hafi kannski hentað bílnum betur. „Það var náttúrulega ótrúlegt að krúsa á honum þar, en ég hef sannarlega notið hans í Reykjavík líka og það er draumi líkast að svífa á honum út á land.“

edda@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

í bílum

P. Samúelsson fagnar 35 ára afmæli í dag og af því tilefni verða ýmis spennandi tilboð í boði hjá söludeildum Toyota. Eftt verður til afmælishátíðar með tilheyrandi tónlistarflutningi og skemmtilegheitum. Opíð verður frá 12 til 16 í dag og á morgun.

Renault hefur svipt hulunni af nýjum þriggja dyra Clio III. Nýi Clio-inn er töluvert stærri en fyrirrennarinn sem var með söluhæstu bílum í Evrópu á síðasta ári. Rými inni í bílnum hefur verið aukið og hann er búinn átta loftpúðum. ISOFIX-festingar eru í aftursætinu fyrir barnastóla, auk þess sem miðjusætið er hannað sérstaklega fyrir barn á aldrinum 6 til 10 ára. Bíllinn verður sýndur á bíla-



sýningunni í Frankfurt í september en fer í almenna sölu í Evrópu í október.



Mercedes Benz hefur sent frá sér nýja S-línu – bílaáhuga-mönnum mörgum til mikillar ánægju. Útlit bílsins er klassískt en breytingar hafa þó verið gerðar á ljósum og grillið er áberandi eins og vera ber. Ýmsar tækninýjungar er að finna í nýju S-línunni – svo sem skynjara til að nota þegar bílnum er lagt. Skynjarinn er með nætursjón. Þá eru framljós með inn-rauðu ljósi sem lýsir vel í myrkri. Gert er ráð fyrir að nýja S-línan komi á markað næsta vor.

bilar@frettabladid.is

Hagstæð sumarmálsalán

60%
veðsetningarhlutfall

Ertu að byggja, kaupa eða breyta sumarbústað? Þú getur auðveldlega samið um hagstætt sumarmálsalán hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum. Lánið getur numið allt að 60% af verðmæti eignar. Til framkvæmda er lánað allt að 75% af byggingarkostnaði.

Ráðgjafar Frjálsa fjárfestingarbankans veita allar nánari upplýsingar. Þú getur komið við í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is.

Dæmi um mán. greiðslubyrði af 1.000.000 kr.*

Vextir %	4,95%	5,50%	6,50%	7,00%
5 ár	18.850	19.100	19.560	19.800
10 ár	10.580	10.850	11.350	11.610
15 ár	7.880	8.170	8.710	8.990

* Lán með jafngreiðsluáferð án verðbóta

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is

Ekið í rigningu

Aðgát skal höfð þegar ekið er í rigningu, þar sem auðvelt er fyrir hjólin að tapa festu í mikilli bleytu, sem veldur því að ökumaður getur misst stjórn á bílnum, auk þess sem skyggni getur verið slæmt. Best er að aka ekki of hratt og varast að keyra í hjólförnum.



Sláttuvélarnar eru komnar í hús
Flottar vélar - frábær verð

SENTINEL

Allir þekja hina landsfrægu vara-
húta- og vöðgerðajónustu okkar.

HVELLUR.com
... í einum grænum

B. Tómasson ehf. • Súðavogur 6 • Sími: 577 6400 • www.hvellur.com • hvellur@hvellur.com

Réttingaverkstæði
Jóa ehf.

Dalvegi 16a • 201 Kópavogur • Sími 564 5255
Fax 564 5254 • rettingjoa@rettingjoa.is • www.rettingjoa.is

**BILAMÁLUN
RÉTTINGAR**

Tjónaskoðun, bílreiðaréttingar og sprautun

CASAS

- Alltíða réttingar og sprautun
- Þráttvagnir starfsmanna
- Cabax (þannsóknarútgáfa)
- Þjónustustöðir heima

JONASAR

Skemmuvegur 46 • 200 Kópavogur
Sími 557 1430 & 587 1430 • Fax 567 0087
Netfang: jonasar@jonasaris

AB-VARAHLUTIR ehf.

Varahlutir í Japanska og Evrópska bíla

Bíldshöfða 18 • 110 Rvk
Sími 567 6020 • Fax 567 6012
opið mán. - fös. kl. 8.00 - 18.00
www.abvarahlutir.is • ab@abvarahlutir.is

Bein vara - Bein verð

ALLT Á EINUM STAÐ

- SUMARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- ÞÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

TRIO
GOLFHJÓL

Partur-Spyrnan-Lyftarar

Eldshöfða 10
s. 585 2500 og 567 8757

Gabriel höggdeyfar, ASCO kúplingssett, Tridon spindilkúlar, stýrisendar, gormar. Drifiðir, drifiðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós o.fl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla - vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, kerrubretti og nefhjól.

Varahlutir

Sími 567 6744 • Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík



Volvo S 40 er látlaus en þó glæsilegur bíll.

Kostum búinn dísilbíll

Volvo S 40 hlaut Stálstýrið 2004, verðlaun Bandalags íslenskra bílblaðamanna. Í rökstuðningi dómmefndar sagði meðal annars að bíllinn væri vandaður, skemmtilegur og ljúfur í akstri og í fremstu röð hvað snertir öryggi.

Nýr Volvo S 40 var kynntur fyrir rúmu ári. Hann er talsvert breyttur miðað við fyrirrennarann, að útliti, stærð, búnaði og aksturseginnleikum. Einfaldleikinn vekur athygli þegar sest er inn í Volvo S40. Þarna eru engir stælar á ferð heldur er innréttingin einföld og stílhrein og úr vonduðum efnum. Sætin eru einstaklega þægileg og auðvelt að stilla þau á alla lund og þótt ekki séu þau rafstýrð, nema

það sé pantað sérstaklega. Volvo S 40 er lipur bíll. Í innanbæjarakstri virðist bíllinn í rauninni minni en hann er, meðal annars vegna þess að beygjuradísusinn er góður og stýrið létt. Þegar komið er út á vegi njóta aksturseginnleikarnir sín þó ekki síður. Bíllinn steinliggur á veginum og gefur þá tilfinningu fyrir að ekið sé miklu stærri bíll.

Reynsluekinn var díslútgáfa bílsins í tilefni af afnámi þungaskatts af dísilbílum sem gengur í gildi í næstu viku. Vélin er snörp og skemmtileg, algerlega laus við þyngslin sem stundum einkenna dísilvélar. Hún er líka hljóðlát eins og dísilvélar hafa þróast út í verða. Sömuleiðis var bíllinn reglulega sprækur þótt reynsluekið væri bíll með 1,6 lítra vél.

Plássíð í bílnum er gott. Vel rúmt er um alla bæði fram í og

aftur í og skottið er ótrúlega rúm-gott miðað við stærð bílsins. Volvo tekur hins vegar ekki, að minnsta kosti ekki í þessum bíl, þátt í geymsluverðbólgunni sem gripið hefur um sig hjá bílaframleiðendum upp á síðkastið og er reyndar ágæt þróun. Að sjálfsögðu eru í bílnum ágætir glashaldarar fram í og til dæmis sniðugt lítið hölf bak við miðjustjórnborðið.

Öryggið er sett á oddinn sem fyrr hjá Volvo. Bíllinn er búinn ESP stöðugleikastýringu, sem rannsóknir sýna að skiptir afar miklu máli varðandi öryggi og sætin eru ekki bara þægileg heldur gefur það eftir við aftaná-keyrslu til varnar hálsnykk. Verðið á Volvo S 40 er líka ágætt miðað við það sem fyrir peningana fæst, en það er rúmgóður, öruggur og þægilegur fjölskyldubíll.

VOLVO S40 TURBO DÍSL			
Vélar stærð	Hestöfl		Verð
1,6 l	110 hestöfl	5 girar	2.695.000
2,0 l	136 hestöfl	6 girar	2.920.000



FLOGIÐ INN Í SUMARIÐ Þó að vetur sé liðinn hjá er ekki þar með sagt að vélsleðar landsmanna séu allir byrjaðir að safna ryki. Þessi ofurhugi sagði þyngdarraflinu stríð á hendur í júnibyrjun á Snæfellsjökli. Margmenni var á jöklinum enda veðrið ólíkt betra en gengur og gerist á fjöllum yfir vetrartímann. Hafi einhver áhuga á að leika þetta eftir er rétt að vara við sprungum sem leynast víða og færast í aukana þegar líða tekur á sumarið. Ljósmynd/Harpa Björt

Sumargleði B&L

TVEIR NÝIR BÍLAR FRUMKYNTIR.

Sumargleði B&L verður haldin í dag milli klukkan 12 og 16 á Grjóthálsinu. „Við frumkynnum tvo nýja bíla og verðum með sérstaka kynningu á Vegvísi, nýja leiðsögukerfinu fyrir Ísland, en þessi búnaður er sá fyrsti sinnar tegundar hér á landi með GPS-tengingunni. Vegvísirinn mun fylgja Hyundai 4x4 línunni sem kaupauki þennan dag. Þá verðum við með blöðrudýr og pönnuboltann vinsæla fyrir yngra fólk-íð og pylsur og pepsi,“ segir Helga Guðrún Jónasdóttir hjá B&L.

Bílarir sem verða frumkynntir eru Megane RS F1, 225 ha 2.0 ltr túrbó sportbíll úr Megane línunni og lúxusútgáfa af Hyundai Sonata. „Þetta eru hvort tveggja spennandi bílar. RS stendur fyrir Renault Sport og lúxusútgáfan af Sonata er ætluð þeim sem leggja áherslu á þægindi, mikinn staðalbúnað og mikið rými.“

Farartæki framtíðarinnar

Eftir fáeina mánuði koma bílar á almennan markað sem eru knúin loftþrýstingi. Þessir bílar eru umhverfsvænir og á verði sem almenningur ræður við. Nokkir Íslendingar hafa sýnt þessum bílum mikinn áhuga.

Ásgeir Leifsson verkfræðingur og Valdimar K. Jónsson, doktor í vélaverkfræði, hafa ásamt öðrum stofnað íslenska loftþrýstivélafélagið. Markmið félagsins er stuðla að því að fluttur verði hingað til lands nokkrir loftþrýstibílar til reynslu. Gefi það góða raun getur Ísland átt kost á að vera í fararbroddi í notkun farartækja sem ganga fyrir loftþrýstingi. Á dögunum héldu Ásgeir og Valdimar til Frakklands til að kynna sér loftþrýstibíla frá franska bílaframleiðandanum MDI. Þeir komu heim með tilboð í vasanum og bíða þess nú að íslenskir fjárfestar leggi þeim lið.

Það er ekki ný tækni að nota loftþrýsting til þess að knýja farartæki og í upphafi 20. aldarinnar voru vélar af svipuðum toga notaðar til að knýja lestir í námum. Þróun vélanna lagðist hins vegar af í kringum seinni heimsstyrjöldina. Fyrir 15 árum síðan hóf franskur verkfræðingurinn Guy Negre að þróa nýja bílvél. Hún er knúin lofti sem er þjappað saman með rafmagni og byggir því á þessari gömlu véltækni. Eftir margra ára þróunarstarf hefur nú verið þróuð heil lína af loftþrýstibílum, meðal annars fjölskyldubíll, smábíll, leigubíll, pallbíll og sendiferðabíll. Bílarnir eru búnir 90 lítra loftþrýstikút og hægt er að aka allt að 200 kílómetra á einni hleðslu. Hleðslan kostar um 100 krónur og hægt er að hlaða bílinn heima hjá sér með venjulegu heimilisrafmagni eða á þar til gerðri hleðslustöð. Frumgerðir bílanna eru komnar á götuna og búist er við að framleiðsla bílanna hefjist innan skamms.

Ásgeir og Valdimar hafa mikla trú á loftþrýstibílum og efast ekki um að þeir henti vel hér á landi. „MDI ætlar ekki að framleiða bílana sjálfir. Þeir selja framleiðsluleyfi og það er í raun hægt að kaupa fullbúna verksmiðju frá þeim,“ segir Valdimar. „Þeir hafa skipt heiminum í markaðssvæði og þar eru Norðurlöndin eitt svæði. Nú höfum við stofnað Íslenska loftþrýstivélafélagið og okkur stendur til þóða



Valdimar við Citycat frá MDI. Citycat er smábíll með þremur sætum. Hann er lítill og léttur og hentar einkar vel í snattferðir innan bæjar.

að fá leyfi fyrir öll Norðurlöndin. Næsta skref er að leita til fjármálastofnana til að nýta þessi leyfi.“

Ásgeir bendir á að sýnt hafi verið fram á að tæknilega gangi þetta upp, nú eigi bara eftir að framkvæma drauminn. „Um daginn var verið að sýna vetnisbíl hér sem kostaði 60 milljónir en fjölskyldubíll frá MDI kemur til með að kosta eitthvað í kringum eina milljón. Enn er margt óljóst í sambandi við vetnið og þróunin þar á langt í land. Vetnið er til dæmis hættulegt efni sem er vandasamt að flytja og þar að auki er þetta dýr orka, dýrari en bensín. Loftþrýstibílar ganga hins vegar fyrir eldsneyti sem kostar hér um bil ekki neitt, þeir eru ódýrir fyrir almenning og mun lengra komnir í þróuninni heldur en vetnisbíllinn. Það væri því synd að láta tækifærið fram hjá sér fara,“ segir Ásgeir. ■



Gestur Ólafsson skipulagsfræðingur telur að loftþrýstibílar gætu orðið vinsælir meðal ungs fólks.

Snýst um lífsstíl

Gestur Ólafsson skipulagsfræðingur telur loftþrýstibíla henta vel hér á landi.

„Íslendingar vilja eiga einkabíla. Við búum í úthverfum en viljum vera frjáls ferða okkar. Það kostar peninga, mengun og umferðarteppur,“ segir Gestur Ólafsson, arkitekt og skipulagsfræðingur og áhugaður um loftþrýstibíla. Hann bendir á að loftmengun í Reykjavík sé mikil og bílaflotinn á götum borgarinnar kosti þjóðina um 110 milljarða á ári.

„Það sem er einna jákvæðast við þessa bíla er það hvað þeir eru ódýrir. Um leið og þeir menga ekki neitt kostar lítið sem ekkert að reka svona bíl. Í dag skiptast aðalútgjöld heimilanna í þrennt, húsnæðis- og mat. Ef við getum skorið einn af þessum kostnaðarliðum virkilega niður þá eru ótrúlegir möguleikar í boði,“ segir Gestur en hann telur að loftþrýstibílar gætu orðið vinsælir meðal ungs fólks sem ekki vill eyða miklum peningum í samgöngur en vill samt vera frjálst ferða sinna. „Þetta er spurning um lífsstíl og lífs-gæði. Viltu vinna langan vinnudag til að hafa efni á því að reka bíl eða viltu eyða tíma þínum í eitthvað annað og eiga bíl sem er ódýr í rekstri?“ spyr Gestur. ■

» FASTUR
birta
» PUNKTUR

NOTUÐ TÆKI
10
1994-2004



JCB fræsari árg. 2003
45 cm vinnslubreidd
12 cm vinnsludýpt



JCB JS 330L árg. 1999
Vst. 9200



Iveco Eurotrucker 340 árg. 1997. Meiller hliðarsturtupallur Burðargeta 18T



Still 1,6 tonn árg. 1992
Vst. 7600



Man 19.463 árg. 1998
Ekin 422.000 km

VÉLAVER
Símar 588 2600,
893 1722
og 892 4789
www.velaver.is

Kostir loftþrýstibílanna frá MDI

Tæknin er til staðar og hefur verið það síðustu 100 ár. Eftir margra ára þróunarstarf er bíllinn á leið á götuna.

Eldsneytið er alls staðar í kringum okkur og kostar ekki neitt. Ekki þarf að sérvinna eldsneytið heldur aðeins hafa réttu tækin til að meðhöndla það.

Engin mengun, útblásturinn er hreint loft sem er um 10 gráðu heitt.

70–80 prósent orkunýting.

Ódýrir bæði í framleiðslu og rekstri. Söluverð bílsins er um 800.000 krónur

og orkukostnaður er um ein króna á hvern kílómetra.

Hægt er að hlaða bílinn heima hjá sér en einnig á þar til gerðum hleðslustöðvum.

Hleðslan endist í allt að 200 km.

Bíllinn er jafn öruggur og hefðbundnir bílar. Loftþrýstingurinn er úr trefjaplásti og þola 300 bara þrýsting.

Girkassinn er sjálfvirkur og tölvustýrður. Hann hefur engin þrep þannig að ávallt næst fullkomin nýting út úr vélinni.



MDI-fjölskyldubíll. Í honum eru sex sæti sem snúa má á ýmsa vegu.

Hægt er að nota bensín, disilólíu eða gas sem viðbótareldsneyti.

Áfram veginn
Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

Einkavæddir vegir

Hluti af skattþeningum okkar er eyrnamerkur vegakerfi landsins. Í seinni tíð hefur komið á daginn að þeir aurar duga ekki til, enda erum við stórhuga þjóð þegar kemur að framkvæmdum.

Við erlendis greiðir maður vegtolla fyrir að nota hraðbrautir og þjóðvegi. Í Evrópu er vinsælt að setja svona gjaldheimtu á landamæri og koma þannig í veg fyrir að útlendingar níðist á vegakerfinu með tilheyrandi tilkostnaði, til þess eins að frussast í gegnum landið á leiðinni eitt-hvert annað. Á Íslandi erum við alsæl ef erlendum gestum tekst að halda bílunum sínum á hjólanum.

Hvalfjarðargöngin eru eini gjaldskyldi vegarkafllinn hérlandis og sá fyrsti eftir að gjaldtöku var hætt á Keflavíkuregginum, sem var fyrir mitt minni. Hugmyndin er að lækka gjaldið í göngin smám saman og hætta svo gjaldtöku þegar þau hafa borgað sig upp. Þá mun ríkið fá göngin afhent en gerð þeirra er framtak einkaaðila.

Umferð um Stórasandsveg, sem stytir leiðina á milli Reykjavíkur og Akureyrar um 42 km, verður að öllum líkindum gjaldskyld líka. Enda varla vanþörf á þar sem stórfé mun kosta að halda veginum opnum allt árið um kring. Og í vikunni fengum við fréttir af því að undirbúningsfélagið Greið leið byggðist borga fyrir Vaðlaheiðargöng og greiða þau upp með sama hætti og hafður er á með Hvalfjarðargöngin.

Þetta hljómar hreint ekki illa. Ríkið á fullt í fangi með hringveginn og aðra þjóðvegi þó það fari ekki líka að bora göt hér og þar. Með því að einkaaðilar taki að sér slík verk er búið að einfalda málið mikið. Maður ræður hvort maður fer holotta og langa ríkisveginn eða stutta og yfirbyggða einkavegin – og greiðir þá fyrir það.

Í rauninni er ástæðulaust að láta staðar numið við jarðgöng. Sennilega væri best að einkaaðilar tækju að sér kafla úr hringveginn líka og gerðu úr þeim almennilega vegi. Með nokkrum akreinum til beggja átta og sjoppu við aðra hverja beygju. Það væri auðvitað rándýrt að ferðast fyrstu árin en þegar allt væri búið að borga sig upp með arði mundi veggjaldið lækka og við yrðum ævinlega þakklát fyrir góðu veginum okkar.

Það mætti meira að segja leita víðar fanga en hjá sveitarfélögum og verktafyrirtækjum. Það væri ekkert fráleitt að til dæmis við Holtavörðuhéið væri stórt skilti sem á stæði „Þessi vegur er í boði Coca Cola.“

Smurþjónusta fyrir allar gerðir bíla
Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!
Frábær verð og góð þjónusta
Alltaf heitt á könnunni!

Smurstöðin KLÖPP
Þjónustumiðstöð við Vegmúla
Almenn smurþjónusta
Hjólbarðapjónusta
Sjálfskiptingapjónusta
Rafgeymapjónusta
Ísetning bremsuklossa
Dempara – ísetningar o.fl.
Vegmúli 4 • Sími 553 0440

Bílar & SPORT
Áskriftarsími:
588 7888
www.bilarogsport.is

Vegabréf

Athugaðu tímanlega hvort vegabréfið sé í gildi áður en haldið er til útlanda. Nokkra daga tekur að endurnýja vegabréf og greiða þarf hærra upphæð ef óskað er eftir hraðafgreiðslu.



**Eitt kort
20 vatnasvæði**

Náðu þér í kort á næstu
Esso-stöð eða á netinu

www.veidikortid.is

Kanarí í haust
salan er hafin

Netverðdæmi 31. október - 29. nóvember

54.950 kr.

á mann miðað við að 2 fullorðnir ferðist saman í 30 nætur á Veril Playa.

Innifalið er flug, gisting, morgunverður, íslensk fararstjórn og flugvallarskattar.

plús

FERÐIR

www.plusferdir.is

Hliðasmára 15 • Sími 535 2100

Stilling BÍLAVARAHLUTIR
- betri en bestir

THULE SWEDEN
Hjólafestingar

591 / ProRide hjólafesting

970 / HangOn hjólafesting

THULE SWEDEN
Kajakfestingar

874 / Kajak festing

Stilling

ADALNÚMÉR - SÍMI 520 8000 WWW.stilling.is
SKEIFUNNI 11 RVÍK - SÍMI 520 8001 SMÍÐJUVEGI 68 KÖP. - SÍMI 520 8004
DALSHRAUNI 13 HFN. - SÍMI 520 8003 BILDHÖFÐA 16 RVÍK - SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF. - SÍMI 520 8006



Inger upplifði ævintýri lífs síns í Suður-Ameríku. Nú er hún að safna peningum svo hún komist sem fyrst þangað aftur.

Með geitungum í Amazon

Þegar Inger Ásgeirsdóttir sjúkralíði komst ekki inn í læknisfræði við Kaupmannahafnarháskóla ákvað hún að nota tímann í sjálfbodaliðastarf í Perú. Þar vann hún á munaðarleysingjahæli í bænum Cuzco í Andes-fjöllum og fór svo í ævintýraferð um Suður-Ameríku.

„Ég byrjaði á að fara í fjögurra vikna tungumálaskóla á staðnum og fór svo að vinna á munaðarleysingjahæli fyrir þroskaheft börn í bænum Cuzco, sem er í 3.400 metra hæð yfir sjávarmáli. Bærinn er á Inkaslóðum og ber þess merki, götur og torg eru ævaforð og ólýsanega falleg,“ segir Inger. „Þarna verður óskaplega heitt á daginn en hitinn fer niður undir frostmark á næturnar og þar sem húsin eru ekki upphitun gat orðið ansi kalt. Það búa þarna sennilega 300.000 manns en það er þó ekki á hreinu þar sem ekkert manntal er á þessum slóðum og fólk hvergi skráð. Þarna er líka mikið um ferðamenn þar sem þetta er síðasta stoppið áður en farið er upp í Machu Picchu, sem er vinsæll ferðamannastaður.“

Börn umvafin ást

Á San Juan de Dios-heimilinu þar sem Inger vann voru 20-25 börn á aldrinum þriggja mánaða til 22 ára. „Flestir eru í sjálfbodavinnu en launaðir starfsmenn eru þrír til fjórir. Börnin á heimilinu hafa flest verið skilin eftir fyrir utan eða fundist einhvers staðar í reiðileysi. Heimilið er sjálfbært og með eigin matjurtagarð og dýr til slátrunar, en að öðru leyti mjög fátækt. Börnin þurfa öll hjólastóla en þeir eru aðeins þrír á heimilinu og bleiur eru af skornum skammti þannig að ekki er hægt að skipta um bleiur nema tvisvar á dag. Þegar börnin koma eru þau ekki bara vannærd og veik heldur jafnvel full af ornum. Fyrsta daginn minn þarna var ég að hugga lítinn stráak sem hafði grátið látlaust í viku og vildi ekkert nærast. Þegar hann hnerraði sá ég eitthvað gægjast út um nefið á honum og náði að grípa í það. Það var 12 sentimetra langur ormur. Þegar búið var að ormhreinsa drenginn fór hann að nærast og var hinn hressasti þegar ég fór heim.“

Inger segir ekki hafa verið erfitt að sinna þessum börnum og sýna þeim hlýju. „Þegar maður er með umkomulaus börn í fanginu



Þessi græni óhugnaður horfðist í augu við Inger þegar hún féll fram fyrir sig á skógarstíg í Amazon.



Fjörildin voru ekki stórmál enda ferðalangarnir orðnir vanari skæðari skorkvikindum.



Á toppi Wainu Picchu með Machu Picchu í bakgrunni.



Það var frískandi að kæla sig í fossi í frumskógum Bólívíu. Þarna eru Inger og félagar rétt utan við Santa Cruz.

sem eiga svona bág langar mann bara að umvefja þau ást. Þá skiptir engu máli þó þau séu morandi í einhverjum kvikindum.“

Inger vann í tæpa tvo mánuði á San Juan de Dios, en þá fékk hún bakteríusýkingu og endaði á spítala. „Ég mátti ekki vinna í nokkrar vikur á eftir svo ég ákvað að ferðast um Suður-Ameríku þegar ég var farin að jafna mig. Ég eignaðist marga vini þarna og fór með hollenskum og áströlskum vinum mínum um Bólívíu og Amazon. Við eyddum svo jólnunum í Úrúgvæ og áramótunum í Búenos Aírés. Þetta var ólýsanlegt ævintýri.“

Inger var ein af þeim sem misstu sig af skelfingu ef hún fékk fjörildi inn í íbúðina sína, en nú kippir hún sér ekki lengur upp við skorkvikindin.

Erfitt að kveðja

„Við vorum í Amazon á vespu-tímabilinu og það voru að meðaltali tíu til fimmtán geitungar skrúðandi á okkur. Þeir stungu ekki en sóttu í saltið og sleiktu í staðinn. Ég sá fljótt að æsingur og öskur gerðu bara illt verra og hætti því snarlega. Ég lenti líka einu sinni í því að detta og bera fyrir mig hendurnar og horfðist þá í augu við baneitraða eiturslöngu. Ég slapp þó alltaf með skrekkin, en tveir vina minna fengu í sig sníkjudýr og orma.“

Inger kom við í Cuzco á leiðinni heim og ætlaði að stoppa stutt en flentist í fimm vikur í viðbót. „Það var svo erfitt að kveðja,“ segir hún. „Fólkið er svo yndislegt og þó fátæktin sé mikil og eiginlega hálfgerð skálmöld ríkjandi, þá eru allir svo jákvæðir og bjartsýnir. Menn stela reyndar öllu steini létara og allir lifa og hrærast í fíkniefnaheiminum. Börn niður í sex ára selja fíkniefni. En krakkarnir sem ég kynntist áttu sér draum um að mennta sig og komast í burtu og þrátt fyrir að þau eigi enga möguleika á því var haldið fast í lífsgleðina og bjartsýnina.“

Nú er Inger að safna sér peningum til að fara aftur út, en stefnan er svo að komast í læknisfræðina í Kaupmannahöfn á næsta ári.

„Ég lærði mikið á þessari ferð og þá ekki síst að vera þakklát fyrir það sem ég hef. Ég er mjög meðvitun um það núna hvað ég er heppin og nú langar að mennta mig sem lækni og fara í framtíðinni til staða þar sem þörfin er mest. Læknar án landamæra eru til dæmis mjög freistandi.“

Ekur Íslendingum þvers og kruss um Evrópu

Grétar Hansson frá Blikastöðum í Mosfellssveit hefur ekið með Íslendinga um Evrópu í sautján ár. Hans aðall er að vera ávallt til staðar fyrir sitt fólk.

„Ég byrjaði í Lúxemborg 1988 og hef verið í akstrinum síðan og gengið vel. Byrja svona í febrúarmars og er fram að júlum,“ segir Grétar og kveðst að vetrinum vera mikið í að flytja skíðafólk, svo taka við bændaferðir og alls konar hópferðir. Hann rekur rútna sjálfur en segist vera í góðu samstarfi við fyrirtækið Guðmundur Jónasson og segir að þar sé hægt að fá allar upplýsingar. „Við tökum við farþegum hvar sem er á svæðinu, frá Noregi til Sikileyjar. Ég hef verið mikið í Danmörku og Þýskalandi og undanfarin haust mikið í Ungverjalandi. Ferðaskrifstofurnar skipuleggja ferðirnar yfirleitt,“ segir hann og kveðst hafa keyrt fyrir Úrval-Útsýn, Heimsferðir og fleiri. Svo er hann í tengslum við þýskt fyrirtæki sem heitir Vegareijssen í Düsseldorf þar sem hann hefur aðstöðu til að gera við og skipta út bílum.

Oft er vinnudagurinn langur hjá Grétari. Hann þarf að vera í viðbragðsstöðu á hótelnunum snemma morguns og þegar hann



Grétar er þaukunnugur bæði evrópskum hraðbrautum og fáfarnari sveitavegum.

kemur heim á hann eftir að þrifa bílinn og gera hann kláran fyrir næsta dag. Á kvöldin er hann til staðar ef hópnum dettur í hug að fara saman á matsölu, blandar

þá geði við sína farþega og bíður eftir þeim. Það kveðst hann hafa fram yfir Þjóðverjana sem loka rútnum klukkan 19. „Ég verð bara eins og einn úr hópnum, horfi

ekki á klukkuna né hugsa um yfirvinnu. Fólk finnst þetta þægilegt því stemningin er eins og það sé á bílaleigubíl.

gun@frettabladid.is



Foo Fighters er meðal þeirra sveita sem spila á Hróarskeldu í sumar.

Nokkrir miðar eftir

EKKI ER ALVEG UPPSELT Á HRÓARSKELDUHÁTÍÐINA.

Nú stýttist óðar í tónlistarhátíðina í Hróarskeldu í Danmörku en hátíðin fer fram 30. júní til 3. júlí. Fyrir stuttu síðan gáfu Stúdentaferðir út að uppselt væri á hátíðina en stuttu seinna bættust við hundrað miðar. Þessa dagana eru nokkrir miðar eftir á hátíðina og gildir gullna reglan: Fyrstir panta – fyrstir fá. Hægt er að panta miða á exit.is. Enn fremur er hægt að forvitnast um hátíðina og spjalla við aðra Hróarskeldufara á vefsíðunni roskilde-festival.is.



Í ágúst verður boðið upp á beint flug til St. John's á Nýfundnalandi á vegum Hópferðamiðstöðvarinnar.

Ferðir til Sviss og Nýfundnaland

Hópferðamiðstöðin – Vestfjarðaleið býður upp á beint flug til tveggja borga í Sviss og stendur fyrir sumarferð til St. John's á Nýfundnalandi.

Hópferðamiðstöðin – Vestfjarðaleið býður um þessar mundir flugsæti til borganna Genfar og Zürich í Sviss á aðeins 20.000 kr. fram og til baka með sköttum. Um er að ræða takmarkaðan fjölda sæta í vikulegu flugi um helgar á vegum samstarfsaðila ferðaskrifstofunnar í Sviss. Flogið er til Zürich fram til 20. ágúst, en Genfar-fluginu lýkur 12. ágúst.

Sviss er ekki eini áfangastaður ferðaskrifstofunnar því undanfarin ár hefur verið efnt til haustferðar til St. John's á Nýfundnalandi. Dagana 11. til 19. ágúst gefst í fyrsta sinn tækifæri til að komast þangað í beinu flugi að sumarlagi. Nýfundnaland er eyja litlu stærri en Ísland og þangað er gaman að koma. Dvalið verður á Nýfundnalandi í átta daga og þar sem flugið tekur aðeins rúma þrjá tíma ætti tíminn að nýtast vel.

Margt er í boði á Nýfundnalandi hvort sem menn kjósa að ferðast um landið eða dvelja í borginni St. John's. Hægt er að röltu um borgina og nágrenni hennar en náttúran á Nýfundnalandi er engri lík. Boðið er upp á gönguferðir um Grose Morne-þjóðgarðinn í Kanada, sem er á heimsminjaskrá og lumar á víkingaminjum. Þá verður einnig staðið fyrir sex daga rútu- og skoðunarferð á víkingaslóðir þar sem meðal annars verður komið við í Leifsbúðum þar sem talið er að Leifur heppni hafi komið að landi þegar hann fann Ameríku árið 1000.

Nánari upplýsingar um ferðirnar til Sviss og Nýfundnaland má nálgast á skrifstofu Hópferðamiðstöðvarinnar að Hesthálsi 10 og á heimasíðunni: www.vesttra-vel.is. ■



AQUIS handklæði í ferðalagið

Í bakpokann, ferðatöskuna, sundið, líkamsræktina ofl. Taka lítið pláss, létt, þurrka vel, þorna fljótt, alltaf mjúk.

Dreifing: Daggir s: 462-6640 www.daggir.is



Vertu til..... Ævintýraheimur Sæferða





Hjá Sæferðum er boðið upp á úrval ferða... í Stykkishólmi og nág.

UPPLIFðu ÆVINTÝRAHEIM BREIÐAFJARÐAR

- Náttúru- og fuglaskoðun
- Veisluferðir
- Ferjan Baldur og Flatey
- Sjóstöng og sérferðir
- Stórhvalaskoðun frá Ólafsvík
- Siglingar frá Arnarstapa
- Dorgveiði
- Golf
- Hjólaleiga
- Jöklaferðir
- Hestaleiga
- ...og ýmislegt fleira.

Sæferðir - Smiðjustíg 3 (við höfnina) - 340 Stykkishólmur - Snæfellsnesi
Sími 438-1450 - saeferdir@saeferdir.is - www.seatours.is





Talstöðin
FM 90,9

HÁDEGISÚTVARPIÐ
Fréttir og fréttatengt efni í umsjón Sigmundar Ernís Rúnarssonar og Sigurjóns M. Egilssonar. Alla virka daga kl. 12.

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

**SMÁUGLÝSINGA-
SÍMINN ER OPINN
ALLA DAGA KL. 8-22**

**TIL BIRTINGAR NÆSTA
DAG ÞARF AÐ PANTA
FYRIR KL. 14.30**

**SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is**

**AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8-18
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8-19
LAUGARDAG 9-17 SUNNUDAG 11-16**

BÍLASALAN
HÖFÐA HÖLLIN
Vagnhöfða 9 - Sími 567-4842 og 660-0265



Volvo XC 90 LPT 5/2005 Leður/tau,regnskynj,litað gler. Nýr bill. Verð 5.090.- Skipti ód. skoðuð



Toyota Rav4 2.0 6/1998 Ek.93 þkm. Sjálfssk,álf. Verð 1.150.- Áhv. 900.- 18 þús á mán.



VW Touareg V6 2004 árg. Ek.35 þkm. Leður,lúga,CD magasin,18" álf. Verð 4.680.- Skipti ód. skoðuð



VW Passat TDI V6 Stw 7/2001 Ek.156 þkm. Bsk,lúga,Xenon,hraðstillir. Verð 2.390.- Skipti ód. skoðuð



Volvo S40 1600 1998 árg. Ek.112 þkm. Bsk,abs,reyklauk. Verð 790.- Möguleiki á 100% láni.



Toyota Avenis 1800 Stw 8/2002 Ek.44 þkm. Sjálfssk, krókur, sportpakki. Verð 1.690.- Skipti ód. skoðuð. Einn eigandi, topp viðhald.



Vw Touareg V8 2004 árg. Ek.35 þkm. Leður, lúga, navi,19 álf, loftþrúðafjöðun. Verð 5.740.- Skipti ód. skoðuð.



Toyota Avenis Sol 1800 NEW 1/2005 Ek.6 þkm. Sjálfssk,18 álf, lúga, CD, vetradekk á "16 álf. Fylgja. Verð 2.790.- Áhv. 2.250.-

BÍLASALAN
HÖFÐA HÖLLIN
Vagnhöfða 9 - Sími 567-4842 og 660-0265



Peugeot 307 SW 2.0 5/2004 Ek.24 þkm. Sjálfssk,glérpak,álf,krókur,ESP stöðuleikakerfi,CD,AC,þjónustubók. Verð 2.250.- Áhv. 1.730.-



Saab 9-2 2.5 4WD 2005 árg. Ek.7 þkm. Bsk,17 álf,lúga. Verð 3.950.- Skipti ód. skoðuð



Renault Megane Scenic 1600 3/1999 Ek.91 þkm. Sjálfssk,álf,krókur,CD. Verð 890.- Möguleiki á 100% láni



Nissan Primera GX 1998 árg. Ek.77 þkm. Bsk,CD. Verð 540.- Möguleiki á 100% láni



Mitsubishi Carisma GLX 1800 1998 árg. Ek.67 þkm. Sjálfssk,álf,spoiler. Verð 780.- Möguleiki á 100% láni. 2 Eigendur frá upphafi.



M.Benz AMG 50 V8 1997 árg. Ek.101 þkm. Leður,lúga,18 álf. 350 hö. Verð 3.250.- Áhv. 2.090.- Skipti ód. skoðuð.



Jeep Grand Cherokee TDI Laredo "35 2002 árg. Ek.49 þkm. Álf,krókur,33 nalgð dekk fylgja. Verð 3.600.- Skipti ód/dýrari skoðuð.

BÍLASALAN
HÖFÐA HÖLLIN
Vagnhöfða 9 - Sími 567-4842 og 660-0265



Ford Excursion Limited 7.3 diesel. 12/2000 Ek.108 þ.mil. Sjálfssk,leður,8 manna,AC,krókur. Verð 3.750.- Áhv. 2.850.- Skipti ód. skoðuð.



Isuzu Trooper TDI "38 2000 árg. Álf,krókur,læstur,hlutföll,loftdæla,leður. Verð 2.690.- Áhv. 1.850.- Skipti ód. skoðuð.



Infiniti FX 45 3/2003 Ek.18 þkm. "20 álf,Xenon. Einn með öllu. Verð 6.190.- Áhv. 1.300.- Skipti ód. skoðuð.



Ford Explorer XLT 2004 árg. 7 manna. Ek.32 þkm. Álf,filmur,rafdr.sæti. Verð nú 3.090.- Skipti ód. skoðuð.



Dodge Ram 1500 HEMI V8 11/2003 Ek.69 þkm. Pluss,álf,litað gler. Verð 3.190.- Skipti ód. skoðuð.



Einstaklingsíbúð til leigu í Seljahverfi, laus nú þegar. Reglusemi áskilin. S. 899 8195.

Herbergi til leigu í Stórholti. Upplýsingar í síma 895 8698 & 899 3749.

Orlofsíbúðir til leigu á góðum stað í Vestmannaeyjum. Eigum enn eftir eitt-hvað af lausum dögum í sumar. Sími 567 0790 & 864 4020.

Húsnæði óskast

Við erum 2 einhl. karlm. úr Skagafirði og bráðvantar 3ja herbergja íbúð í Reykjavík frá 1. júlí. Óruggum greiðslum og góðri umgengni heitið. Hringið í síma 846 6999 (Breki), 865 0942 (Baldu) eða 861 9809 (Ásta).

S.O.S

Fjögurra manna fjölskylda óskar eftir húsnæði frá og með fyrsta júlí. Helst í Mosfellsbæ eða nágrenni. Uppl. í s. 898 6262.

Óska eftir að taka á leigu 3 herbergja íbúð helst miðsvæðis. Uppl. í síma 8949066

2ja h. eða stúdíóíb. óskast 01.07. Sextugur, traustur. S. 661 7281, Herbert.

Herbergi óskast. Reglusemi. Uppl. í síma 517 3244 e. kl. 13.

Herbergi eða stúdíóíbúð óskast sem fyrst í Hafnarf. Uppl. í síma 565 4107 & 694 7913.

Hjón með 2 börn bráðvantar 3-4 herb. íbúð sem fyrst. Helst í Seljahverfinu! en tökum samt allt til greina. Kolla s. 8473991 eða 8650079

Námsmeyjar utan af landi óska eftir 4ra herb. íbúð miðsvæðis í Rvk. sem fyrst. S. 866 6084 & 866 0977.

Íbúð óskast

Óska eftir að taka leigu 3ja-4ra herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu, skilvisar greiðslur. Er reglusamur og reyklusar. Uppl. í s. 896 6005.

6 manna fjölskylda óskar eftir húsnæði á höfuðborgarsvæðinu eða nágrenni. Erum með lítinn hund. Uppl. í s. 869 5672 Gunnar & 691 7668 Gerður.

Frí leigumidlan. www.leigunet.is.

4ra herb. íbúð óskast í 101, helst í Þingholtunum frá 1. sept. Skilvisum greiðslum heitið. Uppl. í síma 691 9773.

Par með barn óska eftir 2ja-3ja herbergja íbúð á sanngjömu verði í Hafnarfirði, helst á Holtinu. Skoðum allt. Langtímaleiga, reglusöm og traustar tekjur. Uppl. í s. 662 3597 eða 861 2130.

ÍBÚÐ ÓSKAST

Arkitektapar með 2 börn, óska eftir 4ra herbergja íbúð miðsvæðis í Reykjavík í eitt ár frá miðjum júlí eða byrjun ágúst n.k. Möguleiki á skiptum á íbúð í miðborg Oslóar. Nánari upplýsingar í síma 0047-92-255394 eða sendið e-mail á pósthfangið gtoriki@online.no

Eldri maður óskar eftir lítilli íbúð á Rvk svæðinu. Greiðslugeta 50 þús. Upplýsingar í síma 557 4660 & 517 2617.

Sumarbústaðir



Við bjóðum einbýlishús og sumarstaði af gerðinni Scanwo, sem eru bjálkahús. Kyndingarkostnaður í þessum bjálkahúsum er mun minni, eða sem nemur allt að 30%. Vinsamlegast leiðið upplýsinga hjá Multi Kerfi ehf, Verbraut 3, 240 Grindavík, S:426 8010 GSM: 897 8070, 895 2446, Netfang: info@multikerfi.com, www.multikerfi.com



Bjálkahús 23 og 37 m² + 15m² svefnloft. Ódýr, einföld og fljótleg í uppsetningu. Uppl. Altækni s/f 869-9007 Heimasíða www.bjalkahus.com

Til sölu gaseldavél (3hellur) með ofni. Fint í bústaðinn eða veiðihús. Uppl. í s. 863 1142.

Lítið sumarhús til sölu. Hentar vel sem gestahús. Upplýsingar í sími 553 9323 & 896 9323, Ólafur.

Glæsilegt 5.300 fm sumarbústaðaland í Ásgarðslandi við Sogjök, til sölu á svæðinu er heitt og kallt vatn háhraðtenging uppl. í síma 8929804

Atvinnuhúsnæði

Óskum eftir 4+ herbergja húsnæði, erum þrjú í heimili, reglusöm og skilvis. Nánari uppl. í síma 821-9795 / 823 1550 / 821 3433 milli 18:30 - 21:00

Geymsluhúsnæði

Geymsluskúr
Óska eftir að kaupa rúmgóðan geymsluskúr úr timbri með rúmgóðri inngönguhurð. Uppl. í símunum 486 8777 & 663 4929.

Gisting

Gistiheimili Halldoru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045-24609552

Ódýr gisting í Kaupmannahöfn, miðsvæðis, LaVilla Uppl. s:0045 32975530 gsm:0045 28488905 www.lavilla.dk

GISTING VIÐ LEGOLAND BRYNDÍS OG BJARNI S. 0045 75885718 WWW.BBG-ISTING.COM

ATVINNA

Atvinna í boði

BM ráðgjöf
Starfsfólk í
Við erum að bæta við duglegu söluafólki núna!
Góð verkefni – góð laun
BM ráðgjöf ehf.
Reykjavík 822 5052
Vestmannaeyjum 693 2485
Reykjanesbæ 862 1180
bm@bm.is



Domino's Pizza óskar eftir starfsfólki í hlutastarf og í fullt starf. Umsækjendur þurfa að vera 17 ára eða eldri. Frábær starfsandi og skemmtilegur vinnustaður fyrir hressa og duglega einstaklinga! Áhugasamir sækji um á heimasíðunni www.dominos.is

Meiraprófsbílstjóri-Hráefnisvinnsla.

Óskum eftir vönnum og röskum meiraprófsbílstjóra á stóran sendibíl með lyftu. Starfið felst í útkeyrslu til verslana Domino's Pizza á höfuðborgarsvæðinu. Vinnutími er virka daga frá kl. 8.00-16.00. Hárfnávinnslan býður þér að fylla út umsókn og eiga þannig möguleika á því að taka þátt í stöðugri þróun og örum vexti fyrirtækisins.

Nánari upplýsingar gefur starfsmannastjóri, Helga Fjóra Sæmundsdóttir, helga@dominos.is

Hrafnista Hafnarfirði

Starfsfólk óskast í vaktavinnu í samaraleysingar. Starfshlutfall samkomulag.

Uppl. gefur Sigríður Sophusdóttir í síma 585 9529 eða sigridur@hrafnista.is.

Viltu aukatekjur 25 þús+? og vinna með góðu fólki? Hafðu þá samband. Fanney s. 698-7204.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Óskum eftir duglegum og vandvirkum starfsmanni vönnum járnsmíði. Uppl. hjá Grétari í síma 692 8091.

Vaktstjóri óskast

Byggingavörverslun í vesturbænum vill ráða vaktstjóra til starfa. Unnið er á vöktum. Nánari upplýsingar í síma 660 3193

Verktaka vantar vanan starfsmann á beltavél strax. Uppl. í s. 587 6440 & 663 5440.

Bón og þvottur

Óskum eftir vönnum starfsmönnum á bónstöð hjá Bilko. Góð laun fyrir gott fólk. Frekari upplýsingar um stöðuna gefur Guðni í s. 660 0560.

Smurstöð

Óskum eftir starfsfólki á smurstöð hjá Bilko. Framtíðarstjóri eru í boði. Frekari upplýsingar um stöðuna gefur Guðni í s. 660 0560.

Hrói Höttur

Hringbraut. Óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi störf: grill-pizza-útkeyrsla-afgreiðsla. Ekki yngri en 18 ára. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Upplýsingar á staðnum milli kl. 13-16 í dag eða í síma 849 4756.

Handlaginn starfskraftur óskast til starfa í iðnaðar fyrirtæki í Hafnarfirði. Uppl. í síma 564 6080 & 699 2434.

Vanur maður óskast í gröfuvinnu, verkstjórn og umsjón með jarðvegsvinnu. Mikil vinna framundan. Uppl. í s. 693 7700.

Starfskraft vantar til ræstinga hjá Lystadún Marco. Uppl. í s. 660 4948 Grímur.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða starfsmenn í framtíðar- og helgarstörf við áfyllingar í verslanir á Höfuðborgarsvæðinu. Leitað er að skilvirkum og ábyrgðarsömum einstaklingum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst og háfa bílpróf. Áhugasamir sendi umsóknir til Ölgerðarinnar merktar "Áfylling" eða á netfangið birgir@egils.is fyrir 27. júní n.k.

Nýbygg ehf óskar eftir að ráða smíði eða laghenta einstaklinga. Uppl. í síma 847 1555.

Starfsfólk óskast í kvöld, nætur og helgaræstingar. Upplýsingar í síma. 892 8454 eða bontækni@simnet.is

Símsmiður/Rafvirkni

Óska eftir að ráða símsmið eða rafvirkja til starfa sem fyrst. Uppl. í s. 663 9100.

Heildsala á svæði 210 óskar eftir duglegum lagermanni í fullt starf við þökkun, útkeyrslu, áfyllingar og önnur tilfallandi verkefni. Verður að geta hafið störf sem fyrst. Leitum að röskum og samviskusömum einstaklingi með bílpróf. Umsóknir sendist á Fréttablaðið merktar L-21012.

Rafvirkja/Rafvirkjanemi óskast til starfa sem fyrst hjá Raf- og tölvulögnum ehf. Næg verkefni framundan hjá traustu og góðu fyrirtæki. uppl í síma 6601650

Störf við ræstingar Getum bætt við fólki í ýmis ræstingarverkefni á höfuðborgarsvæðinu bæði í föst störf og afleysingar. Uppl. í s. 581-4000 og á www.solar-service.org

Málarasveinar

eða aðrir vanir málningavinnu óskast til starfa strax. Uppl. í s. 660 8060.

Grænir fingur óskast tímabundið að gera fallegan garð fallegri. S. 861 5602.

Stýrimann, annan vélstjóra og vana háseta vantar á tæplega 200 tonna netafát sem gerður er út frá suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522 & 863 8413.

Unglingur óskast í sveit. Svör sendist til Fbl, Skafthlíð 24 eða á smaar@fretta-bladi.is. merkt "sveit".

Atvinna óskast

16 ára stúlka óskar eftir vinnu frá kl. 8-16, er vön afgreiðslu, meðmæli ef óskast er. Sandra Sif s. 690 1189.

Viðskiptatækifæri

Auka Buisness

Lítið vefyfyrirtæki til sölu, auðveld vinna, góð atkoma. Uppl. í s. 660 7750.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

Rauð Mazda sendibíl með brotinni afturrúðu var stolið af bílastæði Kjarvalstaða sl. helgi. Fundalaun í boði. Uppl. í s. 898 9993.

Einkamál



BESTA VERÐIÐ
DVD frá kr. 1990 nýjar myndir frá USA 2950, allar VHS á 1498.
grensasvideo.is
Grensásvegi 24 s. 568 6635
Opíð 15.00 - 23.30



Allt sem þú þarft og meira til

Allt um bíla á laugardögum í Fréttablaðinu.

allt



AUGLÝSING

frá yfirkjörstjórn
Seltjarnarneskaupstaðar

Kjörfundur vegna íbúakosninga,
um tillögur H og S vegna deiliskipulags
Hrólfsskálamels og Suðurstrandar,
er í dag 25. júní 2005
og hefst kl. 09:00 og lýkur kl. 22:00.

Kosið er í **Valhúsaskóla** við Skólabraut.

I. Kjördeild:

Ísl. bús. á Norðurl.
Óstaðsettir
Austurströnd
Bakkavör
Barðaströnd
Bollagarðar
Eiðismýri
Eiðistorg
Fornaströnd
Grænamýri
Hamarsgata
Hofgarðar
Hrólfsskálavör
Kirkjubraut

II. Kjördeild:

Kolbeinsmýri
Lambastaðabraut
Látraströnd
Lindabraut
Melabraut
Miðbraut
Nesbali
Neströð
Nesvegur
Sefgarðar
Selbraut
Skerjabraut

III. Kjördeild:

Skólabraut
Sólbraut
Steinavör
Suðurmýri
Sæbraut
Sævargarðar
Tjarnarból
Tjarnarmýri
Tjarnarstigur
Unnarbraut
Valhúsabraut
Vallarbraut
Vesturströnd
Víkurstönd
Hús:
Berg
Björk
Bollagarðar
Ráðagerði

F.h. yfirkjörstjórnar.

Pétur Kjartansson, formaður



SELTJARNARNESKAUPTAÐAR



Reykjavíkurborg

Auglýsing um starfsleyfistillögur

Með vísan til 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um
starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för
með sér mengun eða mengandi starfssemi, munu
starfsleyfistillögur neðangreinds fyrirtækis liggja
frammi hjá upplýsingaþjónustunni í Ráðhúsi Reykja-
víkur dagana 25. júní 2005 til 25. júlí 2005.

Fyrirtæki/gildistímastarfsleyfis í árum	Lýsi – 10 ár
Almenn skilyrði	X
Sértæk skilyrði	X
Heimilisfang	Fiskislóð 5-7

**Rétt til að gera athugasemdir hafa eftirtaldir
aðilar:**

1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálægrar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Opinberir aðilar, félag og aðrir þeir sem málið varðar.

Athugasemdir, skulu vera skriflegar og sendast Um-
hverfissviði Reykjavíkur, Skúlagötu 19, 101 Reykjavík,
fyrir 25. júlí 2005.



Opið hús milli
kl. 16.00 og 16.30
Laugardag 25/6 05

Stór og falleg 5 herbergja sérhæð nálægt miðbæ
Ísafjarðar. 3-4 svefnherbergi, fataherbergi, borðstofa,
stofa, eldhús og þvottahús. Gólfefni eru parket, dúkur og
teppi. Nýlegar neysluvatnslagnir, falleg innrétting á baði
og baðkar með sturtuádstöðu. Góð eign á góðu verði rétt
við miðbæinn. Þetta hús gæti verið styrkhæft frá
húsafriðunarnefnd vegna endurbóta á friðuðum eða
varðveisluverðum húsum.

Til leigu skrifstofuhúsnæði
í miðbæ Reykjavíkur,
40-350 fm.
Bílastæði fylgir.

Nánari uppl. í síma 824-5003

ATVINNA



Framtíðarstarf og sumarafleysingar

AÐFÖNG óska eftir starfsmönnum í lagerstörf.

Um er að ræða framtíðarstörf og einnig í sumarafleysing-
ar. Við bjóðum upp á góða tekjumöguleika, góða vinnuá-
stöðu og mótuneyti er á staðnum. Leitað er að kraftmiklum
og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og
vilja framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.

Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi
7, 104 Reykjavík einnig er hægt að sækja um á
www.adfong.is Upplýsingar gefur Ríkarð í síma 693-5602.

AÐFÖNG

**Breyttur
opnunartími
í afgreiðslu**

Mán.-mið. 8.00 - 18.00
Fim. og fös. 8.00 - 19.00
Lau. 9.00 - 17.00 og sun. 11.00 - 16

Smáauglýsingasíminn er 550 5000
og er opin allra daga frá 8.00 - 22.00

FRÉTTABLAÐIÐ

birta

DV

visir

visir



TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA

SÍMI 533 4040

FAX 533 4041

OPÍÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17

Dan V.S. Vilum hdl., lögg. fasteignasali

Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign.is • www.kjoreign.is

HAFNARFJÖRÐUR – EINIBERG



Mjög gott og vel um gengið ein
býlishús á einni og hálfir hæð
ásamt innb. bílskúr. Frábær
staður við lokaðan botnlanga.
Stærð alls 182,7 fm. Falleg gróin
lóð. Sérsmíðaða eldri
innréttingar. Gróðurskáli.

VERÐ 38,0 Millj.

DUNHAGI - M/ BÍLSKÚR.



Mjög góð 5 herb. endaíbúðá 2.
hæðum 108,9 fm. ásamt 21,6 fm
bílskúr. Eignin skiptist í hol, eld-
hús, bað, gang, þrjú svefnher-
bergi, tvær saml. stofur. Suður
svalir. Hús og sameign í góðu
ástandi, hús klætt með steini.

Verð 20,5 millj

SEILUGRANDI - M/ BÍLSKÝLI



Rúmgóð og vel skipulögð íbúð. á
annari hæð. Sér inngangur af
svölum. Stærð íbúðar 68,4 fm,
geymsla 9,0fm og bílageymsla
30,9 fm. Parket og flísar á gólf-
um. Hús og sameign í góðu
ástandi.

Verð 15,4 mill

LANGHOLTSVEGUR – LAUS STRAX.



Rúmgóð og björt 2ja herb. kjall-
araíbúð um 52,2 fm. Eldri inn-
réttingar. Endurnýjað gler og
gluggar að hluta. Góð staðsetn-
ing. Laus strax.

Verð: 11,8 millj.

VANTAR – VANTAR:

Fyrir nokkra af okkar tryggu við skipta-
vinum sem eru að minnka við sig, ósk-
um við eftir góðum eignum á jarðhæð
eða í lyftu húsi. bílskúr eða bílskýli er
kostur. Þjónustuiðbúðir koma til greina.
Vinsamlegast hafið samband við sölu
menn Kjöreignar í síma 533-4040

SELJAHVERFI EINBYLISHÚS

Gott einbýlishús á tveimur
hæðum m/innb bílskúr. Um
er að ræða rúmlega 300 fm
húseign. Möguleiki á tveimur
íbúðum. Góð staðsetning í
eftirsóttu hverfi.

Kristinn Valur Vilum
Sölumaður Sími: 8966913

Ólafur Guðmundsson
Sölumaður Sími: 8964090

Akkurat - fyrir þig!

**TIL
LEIGU**

**Einstakt rými til veitinga-
reksturs í miðborginni**
181 til 362 fm.

Upplýsingar gefur Bjarni Pétursson á skrifstofu
í síma 594 5008 og í GSM 896 3875.

Sími: 594 5000

Akkurat

Talstöðin
FM 90,9

Hafiði Helgason ritstjóri Markaðarinn
fjallar um ymsa bætti viðskiptalfins.
Alla virka daga kl. 17:30

MARKAÐURINN

SJÓNARHORN



Reykjavík að sumri/Ljósmynd: Vilhelm

Vissir þú ...

... að bragðskyn fiðrilda er í gegnum fæturna?

... að kvak anda bergmálar ekki, og enginn veit af hverju?

... að á 10 mínútum losar hvirfilbylur meiri orku en öll samanlögð kjarnorkuvopn heimsins?

... að fiskar tala saman? Sumir þeirra búa til hljóð í hálsinum með því að gnísta tönnum, aðrir nota sporðinn til að búa til hljóð.



Talstöðin
FM 90,9

Trúlofunar
hringar
Jon & Óskólar
Laugavegi 61 • Sími 552 4910
www.jonogoskar.is

Sumarhús

Til sölu 63 m² sumarhús. Húsið selst fullfrágengið að utan, einangrað og með rakvörn að innan.

AKURShús
- við allra hæfi -



Trésmiðjan AKUR ehf.

www.akur.is

Smiðjuvöllum 9 • 300 Akranes • Sími: 430 6600 • Fax: 430 6601
Netfang: akur@akur.is • Veffang: www.akur.is



RUGL VERÐ

STRIGASKÓR	990
STUTTERMA-BOLIR	500
TOPPAR	500
SANDALAR	500
GALLABUXUR	1.990
HETTUPEYSUR	1.990
SOKKABUXUR	390
DRAGTIR	5.990
SKYRTUR	990
BINDI	990

ÚTSALA
50-80% afsláttur

og nú **50%** auka-afsláttur

**EKKI MISSA
AF ÞESSARI**

DIESEL
LEVI'S
SAINT TROPEZ
VAGABOND
PONY
KOOKAI
MISS SIXTY
LAURA AIME
SKECHERS
GAS
FIRETRAP
LACOSTE
BLEND
ADIDAS
G-SUS
PUMA
4-YOU
CONVERSE
MAO

GALLABUXUR
SKÓR
STÍGVÉL
TÖSKUR
BOLIR
PEYSUR
KJÓLAR
TOPPAR
PILS
SKYRTUR
JAKKAR
JAKKAFÓT
STAKAR BUXUR
HLÝRABOLIR
SOKKABUXUR
ÚLPUR
FLÍSPEYSUR




galleri sautjan - smash - retro - gs skór - sautján jeans - deres - focus - eva - centrum - kultur - companys

merki fyrir minna

s. 533 1710
www.ntc.is

OUTLET 10
FAXAFENI 10

opið
virka daga 11-18
laugardaga 11-16



MIÐSÓKNARKRAFTUR Ef við sveiflum hlut í hringi, til dæmis kúlu í bandi, beitung togkrafti inn að miðju hringins til að halda kúlunni á hringhreyfingu. Ef bandið slitnar þeytist kúlan út úr hringnum og hreyfist eftir beinni línu í samræmi við tregðulögmálið. Togkrafturinn sem við beitung er stundum kallaður miðsóknarkraftur og er stærð hans, F , jöfn massa hlutarins, m , sinnum hraða hans, v , í öðru veldi, deilt með geisla eða radius hringins, r :

Eðlisfræði reiðhjólsins

SPURNING: Af hverju er auðveldara að halda jafnvægi á hjóli þegar maður er á ferð?

Svar: Allir sem hafa einhvern tímánn hjólað vita að það er ómögulegt að halda jafnvægi á kyrrstöðu reiðhjól eða hjóli sem fer mjög hægt. Reiðhjól þarf að vera á sæmilegri ferð til að hjólríðamaðurinn sjálfur geti haldið því uppréttu. Þetta tengist því sem er líka eftirtektarvert, að við höllum hjólinu viljandi í þá átt sem við viljum beygja. Hallinn þarf að vera þeim mun meiri sem hraðinn er meiri og beygjan krappari. Allt þetta verður skýrt nánar hér á eftir.

Við beygjum til að halda jafnvægi

Að halda jafnvægi á hjóli er svipað og að halda priki uppréttu í lófanum. Prikið þarf að vera beint fyrir ofan lófan, ef prikið dettur til hægri færur við höndina til hægri til að fá lófan aftur undir prikið. Höndin þarf stöðugt að elta prikið þegar það fer að hallast til þess að það haldist upprétt.

Á sama hátt komum við hjólunum undir okkur aftur með því að beygja í sömu átt og við erum að detta. Eini munurinn er sá að við færur ekki undirlagið, sjálfa jörðina, heldur bara snertiflöt hennar við hjólið.

Því hraðar sem við hjólum, því fljóttari erum við að koma hjólunum undir okkur. Við erum stöðugt að beygja til hægri og vinstri til að halda jafnvægi. Ef hjólið er kyrrt getum við ekki hliðrað hjólunum með því að beygja og erum því algjörlega óstöðug og hjálparvana.

Fyrsta lögmál Newtons kemur við sögu

Menn hafa talsvert velt fyrir sér eðlisfræði reiðhjólsins. Gerðar hafa verið mælingar, tölvulíkön smíðuð og hreyfijöfnur leiddar út til að lýsa aflfræði hjólríða. Hjólríðamaðurinn nýtir sér óspart fyrsta lögmál Newtons til að rétta sig af. Fyrsta lögmálið er einnig kallað tregðulögmálið og segir að hlutur á hreyfingu haldi áfram að hreyfast með jöfnum hraða eftir beinni línu nema kraftar verki á hann og breyti stefnu hans eða hraða. Þetta finnum við þegar við sitjum í bíl á fullri ferð og hann tekur krappa beygju. Við köstumst til í bílnum í áttina út úr beygjunni því að við leitumst við að fara áfram eftir beinni línu vegna tregðunnar.

Ef við sveiflum hlut í hringi, til dæmis kúlu í bandi, beitung togkrafti inn að miðju hringins

til að halda kúlunni á hringhreyfingu. Ef bandið slitnar þá þeytist kúlan út úr hringnum og hreyfist eftir beinni línu í samræmi við tregðulögmálið. Togkrafturinn sem við beitung er stundum kallaður miðsóknarkraftur og er stærð hans, F , jöfn massa hlutarins, m , sinnum hraða hans, v , í öðru veldi, deilt með geisla eða radius hringins, r :

Með öðrum orðum er krafturinn þeim mun meiri sem hraðinn er meiri og jafnframt þarf meiri kraft eftir því sem geislinn er minni en það þýðir að beygjan er krappari. Allir hlutir sem hreyfast eftir hringlaga brautum þurfa miðsóknarkraft til að toga þá út af beinu línunni sem þeir myndu annars fylgja.

Eðlisfræði hjólríða

Hugsum okkur nú að við ætlum að beygja til hægri á reiðhjól. Dekkin spyrna í jörðina og þannig getur hæglega komið fram láréttur kraftur sem fær hjólið til að beygja, á sama hátt og togkrafturinn hér á undan fékk hlutinn til að beygja í sífellu. Hins vegar verka engir láréttir kraftar á hjólríðamanninn meðan hjólið er upprétt svo að hann mundi bara halda áfram eftir beinni línu og fljúga á hausinn af því að hjólið er að beygja.

Með því að halla okkur í þá átt sem við beygjum nýtum við okkur áhrif þyngdarkraftsins og gagnstæða kraftsins sem hann framkallar frá undirlaginu á hjólið. Þegar hjólið hallast getur það framkallað láréttan kraft á manninn þannig að hann geti beygt með hjólinu. Því meira sem við höllum okkur þeim mun meiri verður þessi lárétti kraftur. Þannig skýrist það að við þurfum að halla okkur því meir sem hraðinn er meiri og beygjan krappari (geislinn r minni í jöfnunni).

Við getum nú líka skilið til fulls af hverju við verðum stöðugri eftir því sem hraðinn er meiri. Hugsum okkur að við séum á talsverðum hraða og hjólið hallist til hægri. Til að rétta það af þarf þá tiltekinn kraft samkvæmt jöfnunni hér á undan en af því að hraðinn er mikill má krappageislinn líka vera stór þannig að við þurfum ekki að taka krappa beygju til að ná jafnvæginu aftur.

Hildur Guðmundsdóttir, eðlisfræðinemi og starfsmaður Vísindavefsins, og Þorsteinn Vilhjálmsson, prófessor í vísindasögu og eðlisfræði og ritstjóri Vísindavefsins



KIRKJUDAGAR

24.-25. júní 2005 á Skólavörðuholti

Á Kirkjudögum gefst tækifæri til að gleðjast og njóta þeirrar fjölbreytni sem kirkjan öll hefur upp á að bjóða og taka þátt í 160 dagskráratríðum

Vertu með

Tónleikar
Sýningar

Unglingadagskrá
Ævintýraskógur

Söngleikir

KFUM og KFUK rútan

Málstofur

Útímissa

Barnadagskrá

Barnagæsla

Bænaundir

Kvöldvaka

Pílagrímaganga



ÞJÓDKIRKJAN

Glæsileg opunarhátíð kl. 20:00 á föstudagskvöldinu

Á laugardag kl. 12:00–18:00

Barna- og unglíngadagskrá þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi, m.a. ævintýraskógur, hoppukastalar, risafótboltaspil og Ólympíuleikar undarlegra.

Um 40 aðilar kynna starf sitt, m.a. Lúthersk hjónahelgi, Leikmannaskólinn, Vinir í bata, ALFA, Skálholtsútgáfan, Landsmót æskulýðsfélaga og Hópslysaneftnd.

40 málstofur um trú, tilfinningar, lífið, kirkjuna og þjóðmálin: Hverju trúa Íslendingar? Trúarbrögðin framlag til friðar! Hvers vegna er betra að búa út á landi?

Tónlist og söngur úr ýmsum áttum, einsöngvarar, tónleikar, fjöldsöngur og litríkt listalíf.

Útímissa við Hallgrímskirkju kl. 18:00 á laugardag.

Fjölbreytt kvölddagskrá til miðnættis.

Aðgangur ókeypis – allir velkomnir!

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar núna 15-20 ný svör í hverri viku. Þar er að finna upplagt lesefni fyrir þá sem eru í sumarfrí eða á leið í frí, til dæmis ýmsan fróðleik sem tengist sumri eða sólaráttu eða sögu Íslands, hugarleikfimi og eðlisfræði daglegs lífs. Meðal spurninga sem þar hefur verið glímt við eru til dæmis: Ef ég væri staddur úti í hita, gæti ég þá sett flösku ofan á blautt handklæði til að kæla hana, hvernig verkar sólarrafslaða, hvað eru margar holur á gólfkúlum, hvaða gagn gera mýflugur, hvar eru mestu stríðsmínjar á Íslandi og hvaða héraðsstjóri er að svíkja soldáninn? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.

Meira á www.kirkjan.is/kirkjudagar

Plötusnúður, leiðsögumaður og lífskúnstner

Athafnamaðurinn litríki Stephan Stephensen hefur í nógu að snúast og svo virðist sem um marga menn sé að ræða þegar litið er yfir þau verkefni sem hann er með í gangi. *Freyr Bjarnason* ákvað að kynna kappanum betur.

Athafnamaðurinn Stephan Stephensen er heldur betur með mörg járn í eldinum. Hann hefur verið liðsmaður Gus Gus frá stofnun sveitarinnar og spilar reglulega á tónleikum erlendis með sveitinni. Auk þess spilar hann einn sem plötusnúður úti í löndum, rétt eins og fleiri liðsmenn Gus Gus. Þess á milli starfrækir hann sitt eigið listagallerí, vinnur sem leiðsögumaður á sumrin, siglir um á skútunni

sinni og starfar sem hugmynda-smiður á auglýsingastofu. Að auki er hann er harður áhangandi FH og spænska stórliðsins Barcelona.

MTV-partí í Bergen

Um þessa helgi spilar Stephan í MTV-partí í Bergen í Noregi með Gus Gus og því næst fer hann í tónleikaferð um Rússland 6. til 13. júlí með sveitinni þar sem fernir tónleikar verða haldnir. Þar hefur koma Gus Gus vakið athygli og



PRESIDENT BONGO Stephan Stephensen bregður sér í hlutverk President Bongo með hljómsveitinni Gus Gus.



GUS GUS Gus Gus er síður en svo dauð úr öllum æðum þrátt fyrir miklar mannabreytingar í gegnum árin.

birtist mynd af henni á forsíðu tímaritsins Time Out í næsta mánuði sem ljósmyndarinn Ari Magg tók.

Einnig eru á dagskránni í sumar tónleikar hjá Gus Gus í Þýskalandi og Portúgal auk þess sem Stephan mun spila sem plötusnúður á Spáni og í Bandaríkjunum. Gus Gus er með fleira á sinni könnu því sveitin hefur stofnað nýtt plötufyrirtæki sem nefnist Pineapplerecords. Auk þess að gefa út sína eigin tónlist ætlar fyrirtækið meðal annars að gefa út Nasty Boy með Trabant í samvinnu við SouthenFriedRecords sem er í eigu Fatboy Slim. Frekari útgáfa frá Pineapple er fyrirhuguð síðar í sumar.

Þess má geta að Gus Gus heldur upp á tíu ára afmælið sitt í ár og stefnir að því að halda afmælistónleika í nóvember þar sem hóað verður í alla gömlu meðlimi sveitarinnar, þar á meðal Daníel Ágúst Haraldsson og Hafdísí Huld.

Banananas gengur vel

Stephan er jafnframt einn af eigendum útgallerísins Bananas sem hefur verið starfrækt í tæpt ár. „Það gengur alveg súper. Við leggjum áherslu á skemmtilega list. Þetta er útgallerí og við fáum verk sem við setjum upp og höfum meðal annars haldið ljósmyndasýningar,“ segir Stephan, sem hélt sjálfur ljósmyndasýningu í janúar með myndum sem hann tók í Hvalfjarðargöngnum. Hann er einnig í hálfu starfi hjá auglýsingastofunni Jónsson &

Lemack og Lemaq og líkar alveg þrýðilega.

Leiðsögumaður og skútueigandi

Stephan starfar sem leiðsögumaður í sumar, annað árið í röð, og fer með franska ferðamenn í Öræfin og sýnir þeim íslenska náttúru eins og hún gerist fallegust. „Þetta er alveg yndislegt,“ segir hann. „Það er gott að kúpla sig út frá öllu. Maður labbar bara á daginn og borðar á kvöldin.“ Hann á einnig hlut í skútu ásamt nokkrum Íslendingum, m.a. Ottari Proppé, fyrrum meðlimi Ham og núverandi söngvara í hljómsveitinni Rass. Þar fær hann einnig gott tækifæri til að njóta náttúrunnar.

Stephan segir það síður en svo vera gamlan draum að eiga skútu. „Þetta er bara nýr draumur sem var látinn ræstast. Við vorum í matarboði í New York hjá manni Hrafnhildar Arnaldsdóttur. Þau áttu skútuna og við keyptum okkur inn í hana,“ segir hann. Fyrsta ferðin sem var farin á skútunni var frá Miami til Kúbu um síðustu áramót en nú er skútan á leiðinni til Saint Martin þar sem hún verður geymd hjá einum eigenda hennar.

Engin tískufrík

Stephan hefur löngum verið talinn mikil tískufrík en hann vill ekki viðurkenna það. „Þetta halda nú allir en svo er ekki. Ég byrjaði að safna hári vegna veðmáls og er búinn að safna í þrjú ár en sá sem ég veðjaði við klippti sig eftir eitt og hálf. Auðvitað hugsa ég hvað ég fer í með Gus Gus og er með

Í HNOTSKURN: Stephan Stephensen

PLATAN: Grace Cathedral Concert með Cal Tjader
BÓKIN: Meistarinn og margaríta
ÞÁTTURINN: Monkey
DRYKKURINN: Gin og tónik
MATURINN: Spaghettí með spaghettitómatsósu og rauðvín með.

glimmer og fer í ananas-föt þegar ég breytist í President Bongo. Annars get ég ekki sagt að ég hugsi meðvitað um tiskuna, ekki nema við sérstök tilefni,“ segir hann.

Stephan skartaði fyrir nokkru síðan miklu alskeggi en hefur nú snrytt það niður í yfirvaraskegg. Tilefnið er þátttaka hans í yfirvaraskegg skeppinni Tom Selleck 29. júní, sem hann hefur átt þátt í að halda undanfarin ár. Í þetta skiptið lætur hann lítið fyrir sér fara á skipulagningunni því hann stefnir sjálfur á sigur í keppinni.

Fyrst FH svo Barcelona

Á síðasta ári vakti athygli þegar Stephan sýndi risastórt FH-húðflúr, sem hann hafði látið setja á sig til bráðabirgða, á tónleikum Gus Gus skömmu eftir að félagið tryggði sér Íslandsmeistaratiðinn í fótboltaum. Stephan segist alltaf fara á leiki þegar hann er á landinu. „Ég er líka harður Barcelona-aðdáandi. Það er fyrst FH og svo Barcelona,“ segir hann og hlær. „En ég á ekkert upphaldslið á Englandi. Þeir eru ekki eins flottir leikmennirnir þar.“

ÓMISSANDI

PÁLMI OG REGÍNA ÓSK

Blandari og eyrnalokkar



Pálmi Sigurhjártarson tónlistarmaður frumsýndi á föstudag Bítl sýninguna en hann er tónlistarstjóri sýningarinnar. Hann

spilar einnig með Sniglabandinu en hljómsveitin vinnur að útgáfu plötu í sumar, ásamt því að undirbúa útvarpsþátt á Rás 2.

Píanóið. Þó ég spili daginn út og daginn inn þá nota ég það heima við til afslóppunar líka. Svo ég nota það mikið, bæði fyrir sjálfan mig og vinnunnar vegna.



Blandarinn til að búa til heilsusafa. Það finnst mér ómissandi, alltaf gott þegar maður hefur tíma á morgnana að búa sér til heilsudrykk. Ég set gulrætur, epli, appelsínur og perur og svona. Þetta er mjög mikilvægt.

Ég er með **heitan pott** hérna heima hjá mér, voða fínt að nota hann. Eitthvað sem manni finnst algjörlega nauðsynlegt, að sitja á síðkvöldum í pottinum, voðalega kósi.



Regína Ósk Óskarsdóttir söngkona var að klára söngnámskeið sem hún var með úti á landi. Á döfinni er að syngja á blúshátíð í Ólafsfirði og svo hefst vinna við nýja sólóplötu í ágúst. **Heimilistölvan** mín sé ómissandi hlutur númer eitt. Ég var einmitt að kaupa mér nýja tölvu, hún er enn í kassanum. Ég get hlustað á tónlist, skrifað texta, verið á netinu, og svo er pósturinn nauðsynlegur til þess að skipuleggja verkefni.

Svo er það **tónlistin**. Það er algjör nauðsyn fyrir tónlistarmann að hlusta á tónlist. Ég er alveg ónýt ef ég hlusta ekki á tónlist. Ég nota geisladiska eins og er og ég kaupi mína diska, ég þori ekki að innihala efni. Ég á stórt safn, einhverja 3-400 diska.

Eyralokkarnir mínir. Ég er með köru sem er full af skartgripum. Mér finnst ég bara nakin án eyralokkanna, ég verð að hafa eitthvað skart. Ætli ég eigi ekki svona 70 pör af eyralokkum.

Ég er sjúk í eyralokka. Ég er ekki skófrík, ég er eyralokkafrík.

Þorpsbúar flýja skítaflugur


Rússlenska þorpið Polevoy hefur verið rýmt eftir að milljónir flugna gerðu þar innrás. Vandinn versnaði eftir að bóndi nokkur losaði sig við tonn af hæsnaskít nálægt þorpinu sem er í Sverdlovsk-sýslu sem þykir eitt fegursta hérað Rússlands.

Hitar í maí og miklar rigningar í júní sköpuðu afbragðs skilyrði fyrir flugurnar, sem nú skipta milljónum. Yfir fimmtíu hús hafa verið yfirgefin og aðeins einn íbúanna, Elena Potapova, varð eftir því hún átti ekki í önnur hús að venda. „Þorpið er ekki bjóðandi

nokkrum manni og ég geng um með grímu fyrir vitum mínum, því annars mundi ég enda með fullan munn af flugum í hvert skipti sem ég dreg andann,“ segir Elena, hreint miður sín.

„Og hávaðinn í suðandi flugunum er ærandi. Það er ekki til sá blettur í bænum sem ekki er þakinn flugum og húsið fyllist um leið og maður opnar dyrnar.“

Kjúklingabóndinn sem flutti hæsnaskítinn að þorpinu hefur beðið þorpsbúa afsökunar og vonast til að málið leysist sem fyrst.



„Vegna vætu um við ekki getað plægt akra þannig losað okkur við skítinu sem lífrænan áburð, en um leið og hættir að rigna munum við plægja og þá fækkar flugunum um leið,“ sagði hann í afsökunartóni.

FLUGNAFÁR Íbúar þorpsins Polevoy hafa flúið heimili sín vegna milljóna skítaflugna.

SONY

Sumartilboð í Sony Center
512 MB minnskort fylgir!

512 MB minnskort að verðmæti 10.995,- fylgir með!



DSC-S90 & 512 MB minnskort

Stafræn myndavél

- 3x optical Carl Zeiss linsa
- 4,1 milljón pixlar
- 2,5" skjár

3.495 krónur á mánuði vaxtalaust*
41.940 krónur staðgreitt



DSC-T7 & 512 MB minnskort

Stafræn myndavél

- 3x optical Carl Zeiss linsa
- 5,1 milljón pixlar
- 2,5" skjár

4.995 krónur á mánuði vaxtalaust*
59.940 krónur staðgreitt



DSC-P200 & 512MB minnskort

Stafræn myndavél

- 3x optical Carl Zeiss linsa
- 7,2 milljón pixlar
- 2" skjár

4.495 krónur á mánuði vaxtalaust*
53.940 krónur staðgreitt

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

Einkapota rapphundsins

Eins og allir vita er sjálfur rappkóngurinn Snoop Doggy Dogg á leið til landsins og heldur tónleika í Egilshöll 17. júlí. Fyrsta farrými dugar ekki fyrir svo mætan mann og að sjálfsgöðu flýgur hann hingað í sinni eigin einkapotu eða eins og hann myndi segja: „My own privizzle jetizzle,“ eða eitthvað í þá áttina. Fréttablaðið komst yfir myndir af gripnum. Eins og sést á þeim er hér á ferðinni klassapota þar sem Snoop getur flatmagað með sitt „gin og djús“ á leiðinni til Íslands. Með honum í för verða þrjátíu manns og þar á meðal fjölskylda og tólf manna hljómsveit.



ALVÖRU SETUSTOFA Þegar lítið er á þessar myndir er Snoop Doggy Dogg ekki það fyrsta sem manni dettur í hug enda ólíklegt að hann hafi séð um innanhússarkitektúrinn. Borðin og allt tréverkíð er úr brasilískum við og sætin eru úr kremlituðu leðri. Gluggarnir eru svo að sjálfsgöðu hljóðeinangraðir tvöfalt meira en venjulegt telst.



BETRI STOFAN Það eru engin venjuleg flugsæti í vélinni, bara leðurstólar og sófar. „Eigum við að færa okkur í betri stofuna?“ gæti Snoop sagt við hina gangsterana þegar flugtakið er yfirstaðið og sætisbeltaljósið logar ekki lengur. Hérna fer fram alvöru „chill,“ það er augljóst.



FYRSTA FARRÝMI Saga Business Class? Nei, meira í áttina við Snoop Doggy Dogg Class. Það er ekki erfitt að sjá hann fyrir sér hérna í leðurstólunum, spilandi tölvuleiki við börnin sín. Er það ekki það sem hann gerir aðallega?



SNOOP JET Þotan í allri sinni dýrð sem flytja mun Snoop, fjölskylda hans, hljómsveit og annað bráðnaðsynlegt fylgdarlið hingað til Íslands. Hún inniheldur að sjálfsgöðu plasma-sjónvarpskíki fyrir hvert sæti, X-Box og DVD-spilara og önnur bráðnaðsynleg afþreyingartæki.



NÝR GISTISTAÐUR Í ÚTIVISTARPARADÍS

Hótel Hamar er nýtt, glæsilegt þriggja stjörnu hótél í fögru umhverfi skammt frá Borgarnesi. Í næsta nágrenni við hótelið eru þekktar náttúruperlur, söguslóðir og fjölmargir útivistar- og afþreyingarkostir. Hótel Hamar verður opnað 30. júní 2005.

- 30 herbergi – fallega innréttuð og opnast beint út í garðinn
- Veitingasalur með stórkostlegu útsýni yfir Borgarfjörðinn
- Funda- og veisluástaða fyrir 40 manns
- Golfvöllur við hótelið
- Frábær útsundlaug í Borgarnesi



Sími: 444 4000

Nordica | Lofleiðir | Flughótél | Hamar | Flúðir | Rangá | Klaustur | Hérað www.icehotels.is

NAFNIÐ MITT > AXEL HALLKELL

AXEL HALLKELL JÓHANNESSON LEIKMYNDAHÖNNUÐUR

Seli beli

„Axel er í höfuðið á afa mínum og Hallkell er í höfuðið á sveitabænum sem pabbi minn er frá, Hallkellsstöðum. Þetta er landnámsnafn, Hallkell kemur fyrir í Gunnlaugs sögu Orms tungu,“ segir Axel Hallkell Jóhannesson leikmynda hönnuður um nafnið sitt.

Það má með sanni segja að nafnið Hallkell sé sjaldgæft, því aðeins einn maður ber það sem fyrsta eiginnaafn og einn sem millinafn. „Fólk er lengi að átta sig á þessu, margir segja Hrafnkell. Um það bil þriðji hver maður segir „ha“ eða „hvernig er þetta skrifað“ þegar ég kynni mig.“ Axel Hallkell notaði síðara nafnið lítið þegar hann var yngri. „Menn reyndu að stríða manni með því að segja Axel paxel en það meiddi voðalega lítið. Svo var líka var reynt að stríða með því að segja Seli beli eða eitthvað í þá áttina, að snúa „sel“ í Axel yfir í selur,“ segir Axel Hallkell. Í dag notar hann Hallkellsnafnið alltaf. „Mér finnst þetta kraftmikil, það eru svo mörg í þessu nafni. Svo er líka meðvitað að vitna í ættaróðalið,“ segir Axel Hallkell Jóhannesson.

Forliðurinn „Hall“ merkir steinn og „kell“ þýðir hjálmur. Axel er hins vegar norræn útgáfa af biblíunafninu „Absalon“ sem merkir faðir friðarins.

AXEL HALLKELL JÓHANNESSON Axel Hallkell segir að fólk rugli millinafninu oftast saman við Hrafnkel.



Helgarsprengja

United - 32" sjónvarp UTV6032

- 32" 100Hz REAL FLAT Black Matrix myndlampi
- CTI litakerfi
- Noise Reduction
- Autoformat
- 2x20w Nicam stereó hljóðkerfi
- Tónjafnari
- Mynd í Mynd (2 móttakarar)
- Textavarp
- 3 Scart tengi, RCA og SVHS tengi
- Heyrnartólstengi
- Fjölkerfa Móttaka
- Fjarstýring



JVC - 28" sjónvarp AV28RT4

- 28" Black Matrix myndlampi
- Textavarp
- 20w RMS Nicam stereó hljóðkerfi
- Valmyndakerfi
- Svefnrofi
- 2 Scart tengi og RCA tengi að framan
- Fjölkerfa móttaka
- Fjarstýring
- Mál (bxhxd) : 76,5x58,5x48,6



United - 28" sjónvarp UTV4028

- 28" Flatur Black Matrix myndlampi
- Textavarp
- 2x20w Nicam Stereó hljóðkerfi
- Allar aðgerðir á skjá
- Svefnrofi
- 2 Scart tengi
- Fjarstýring
- Mál (bxhxd) : 73x55x49



United - 14" sjónvarp UTV14X30

- 14" Black Matrix myndlampi
- Textavarp
- Scart tengi og Svefnrofi
- Fjarstýring
- Mál (bxhxd) : 43.5x34.5x38.5



United - 20" sjónvarp UTV20X40

- 20" Black Matrix myndlampi
- Textavarp
- Scart tengi og Svefnrofi
- Fjarstýring
- Mál (bxhxd) : 49x46x46



United - 21" sjónvarp UTV4121

- 21" Flatur Black Matrix myndlampi
- Textavarp
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Scart tengi og Svefnrofi
- Fjarstýring
- Mál (bxhxd) : 59x45x49

Gildir til 28. júní eða á meðan birgðir endast.

Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind.
Takmarkað úrval í öðrum verslunum.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



BARRIE ZWICKER Segist ekki hafinn yfir gagnrýni frekar en aðrir og viðurkennir fúslega að hann sé hlutdrægur í sínum skrifum.

Efast um trúverðugleika yfirvaldsins

Kanadíski blaða- og sjónvarpsmaðurinn **Barrie Zwicker** er í heimsókn á Íslandi á vegum Gagnauga.is. Barrie er einn virtasti fjölmiðlaráðgjafi Norður-Ameríku og hefur í meira en þrjátíu ár spurt spurninga um trúverðugleika og heilindi starfssystkina sinna. Hann er nú leiðandi í hreyfingu sem gagnrýnir fréttáflutning af atburðinum 11. september 2001. Hann heldur fyrirlestur í Norræna húsinu klukkan 14.00 í dag. **Oddur Ástráðsson** blaðamaður hittir Barrie að máli.

Barrie Zwicker er margverðlaunaður fjölmiðlaráðgjafi og rannsóknarblaðamaður og hefur starfað við fjölmiðla síðan hann var fimmtán ára gamall. Á áttunda áratugnum gaf hann út tímarit með fjölmiðlagagnrýni þar sem aðferðafræði og siðgæði starfssystkina hans voru til umfjöllunar. Hann segir að blaðamanninum sé í raun ómögulegt að vera hlutlaus gagnvart viðfangsefni sínu og leggur því áherslu á að sífellt skuli blaðamaðurinn efast og reyna eftir fremsta megni að varpa ljósi á sem flestar hlíðar mála.

Á morgni 11. september 2001 sat Barrie á skrifstofu sinni þegar kona hans hringdi í hann og tjáði honum að eitthvað mikið væri að gerast í New York. Barrie kveikti á sjónvarpstækini og sá aðra flugvélin fljúga inn í World Trade Center. Þegar hann hlustaði svo á fréttáflutning stóru bandarísku sjónvarpsrásanna, sem virtust hafa svör á reiðum höndum um sekt Al-Kaída og Osama bin Laden, fór hann að efast. Hann velti því fyrir sér af hverju engar herþotur hefðu verið sendar á móti flugvélunum sem stefndu á tvíbura-turnana og Pentagon, hann furðaði sig á því á því að George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, brást ekki skjótar við fregnunum og hann var forvið á því hvernig í ósköpunum kollegar hans komust að því á undraskömmum tíma að 19 sjálfsmorðsóðir arabar á vegum Osama og Al-Kaída bæru ábyrgð á voðaverkunum. Síðan þá hefur Barrie rýnt í fréttáflutning af atburðinum og

efast um sannleiksgildi staðhæfinga sem haldið er fram í útbreiddustu fjölmiðlum veraldar.

Allir geta efast

Þegar atburðir á borð við þá sem urðu 11. september dynja á þyrstir almenning í svör við því af hverju einhver gerir svona lagað og hver það er sem gerir svona lagað. Aðspurður hvort þjóð sem stendur frammi fyrir slíkum spurningum sé í stakk búin til að efast svo um svörin sem hún fær segir Barrie: „Já, ég held að þjóðfélag sé alveg í stakk búit að efast. Spurningin er hins vegar hvort fólk vilji efast því að vera fær um eitthvað er ekki endilega það sama og að vera tilbúinn að gera það. Í raun skiptir geta því ekki máli í þessu tilfelli heldur er það tilhneigingin sem ræður. Flestir hafa tilhneingingu til að trúá því sem er auðvelt að trú, sérstaklega þegar spurningarnar eru erfiðar. Einfalda orðið til að lýsa þessari tilhneingingu er afneitun, en það er samt í raun allt of einfalt hugtak. Það sem liggur að baki afneitun er ótti, ekki bara ótti við eitt heldur ótti við margt.

Ef mig til dæmis grunar að einhver hafi sett eitru í vatnsglasið mitt þarf ég að gera upp við mig hvort ég haldi áfram að drekka. Ef ég hætti að drekka og segi af hverju gætu sessnautar mínir haldið að ég væri vænisjúkur og þar kemur upp vandamál. Á hinn bóginn ef ég held áfram að drekka gæti ég verið að innbyrða eitru. Það sama gildir um upplýsingar, þær geta verið afskaplega óþægilegar en um

leið mikilvægar. Þess vegna horfum við bæði á og greinum frá staðreyndum sem eru óþægilegar. Á einu stigi meðtökum við upplýsingarnar en á öðru kjósum við að virða þær að vettugi. Þessa kenningu má vel heimfæra upp á viðbrögð almennings eftir 11. september. Flestir trúa því að stjórnvöld séu yfirleitt góð og ljúgi sjaldnast, sérstaklega í Bandaríkjunum. Þeir sem trúa þessu vilja ekki efast og sætta sig því við opinberu skýringuna á atburðinum.“

Allir eiga að efast

Hlutverk blaðamannsins er að spyrja spurninga og efast um sem flest í leit að svörum. Hins vegar er nauðsynlegt að ganga út frá ákveðnum hlutum sem vísum því öðrum kosti yrði eflaust lítið til af fréttum. Barrie var spurður að því hvort ekki væri erfitt að finna mörkin á milli efast og trúarinnar. „Ég held að það sé hægt að finna þennan veg. Sumir trúa nær öllu sem þeim er sagt og eru því sem næst ófærir um að efast. Aðrir hafa tilhneingingu til að taka allt það sem gengur gegn hinum hefðbundnu stofnanagildum trúanlegt. Okkur ber hins vegar skylda til að efast um þær upplýsingar sem við fáum, upp að því marki þó að við verðum ekki svo tortryggir að við þorum ekki fram úr rúminu á morgnana,“ segir Barrie.

Stóru fjölmiðlarnir bera ábyrgð

Þegar Barrie fylgdist með atburðinum 11. september á sjónvarpsskjánum fylltist hann strax efa um að fréttáflutningur af at-

burðinum væri trúverðugur. Síðan hefur hann safnað saman gögnum sem hann segir að sýni að opinberar skýringar standist ekki. „Ég hef lengi haft mikinn áhuga á flugi og var sjálfur í kanadíska flughernum á sínum tíma. Þegar atburðirnir dundu

yfir 11. september stóð ég sjálfan mig að því að hvetja bandaríska flugherinn áfram, enda hélt ég að herþotur yrðu sendar á loft til að stöðva þær flugvélar sem enn voru á flugi og ógnuðu hugsanlegum skotmörkum. Þegar svo leið og beid og engar herþotur



WORLD TRADE CENTER Örfáum augnablikum eftir að seinni flugvélin skall á suðurturni World Trade Center hinn 11. september 2001.

Hvað gerðist 11. september 2001?

Að morgni 11. september árið 2001 flugu tvær farþegaþotur á tvíburaturnana World Trade Center á Manhattan í New York. Þriðja þotan flaug á byggingu Pentagon, varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna í Washington-borg, og sú fjórða hrapaði nálægt Pittsburgh í Pennsylvaníu.

Nokkrar mínútur liðu á milli flugvélnanna tveggja sem skulu á tvíburaturnunum og voru þúsundir manna fastar í turnunum á meðan eldar geisluðu í byggingunum. Slökkviliðsmenn New York-borgar voru svo við björgunarstörf þegar turnarnir hrundu til grunna. Tæplega 3.000 manns létust í turnunum þennan örlagaríka dag.

Bandarískri lofthelgi var lokað dagana sem á eftir liðu og fylgst var náið með

nokkrum flugvéllum sem ekki höfðu gert grein fyrir ferðum sínum. Öttast var að til stæði að fljúga vélum á fleiri opinberar byggingar, jafnvel Hvíta húsið eða þinghúsið í Washington.

Aðeins fáeinum klukkustundum eftir að síðari flugvélin skall á World Trade Center skaut nafn Osama bin Laden upp kollinum í samhengi við atburðina. Því var haldið fram að aðeins örfáir hryðjuverkahópar væru færir um að skipuleggja slíkar árásir og Al-Kaída samtök bin Laden þóttu strax líklegust.

George Bush Bandaríkjaforseti lýsti því svo yfir að árásirnar hefðu verið stríðsaðgerðir og að Bandaríkin væru komin í stríð gegn hryðjuverkum. Aðfaranótt sunnudagsins 14. október 2001 hófu svo Bandaríkjamenn loftárásir á



Afganistan í þeim tilgangi að uppræta Talibanastjórnina sem talin var skjóta skjólshúsi yfir Osama bin Laden og hryðjuverkasamtök hans. Talibanastjórninni hefur nú verið komið frá en bin Laden er enn ófundinn.

Jónsmessuganga í kvöld



Eyjólfur Kristjánsson og Kalli Bjarni skemmta

Bláa Lónið og Grindavíkurbær bjóða upp á hina árlegu Jónsmessugöngu á fjallið Þorbjörn í kvöld

Idolstjarnan Kalli Bjarni verður með í för og tekur lagið yfir varðeldi þegar á toppinn er komið. Gangan endar við Bláa Lónið – heilsulind þar sem Eyjólfur Kristjánsson mun sjá um að skemmta gestum. Heilsulindin verður opin til kl. 01.00.

Lagt verður af stað frá sundlaug Grindavíkur kl. 20.30. Enginn þátttökukostnaður verður í gönguna en þátttakendur greiða aðgang í Bláa Lónið – heilsulind. Sætaferðir verða til Grindavíkur frá BSÍ klukkan 19.30 og frá SBK í Reykjanesbæ kl. 20.00. Sætaferðir frá Bláa Lóninu – heilsulind verða til Grindavíkur, Reykjanesbæjar og Reykjavíkur kl. 01.00.

www.bluelagoon.is • 420 8800



voru farnar á loft áttið ég mig strax á því að ekki væri allt með felldu. Ég þekki fleira fólk sem byrjaði strax að efast og vegna annarra ástæðna jafnvel, án þess þó að ætla sér nokkurn tíma að efast. Allir þeir sem rýna í staðreyndir málsins hljóta að efast. Hins vegar hefur það tekið marga langan tíma að átta sig á því og sumir efast ekki enn um opinberu skýringuna. Það eina sem ég held að dugi til þess að fá það fólk til að efast er að stóru vinsælu fjölmiðlarnir bendi á þessar staðreyndir. Þá jafnvel færur þeir sem ekki eru forvitnir um málið að efast, það eru nefnilega svo mörg mikilvæg atriði sem passa ekki við hina opinberu skýringu," segir Barrie.

Tilhneiging til að efast um yfirvald

„Ég hef lengi haft tilhneigingu til að efast um yfirvald. Ég hef átt auðvelt með að setja fram þennan efa minn því ég hef lengi starfað sjálfstætt og því hefur enginn verið í þeirri stöðu að geta rekið mig, líki honum ekki við það sem ég segi. Ég hef það líka að reglu að segja ekki neitt sem ég get ekki stutt með staðreyndum. Fyrir vikið hefur mér tekist að forðast vandræði," segir Barrie.

Ekki hafinn yfir gagnrýni

Barrie hefur starfað við það í meira en þrjátíu ár að gagnrýna stallsystkini sín fyrir fréttaflytning. Aðspurður hvort hann hafi ekki sjálfur verið gagnrýndur fyrir sína blaðamennsku segir Barrie: „Ég er ekki hafinn yfir gagnrýni, alls ekki, og hef beinlínis lagt mig fram um að taka það sérstaklega fram. Ég er ófullkominn eins og aðrir. Eins trúir ég ekki á hlutleysi, það hefur aldrei verið skrifuð frétt sem er algjörlega hlutlaus. Í hvert skipti sem þú velur setninguna sem þú skrifar fram yfir ótal aðrar setningar ertu að taka afstöðu. Ég er hlutdrægur og það kemur fram í því sem ég skrifa án þess að það eigi að vefjast fyrir neinum.“


oddur@frettabladid.is



Fáðu þér nýjan stafrænan myndlykil strax hjá áskriftardeild, Krókhálsi 6 eða í vörslunum OgVodafone og Skífunnar.

VIÐ ERUM Á ÍSLANDI!

GOTT FOLK MEGANN




SJÓNVARP

60

SJÓNVARPSSTÖÐVAR

GOTTÓLA KUCZAK



FÁÐU FYRSTA MÁNUÐINN FRÍAN

Ef þú færð þér Stóra pakkann fyrir 31. júlí í minnst 6 mánuði þá færðu fyrsta mánuðinn frían.

Nýtt á Digital Íslandi

Sjónvarpsstöðin Sirkus fylgir nú frítt með Digital Íslandi.

Pakkar:

Stóri pakkinn, Skemmtipakkinn, Fræðslupakkinn, Sportpakkinn og Evrópupakkinn.

Verð frá 2.250 kr. / M12 verð: 2.090 kr.

Digital Ísland á Suðurlandi, haust 2005

digital island

FRÁBÆR DAGSKRÁ - FULLKOMIN TÆKNI



Heyrst hefur ...

... að Hafnafjarðarmafían, stuðningsmannaflokkur FH-inga í fótbolta, sé ugðandi eftir að hafa hlýtt á stuðningsmannalag Neftchi Baku frá Aserbaídsjan. Lagið, sem hægt er að nálgast á heimasíðu FH, er harmónísk blanda af Evróvison-slagara af bestu gerð og hefjublastrí að hætti Rocky-myndanna, og gefur FH-lögnum lítið eftir.

sport
sport@frettabladid.is

LÍÐ FYLKIS Í LANDBANKAÐEILDINNI: MEIDDUR MAÐUR SÉR UM AÐ SKORA MÖRKIN

Hrafnkell skorar á klukkutíma fresti

Hrafnkell Helgason, leikmaður Fylkis, hefur verið óvanalega mikið á skotskónum það sem af er Íslandsmóti í knattspyrnu. Hann hefur skorað fjögur mörk í fimm leikjum, þrátt fyrir að hafa ekki leikið nema part úr hverjum leik, en hann hefur leikið sem varnarmaður nánast allan sinn feril.

Hrafnkell hefur átt við meislí að stríða og kemur því oftast en ekki inn á sem varamaður í leikjum liðsins. Þegar árangur hans er skoðaður nánar kemur í ljós að um klukkutími líður á milli marka hjá honum, sem er góður árangur hjá manni sem ekki hefur verið frægur hingað til fyrir að skora mörg mörk. „Ég hef ekki verið mikill markaskorari á mínum ferli, enda spilaði ég í vörn upp alla yngri flokka. En ég hef stundum verið sagður markheppinn á æfingum og það er ágætt að það sé farið að koma fram í leikjunum líka.“



Hrafnkell hefur verið að spila framar á vellinum síðan Þorlákur Árnason tók við sem þjálfari af Aðalsteini Víglundssyni. Hann hefur látið hann spila framarlega á miðjunni í mörgum leikjum og er hann því oftast en ekki mættur í vítateiginni þegar boltinn berst þangað.

„Þegar Þorlákur var að þjálfva Val mættum við Völsurum í síðasta leik Íslandsmótsins. Aðalsteinn setti mig í framlinuna í þeim leik og mér tókst að skora tvö í 6-2 sigri. Kannski hefur Þorlákur, sem síðar tók við Fylki, fært mig framar eftir að hafa horft upp á þetta sem þjálfari Vals.“

Þorlákur segir markaskorun Hrafnkels ekki hafa komið á óvart. „Hrafnkell er einstaklega fjölhæfur og góður leikmaður. Þeir eru ekki margir sem gera sér grein fyrir því hversu góður knattspyrnumaður hann er, því fáir leikmenn hafa betri leikskilning en hann. Markaskorun hans hefur því ekkert komið mér á óvart.“


> Við samgleðjumst ...

... leikmönnum granniðs okkar Íslendinga, HB frá Færeyjum, en þeir munu mæta stórlíði Liverpool í 2. umferð forkeppni Meistaradeildarinnar, fari svo að þeir sigri Kaunas frá Litháen í fyrstu umferðinni. Fastlega má gera ráð fyrir því að einhverjir íslenskir stuðningsmenn Liverpool muni reyna að gera sér ferð til Þórshafnar verði leikurinn að veruleika.



> Við furðum okkur ...

... á því að Arnar Gunnlaugsson skuli hafa verið valinn maður leiksins í símaköningu OgVodafone á leik KR og Þróttar í fyrradag. Arnar lék ekki með KR í leiknum vegna meiðsla og ekki ber á öðru en að síður en svo glöggir áhangendur KR hafi ruglast á honum og Bjarka bróður hans.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

22 23 24 25 26 27 28

Laugardagur

LEIKIR

- 14.00 Völsungur fær Víking frá Ólafsvík í heimsókn á Húsavíkurvelli í 1. deild karla.
- 16.00 Haukar taka á móti KS á Ásvöllum í Hafnarfirði í 1. deild karla.
- 16.00 Fjölnir mætir Þór í Grafarvoginum í 1. deild karla.

SJÓNVARP

- 13.00 Smáþjóðaleikarnir í Andorra á RÚV.
- 14.20 US PGA 2005 á Sýn.
- 14.30 Vestfjarðavíkingur 2004 á RÚV.
- 15.15 Motorworld á Sýn.
- 15.30 Bikarkeppnin í frjálsum íþróttum á Sýn.
- 15.45 Álfukeppnin á Sýn.
- 18.00 Stjórnugolf 2005 á Sýn.
- 18.30 Bandaríska mótardöin í golfi á Sýn.
- 19.00 Toyota-mótardöin í golfi á Sýn.
- 20.00 Álfukeppnin á Sýn.
- 21.40 NBA á Sýn.
- 23.40 Hnefaleikar á Sýn.

Þetta verður ævintýri

Íslandsmeistarar FH drógust gegn Neftchi Baku frá Aserbaídsjan í 1. umferð Meistaradeildar Evrópu. Ef FH kemst áfram mætir liðið Anderlecht.

FÓTBOLTI „Það hefði verið hægt að fá betri drátt, en við verðum að taka þessu eins og menn.“ sagði Heimir Guðjónsson, fyrirlíði Íslandsmeistarara FH, eftir að dregið var í fyrstu tvær umferðirnar í forkeppni Meistaradeildar Evrópu í gær.

Íslandsmeistararnir leika gegn Neftchi Baku frá Aserbaídsjan í fyrstu umferð og ef þeir ná sigri mæta þeir síðan belgíska stórlíðinu Anderlecht. Vonin um að FH fengi Liverpool er því runnin út í sandinn en Evrópumeistararnir fá Total Network Solutions frá Wales í fyrstu umferðinni.

„Ég hef aldrei komið til Aserbaídsjan og þetta verður bara ævintýri. Ef flugvélin verður fín er þetta allt í lagi. Við verðum bara að ná sterkum varnarleik þarna úti og ná hagstæðum úrslitum, það er fínt að fá seinni leikinn heima.“ sagði Heimir Guðjónsson. „Ef við komumst áfram fáum við að leika gegn Anderlecht og menn hljóta að vilja komast í þá leiki. Við slógum Dunfermline út í fyrra en Anderlecht hefur sterkara lið. Við erum þó að sama skapi sterkari en í fyrra og það er alltaf möguleiki.“

Heimur fer ekki leynt með það



EKKI SPENNTUR Heimur viðurkennir að hann sé ekkert að farast úr spennangi yfir að fara til Aserbaídsjan. Hann hefði helst kosið að mæta HB frá Færeyjum.

að hann er ekki fullur eftirvæntingur fyrir ferðalagið til Aserbaídsjan.

„Draumurinn hjá mér hefði verið að fara til Færeyja og fá

síðan Liverpool í 2. umferð. Það þýðir samt ekkert að spá í það núna, við verðum bara að eiga góðan leik í Aserbaídsjan,“ sagði Heimur.

elvar@frettabladid.is



Á LEIÐ TIL LÚX Leikmenn Keflavíkur munu mæta Etzella Ettelbrück.

Keflavík og ÍBV heppið: Fara til Færeyja og Lúxemborg

FÓTBOLTI Í hádeginu í gær var dregið í fyrri umferð undankeppni Evrópukeppni félagsliða og voru ÍBV og Keflavík í pottinum. Keflavík dróst gegn FC Etzella Ettelbrück frá Lúxemborg en ÍBV fékk lið B36 frá Þórshöfn í Færeyjum. Eyjamenn eiga fyrri leikinn á heimavelli en Keflavíkingar byrja í Lúxemborg. Leikið verður 14. og 28. júlí.

Þetta verður að teljast nokkuð góður dráttur fyrir bæði lið og ágætis möguleikar að komast áfram. „Það er ekkert nema gott um þetta að segja, mér líst ljómandi vel á þetta. Við sluppum við þessi lið frá Eistlandi og Lettlandi og það er gott mál. Ég hef aldrei farið í fótboltaleik með öðru hugarfari en að sigra og það verður engin breyting þar á,“ sagði Guðmundur Steinarsson, fyrirlíði Keflavíkinga.

-egm



Allt sem þú þarft og meira til

allt

Allt um nám á miðvikudögum í Fréttablaðinu.



Guðjón Þórðarson vinnur að því að styrkja lið sitt: Reyndi að fá Ólaf Inga til Notts County

FÓTBOLTI Guðjón Þórðarson greindi frá því á vefsíðu Notts County í gær að sér hefði mistekist að krækja í Ólaf Inga Skúlason, sem eins og kunnugt er gekk í raðir Brentford á dögunum.

Guðjón segist hafa vonast eftir að landa Ólafi, en segist hvergi nærri hættur að leita að leikmönnum til að styrkja hópinn fyrir komandi tímabil og segist vera með mörg járn í eldinum. „Ég hefði gjarnan viljað fá Óla til Notts County, en ég gerði mér grein fyrir því að það yrði erfitt,“ sagði Guðjón, sem einnig hefur lagt línurnar fyrir sumarið og tilkynnti í gær að leikmenn liðsins ættu ekki von á neinu dútli á undirbúnings tímabilinu. „Við munum æfa tvisvar á dag flesta daga, í stað einnar æfingar eins og

verið hefur. Ég er vanur að láta lið mín æfa með þessum hætti og það hefur gefist vel,“ sagði Guðjón.

-bb

KÓNGURINN Guðjón Þórðarson er farinn að láta til sín taka hjá Notts County.



ROBERT PIRES Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, vill ekki semja við hann lengur en til eins árs.

Enska úrvalsdeildin:

Juventus hefur áhuga á Pires

FÓTBOLTI Robert Pires, Frakkinn snjalli hjá Arsenal, er nú sterklega orðaður við Juventus á Ítalíu.

Stjórn Juventus hefur ákveðið að reyna aðeins að fá leikmenn til félagsins sem eru samningslausir eða fást fyrir lítinn pening, þar sem Fabio Capello, knattspyrnustjóri liðsins, hefur eytt talsverðum peningum síðan hann tók við liðinu. Arsenal hefur þá stefnu að semja ekki til langs tíma við leikmenn sem eru komnir yfir þrjúgt, en Pires hefur nú þegar náð þeim aldri. Frekar hefur Arsene Wenger áhuga á því að kaupa unga leikmenn sem hann getur unnið með í langan tíma og þannig mótað leikstíl liðsins í kringum unga og ferska leikmenn.

Pires á eitt ár eftir af samningi sínum við Arsenal, en viðræður um framlengingu á honum, sem staðið hafa í meira en fjóra mánuði, hafa engum árangri skilað.

-mh



CRAIG BELLAMY Velski landsliðsmaðurinn hefur ekki brugðist við mótlæti með réttum hætti að mati Souness og er óvelkominn hjá félaginu.

Craig Bellamy:

Vill æfa með unglíngunum

FÓTBOLTI Craig Bellamy, leikmaður Newcastle, hefur grátbedið um að fá að vera áfram hjá félaginu, en krafta hans er ekki óskað eftir að hann lenti upp á kant við knattspyrnustjórnann Graeme Souness. „Ég á tvö ár eftir af samningi mínum við Newcastle og á þessari stundu hef ég ekki áhuga á því að leika með neinu öðru liði.“

Undirbúningsstímabilið hjá aðalliði Newcastle hefst á mánudaginn og vonast Bellamy eftir því að fá að æfa með því. „Ég get ekki sagt til um það hvort ég fæ leyfi til þess að æfa með aðalliðinu, þjálfararnir verða að ákveða það. Ef mér verður sagt að æfa með unglíngaliðinu mun ég gera það. Ég get bara reynt að haga mér eins og atvinnumaður og bera virðingu fyrir knattspyrnustjórnunum og félaginu. Eftir það verð ég að sjá hvort ég get fengið að vera hér áfram. Ég ætla að reyna að halda einbeitingunni og leggja mig allan fram fyrir Newcastle.“

Arnar Pétursson:

Genginn til liðs við Hauka

HANDBOLTI Arnar Pétursson hefur tekið þá ákvörðun að leika með Haukum í handbolthanum næsta vetur og mun skrifa undir tveggja ára samning við félagið um helgina.

Arnar er búsettur í Áslandi í Hafnarfirði og sagði Hauka hafa verið besta kostinn í stöðunni. „Haukar hafa hörkulið og verða örugglega áfram í baráttunni í efri hlutanum. Þetta verður örugglega skemmtilegt, að taka þátt í Evrópukeppninni og svona. Þetta er eiginlega bara rökrétt framhald hjá mér,“ sagði Arnar en hann kemur til Hauka frá grönnum í FH. Hann leikur sem miðjumaður en getur einnig nýst í skyttuhlutverkinu.

Þetta er annar leikmaðurinn á tveimur dögum sem ákveður að ganga í raðir Hauka en Árni Þór Sigtryggsson skrifaði undir tveggja ára samning við félagið á fimmtudag.

Phoenix missir leikmann:

Richardson til New York

KÖRFUBOLTI Forráðamenn Phoenix Suns eru farnir að búa sig undir að framlengja samning við stórstjörnu sína Amare Stoudemire, því í gær var staðfest að Suns væri í viðræðum við New York Knicks um að færa því skotbakvörðinn Quentin Richardson í skiptum fyrir framherjann Kurt Thomas.

Richardson gerði stóran samning við Phoenix í fyrra, en nú er ljóst að ef Suns ætlar sér að geta haldið Stoudemire verður félagið að minnka byrðina undir launabaki sínu og það þýðir að það verður að fórn Richardson. Kurt Thomas hefur verið tíu ár í deildinni og er nothæfur leikmaður, en hann á stutt eftir af samningi sínum og gefur Suns því möguleika á að halda í Stoudemire, sem bókstaflega sprakk út í fyrra og er orðinn einn besti leikmaður deildarinnar. -bb

Chelsea býður í Arnesen

Fátt getur komið í veg fyrir að Daninn Frank Arnesen verði yfirmaður knattspyrnumála hjá Chelsea eftir að Tottenham barst gírnilegt tilboð frá félaginu.

FÓTBOLTI Frank Arnesen, sem er yfirmaður knattspyrnumála hjá Tottenham Hotspur, er sagður á leiðinni í sambærilega stöðu hjá Chelsea. Tottenham hefur nú fengið tilboð í Arnesen frá Chelsea, en óvanalegt er að yfirmenn knattspyrnumála séu keyptir fyrir háar upphæðir milli félaga. „Við höfum fengið tilboð frá Chelsea sem við ætlum að íhuga vandlega,“ segir í yfirlýsingu sem félagið sendi frá sér í gær.

Myndir af Frank Arnesen og Roman Abramovitsj saman á glæsisnekkju þess síðarnefndu birtust í breskum blöðum nýverið og fór það fyrir brjóstið á stuðningsmönnum Tottenham, sem eru ekki hrifnir af þessum kunningskap Arnesen og Abramovitsj.

„Eftir að við sáum myndirnar ákváðum við að gefa Chelsea tækifæri fram til dagsins í dag til þess skila inn formlegri beiðni um að fá að ræða við Frank Arnesen. Sú beiðni barst okkur í dag,“ sagði forsvarsmáður Tottenham við enska fjölmiðla í gær.

Tilraun Chelsea til þess að ná Arnesen til starfa hefur valdið

FRANK ARNESEN Chelsea-menn hafa verið duglegir á leikmannamarkaðnum undanfarið ár, en láta nú til sín taka á þjálfaramarkaðnum.



miklu fjaðrafoki, en Tottenham rak Arnesen frá störfum tímabundið þar sem grunur lék á að Arnesen væri að semja við Chelsea án þess að bera það undir forráðamann Tottenham.

Arnesen, sem áður starfaði hjá PSV Eindhoven í Hollandi, þykir snjall þjálfari og skipuleggjandi þjálfunar, en hann var maðurinn sem fékk Eið Smára Guðjohnsen til PSV á sínum tíma. -mh



DIEGO MARADONA Maradona hefur snúið baki við eiturflyfunum og er aftur farinn að starfa við knattspyrnuna.

Diego Maradona:

Kominn til Boca Juniors

FÓTBOLTI Argentíska knattspyrnuhetjan Diego Armando Maradona hefur verið ráðin varaforseti knattspyrnumála hjá Boca Juniors í Argentínu. Maradona, sem spilaði með Boca Juniors kringum 1980 áður en hann gekk til liðs við Barcelona og aftur á síðasta áratug, hefur störf hjá félaginu í ágúst.

Maradona hefur tekið líf sitt föstum tókum síðustu mánuði en eiturflyfjakn hans var næstum búin að draga hann til dauða fyrir skemmstu.

Í kjölfarið fór Maradona í heilsuáttak og hætti allri fíkniefnaneyslu. Hann þykir líta vel út núna, þrátt fyrir að vera aðeins yfir kjörþyngd. -mh

Bíll ársins

» Hyundai Tucson



Í FLOKKI JEPPIA OG JEPPLINGA



Hyundai Tucson 2.0 CRDi-Dísel, sjálfskiptur.

Dráttargeta 1600 kg.

Verð kr. 2.730.000

Bílasamningur kr. 28.500 á mánuði.

m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.

Hyundai Tucson 2.0 bensín, beinskíptur.

Dráttargeta 1600 kg.

Verð kr. 2.370.000

Bílasamningur kr. 24.700 á mánuði.

m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.

B&L

Griðthálsi 1

575 1200

www.bl.is




Með bílinn handa þér



Talstöðin
FM 90,9

LAUGARDAGSMORGUNN
Í umsjón Eiríks Jónssonar.
Alla laugardagsmorgna kl. 10.



Allt sem þú þarft
og meira til

allt

Allt um heilsu
á þriðjudögum
í Fréttablaðinu.



Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið
Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer,
ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni),
þú getur þá hringt í það ef Fréttablaðið kemur
einhvern tímann ekki.

NÚMERIÐ SEM ÉG
ÆTLA AÐ HRINGJA
Í EF FRÉTTABLAÐIÐ
KEMUR EKKI: **550 500**


FRÉTTABLAÐIÐ

Tim Duncan valinn bestur í þriðja sinn

San Antonio Spurs varð NBA-meistari í fyrrinótt þegar liðið lagði fráfarandi meistara, Detroit Pistons, í hreinum úrslitaleik í Texas.

FÓTBOLTI San Antonio Spurs og Detroit Pistons mættust í hreinum úrslitaleik um NBA-meistaratilinn í fyrrinótt, en þetta var aðeins í fjórða skipti í aldarfjórðung sem úrslitaeinvígi fer alla leið í sjö leiki. San Antonio hafði betur, 81-74, í miklum baráttuleik, þar sem þeir Tim Duncan og Manu Ginobili fóru fyrir liði sínu á lokaspættinum. Duncan skoraði 25 stig og hirti 11 fráköst og Ginobili skoraði 23 stig. Vörn San Antonio skellti í lás í fjórða leikhlutanum, sem liðið vann 24-17, og þar skoraði Tim Duncan helming stiga sinna.

„Við unnum sigur á ótrúlega sterku liði í kvöld, ég veit ekki hvernig í andskotunum við fórum að því, en ég er alsæll með það,“ sagði Gregg Popovich, þjálfari San Antonio. Tim Duncan var valinn verðmætasti leikmaður úrslitanna, en var fljótur að beina athyglinni annað þegar hann var spurður út í góða frammistöðu sína í fjórða leikhlutanum. „Ginobili var ótrúlegur fyrir okkur í kvöld og hann á bara eftir að verða betri. Það er kannski ljótt að segja það svona þegar maður er nýbúinn að vinna meistaratilinn, en ég veit að við getum leikið miklu betur og það er dásamleg tilhugsun fyrir framtíðina,“ sagði Tim Duncan.



GOÐSÖGN Tim Duncan er búinn að sjá til þess að hans verður minnst sem eins besta körfuknattleiksmanns allra tíma.

Ginobili tók í sama streng. „Ég er svo glaður að ég get ekki á mér heilum tekið,“ sagði sá argentíski, sem hefur notið fádæma vel-

gengi á körfuboltavellinum með San Antonio og landsliði sínu á undanföllum árum.

baldur@frettabladid.is

Valur er farinn að gefa verulega eftir og tapaði öðrum leik sínum í röð:

Er Valsblaðran sprungin?



1-0



Hásteins, áhorf: 800 Gylfi Þór Orrason (7)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	11-8 (5-1)
Varin skot	Birkir 1 - Kjartan 3
Horn	5-5
Aukaspjrnur fengnar	20-16
Rangstöður	0-0

FÓTBOLTI Því miður kláraðist leikur ÍBV og Vals svo seint á fimmtudag að við náðum leiknum ekki inn í Fréttablaðið á föstudag. Engu að síður birtum við tölfraðilegar upplýsingar og einkunnagjöf úr leiknum ásamt viðtölum sem tekin voru við þjálfarana eftir leikinn.

„Eyjamönnum tókst að skora snemma í seinni hálfleik eftir að við höfðum spilað betur en þeir í

þeim fyrri. Þetta mark virtist taka okkur úr jafnvægi og við virtumst ekki alveg þola það að lenda undir. Leikmenn ÍBV börðust rosalega í þessum leik og okkur tókst ekki að skapa okkur mikið af færum og uppskárur eftir því,“ sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, eftir leikinn en hann er ekki á því að Valsblaðran sé sprungin.

„Það eru engin endalok að tapa fótboleik og við vorum að spila á erfiðum útivelli í dag. Það er ekkert til að leggjast í gröfina yfir að tapa stigunum hér.“

Mikilvægur sigur

„Þetta var mjög mikilvægur sigur hérna í dag enda hefðum við dregist verulega aftur úr liðum ef við hefðum tapað. Þetta var líka rosalega góður sigur, mér fannst við spila mjög vel í fyrri hálfleik gegn vandinum og svo hreint frábærlega í seinni hálfleik. Mér fannst við vera

þetta mjög óheppin að hafa ekki bætt við nokkrum mörkum. Þetta er það besta sem við höfum gert í sumar og sýnir okkur að við þurfum að vera 100% einbeittir og tilbúnir til þess að ná úrslitum,“ sagði Guðlaugur Baldursson, þjálfari ÍBV en Eyjaliðið hefur ekki enn unnið leik á útivelli. - jia

ÍBV 4-5-1	VALUR 4-4-2
Birkir	7 Kjartan
Bjarni Geir	5 Steinþór
Páll Hjarðar	7* Atli Sveinn
Bjarni Hólm	7 Grétar
Adolf	5 Bjarni Ó.
Andri	6 Baldur
Atli	6 Stefán Helgi
(87. Pétur)	→ Sigurbjörn
Ian Jeffs	6 (58. Sigurður)
Heimir Snær	6 Sigbör
Platt	5 (52. Garðar)
Steingrímur	6 Matthías
(75. Pétur Óskar)	5 Guðmundur Ben.
	(82. Hálfán)

*MADUR LEIKSINS

Mikil spenna er fyrir EM-dráttinn í handbolta sem fram fer í dag:

Viggó á sér enga óskamótherja

HANDBOLTI Í dag kemur í ljós hvaða lið það verða sem leika í riðli með Íslendingum á Evrópumótinu í handknattleik sem fram fer í byrjun næsta árs. Íslenska liðið er í styrkleikaflokki með Úkraínu, Noregi og Slóvakíu, sem þýðir að þessar þjóðir verða ekki með okkur í riðli á mótinu.

Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari sagðist í samtali við Fréttablaðið ekki hugsa mikið um hugsanlega mótherja fyrir en drátturinn liggur fyrir í dag, en ljóst væri að á mótinu væru sam- an komin sterkustu handboltalið í heiminum. „Við gætum orðið heppnir og lent í þokkalegum riðli þannig lagað, en svo gætum við líka orðið óheppnir og lent í algjörum dauðariðli. Því hef ég ákveðið að vera ekkert að hugsa



RÓLEGUR Í TÍBINNI
Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari á sér enga óskamótherja í EM-dráttinum í dag.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

um þetta núna. Það fara þrjú lið áfram úr þessum riðlum og því eigum við þokkalega möguleika, en það er ljóst að það eru gríðar-

lega sterkar þjóðir á þessu móti og ekkert gefið í þessu,“ sagði Viggó.

- bb

Körfuknattleiksdeild ÍR:

Réð spænskan þjálfara

KÖRFUBOLTI Körfuknattleiksdeild ÍR hefur loksins ráðið til sín þjálfara fyrir næsta vetur og fyrir valinu varð spænskur þjálfari að nafni Oscar Pedroche, sem þjálfað hefur í heimalandi sínu frá árinu 1988, þrátt fyrir að vera frekar ungur að árum.

Pedroche þessi hefur að mestu fengist við þjálfun kvennaliða í heimalandinu og hefur að sögn forráðamanna ÍR náð ágætum árangri með sterk lið á undanförunum árum. „Í samráði við leikmenn liðsins og tengilið okkar úti, ákváðum við að ráða Oscar til eins árs,“ sagði Þorgeir Einarsson, formaður körfuknattleiksdeilda ÍR í samtali við Fréttablaðið í gær.

Hann segist vonast til að halda í alla leikmenn liðsins síðan í fyrra og segir vel koma til greina að Bandaríkjamadurinn Theo Dixon snúi aftur til liðsins næsta vetur. - bb



JUAN SEBASTIAN VERON Veron bregður hér á leik á æfingu fyrir leik Mónakó og Chelsea í Meistaradeild Evrópu fyrir tveimur árum.

Juan Sebastian Veron:

Samdi við Inter

FÓTBOLTI Argentínudurinn Juan Sebastian Veron hefur skrifað undir tveggja ára samning við Inter Milan. Veron, sem var á mála hjá Chelsea, spilaði sem lánsmaður með Inter á síðasta tímabili og þótti standa sig vel. Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, gerði Veron það ljóst að hann hefði ekki not fyrir hann hjá Chelsea.

Marco Branca, yfirmaður knattspyrnumála hjá Inter Milan, var ánægður með að málið væri í höfn. „Það er ánægjulegt að Veron sé kominn hingað því hann er frábær leikmaður. Það var alltaf markmið okkar að halda Veron hér, þar sem leikmanninum hefur samið vel við leikmennina og Roberto Mancini, þjálfara liðsins.“ - mh

Gleðifrétir fyrir FH-inga:

Fleiri sæti í Krikann

FÓTBOLTI FH-ingar munu leika heimaleik sinn gegn Neftchi Baku í forkeppni Meistaradeildarinnar á Kaplakrikavelli. Þetta staðfesti Pétur Ó. Stephensen, framkvæmdastjóri knattspyrnudeilda FH, við Fréttablaðið í gær.

Stúkan á vellinum tekur um 900 manns en samkvæmt lögum og reglum er bannað að selja í stæði í Evrópukeppni. Fyrir 10. júlí verða komin 1.200 sæti í stæðin til móts við stúkuna og því mun völlurinn taka rúmlega 2.000 manns í sæti þegar FH tekur á móti Keflavík í 10. umferð Landsbankadeildarinnar.

„Það skiptir svo miklu máli að spila á okkar heimavelli í Evrópukeppninni, að minnsta kosti í fyrstu umferðinni.“ sagði Pétur í gær. - mg



HARÐUR HÚSBÓNDI Leikmenn Notts County munu ekki komast upp með neitt múður á æfingu hjá Guðjóni Þórðarsoni.

Æfingar að byrja hjá Notts County:

Engin miskunn hjá Guðjóni

FÓTBOLTI Leikmenn Notts County fá að svitna ærlega í sumar þegar þeir mæta á æfingar hjá nýjum stjórnara félagsins, Guðjóni Þórðarsoni. Skagamaðurinn harði trúir á aga og miklar æfingar, eins og leikmenn Keflavíkur fengu að kynna, og hann mun ekki sætta sig við annað en að sínir menn mæti í toppformi til leiks næsta haust. Guðjón ætlar að láta liðið æfa tvisvar á dag en það verður nýjung fyrir leikmenn liðsins.

„Leikmenn munu mæta á morgunæfingar og svo aftur seinni partinn,“ sagði Guðjón í spjalli við heimasíðu félagsins. „Við munum beygja reglurnar einstaka sinnum en venjulega verður tvöföld æfing. Ég vil hafa

alla í toppformi og það er bara hægt ef menn æfa vel. Ég trú á mátt æfinganna enda hafa miklar æfingar skilað mér árangri.“

Guðjón mun ekki líða neitt agaleysi hjá leikmönnum sínum og þeir sem gerast svo djarfir að efast um þjálfunaraðferðir kappans munu fá sömu meðferð og Magnús Þorsteinsson fékk fyrr í vetur.

„Ég vil að hlutirnir séu gerðir eftir mínu höfði og að menn fari eftir því sem ég segi. Það er ekki flóknara en það. Ég mun ekki breyta því sem ég trú á og ef leikmönnum mislíka aðferðir mínar vita þeir hvar hurðin er. Við erum atvinnumannaklúbbur og ég ætlast til þess að leikmenn hagi sér eins og atvinnumenn.“ - hb



Með Herjólfur á þjóðhátíð

Farseðla með Herjólfur á þjóðhátíð þarf að staðfesta með fullnaðargreiðslu fyrir 1. júlí 2005. Óstaðfestar bókanir falla út eftir þann tíma til að rýma fyrir biðlistum.

Sala á óstaðfestum bókunum hefst 4. júlí.

Áætlun

	Ferðir Herjólfur			Rútuferðir	
		Vestm. - Þorl.h. - Vestm.		R.vík - Þorl.h. - R.vík	
	Ferðir	Frá Vestm.	Frá Þorl.h.	Frá BSÍ	Frá Þorl.h.
Miðvikudagur 27. júlí	Ferð 1	08.15	12.00	11.00	11.10
	Ferð 2	16.00	19.30	17.50	19.00
Fimmtudagur 28. júlí	Ferð 1	08.15	12.00	11.00	11.10
	Ferð 2	16.00	19.30	17.50	19.00
	Ferð 3	23.00	Ferð 1 29/7	Ferð 1 29/7	Ferð 1 29/7
Föstudagur 29. júlí	Ferð 1	Ferð 3 28/7	02.30	01.00	02.00
	Ferð 2	08:15	12.00	11.00	11.10
	Ferð 3	16:00	19.30	17.50	19.00
Laugardagur 30. júlí	Ferð 1	08.15	12.00	11.00	11.10
Sunnudagur 31. júlí	Ferð 1	13.00	16.00	14.50	16.00
Mánudagur 1. ágúst	Ferð 1	11.00	14.30	12.50	14.00
	Ferð 2	18.00	21.30	19.50	21.00
Þriðjudagur 2. ágúst	Ferð 1	01.00	04.00	02.50	04.00
	Ferð 2	08.15	12.00	11.00	11.10
	Ferð 3	16.00	19.30	17.50	19.00
	Ferð 4	23.00	Ferð 1 3/8	Ferð 1 3/8	Ferð 1 3/8
Miðvikudagur 3. ágúst	Ferð 1	Ferð 4 2/8	02.30	01.00	02.00
	Ferð 2	08.15	12.00	11.00	11.10
	Ferð 3	16.00	19.30	17.50	19.00

Opið er hjá Landflutningum-Samskipum á milli 9.00-og 16.00 alla virka daga.

Sími 481 2800.

Hægt er að bóka á netinu:

www.herjolfur.is

HERJÓLFUR

Landflutningar
SAMSKIP

STUÐ MILLI STRÍÐA : Af fúllyndi

RÓSU SIGNÝJU GÍSLADÓTTUR ER ALVEG SAMA UM FUGLASÖNG OG BLÓM Í HAGA.

MYND: HELGI SIGURSSON



Þegar ég var lítil tók einn af kennurum mínum upp á því að kalla mig neikvæða. Næstu árin mátti ég ekki hafa skoðun á neinu án þess að bekkjarfélagarnir, eða kennarinn, virtu það að vettugi því ég væri nú bara svo neikvæð. Mér brá því í brún á dögnum þegar andrjúkur netverji kvartaði yfir „fúllyndi“ í síðasta pistli mínum. (Hann var nú reyndar með þá kenningu að það stafaði af „langri og strangri þjálfun og einbeittum vilja yfirmanna,“ en það er annað mál.) Kannski hafði kennarinn

forðum eitthvað rétt fyrir sér?

Eftir smásjálfskoðun andaði ég léttar og sannfærðist um að svo var ekki. Það er mannsins eðli að hafa sterkastar skoðanir á hlutum sem hann er ekki sáttur við. Ég er til dæmis alveg einstaklega hamingjusöm manneskja, ástfangin og alles, en ég hef enga sérstaka skoðun á því máli. Sömu leiðis brennur ekkert á mér hvað það er frábært að vera feministi, en ég gæti skammast endalaust út í karlreimbur. Tom Cruise er ekki að fatta þetta. Þegar hann lét eins og óður maður í þætti Opruh á dögnum átti fólk bágt með að trúa að hann væri bara svona skotinn í Katie Holmes. Þetta hlaut að vera auglýsingabrella,

því fæstir verða svo æstir yfir skemmtilegum hlutum eins og ást. Það sama gildir um pistla-skrif. Ég hef einfaldlega ekki nógu sterkar skoðanir á fuglasöng og blómum í haga.

Og mér finnst það bara gott mál. Það er ekkert skritið að umræður í fjölmiðlum almennt innihaldi meira af gagnrýni, aka nöldri, en lofræðu. Aðalástæðan er auðvitað sú að oftast nær er einfaldlega meiri þörf á gagnrýnni. Hvað varðar „léttu mannlífsbanka“ þurfa þeir líka að hafa smábrot til að vekja athygli, til að vera skemmtilegir, til að skipta máli. Ég býð alla vegana spennu eftir að sjá jákvæða umfjöllun frá andrjúka manningunni. ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



PÚ OG PA

Eftir SÖB



KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



© OTT FOLK MCJANN

Áró 989
BYLGJAN

Gleðifréttir frá Gleðistofu Íslands
Laugardaga kl. 11:30
og alla virka daga kl. 11:30, 16:30 og 21:30



Talstöðin
FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

MARKAÐURINN

Sumargleði B&L



Í DAG FRÁ KL. 12 TIL 16.

Opið í dag frá kl. 12 til 16
Athugið lokað alla laugardaga í júlí.

FULLUR SÝNINGARSLAUR AF GLÆSILEGUM BÍLUM FRÁ HYUNDAI, RENAULT, BMW OG LAND ROVER.

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR OG FÁÐU ÞÉR PYLSU OG PEPSI Á EFTIR!



RENAULT

Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI

6.5 sek. 0-100 km/klst

VIÐ KYNNUM NÝJAN RENAULT MEGANE RS F1 - 2000 CC - TURBÓ - 225 HÖ
5 STJÖRNU RENAULT ÖRYGGI - RENAULT SPARNEYTNI - RENAULT ÞÆGINDI

★ Pepsi Pönnubolti verður á svæðinu. Allir sem taka þátt í Pönnuboltanum fá Pepsi armband og geta skráð sig í verðlaunapottinn
Nánari upplýsingar hjá www.pepsi.is

★ Blöðrufólkið mætir í sumarskapi með blöðrur handa öllum kátum krökkum

★ SS pylsur og Pepsi handa öllum



HYUNDAI SANTA FE OG HYUNDAI TUCSON ERU MEST SELDU SPORTJEPPARNIR Á MARKAÐNUM.
NÝTT LEIÐSÖGUKERFI FRÁ VEGVÍSI FYLGIR ÖLLUM HYUNDAI 4X4 Á LAUGARDAGINN



Hvert villtu fara? Hvernig kemstu þangað? Hvar ertu stödd/staddur? Láttu Vegvísi vísa þér leiðina með fyrsta íslenska GPS leiðsögukerfinu. Sjáðu hvernig kerfið virkar. Loftmyndir og Hátækni verða með kynningu á nýja Vegvísinum.



Nánari upplýsingar hjá www.vegisir.is eða www.bl.is

UPPLIFÐU ALVEG NÝJA TILFINNINGU

LAND ROVER DISCOVERY 3 - VERÐLAUNAÐSTI LÚXUSJEPPINN Á MARKAÐNUM.
KOMDU Í REYNSLUAKSTUR OG PRÓFAÐU NÝJA TERRAIN RESPONSE™ KERFIÐ



NÝ HYUNDAI SONATA LUX HLAÐIN BÚNAÐI

EIN GLÆSILEGASTA HYUNDAI FÓLKSBIFREIÐIN TIL ÞESSA.

ÁREIÐANLEIKI, GÆÐI OG FRÁBÆR HÖNNUN.



LAND-ROVER
GO BEYOND™



! Kl. 13.00-17.00
 Bærinn Krókur á Garðaholti í Garðabæ er lítill bárujárnsklæddur burstabær sem var endurbyggður úr torfbæ árið 1923. Bærinn er gott dæmi um húsakost og lifnaðarhætti alþýðufólks í þessum landshluta á fyrri hluta tuttugustu aldar. Krókur er opin almenningi til skoðunar á hverjum sunnudegi í sumar frá klukk- an 13 til 17.

menning

menning@frettabladid.is

TÓNLEIKAR

16.00 Brasilíukvartett saxófónleikarans Óskars Guðjónssonar leikur á Jómfrúnni í Lækjargötu. Aðgangur er ókeypis.

OPNANIR

10.00 Sýningin **Að höggva til** opnar í Listmunahorninu á **Árbæjar- safni**. Þar sýnir **Gunnar Bjarnason** vinnubrögð og hluti gerða úr járni og tré eins og talið er að þeir hafi verið á miðöldum. Sýningin stendur til 7. júlí og er opin alla daga frá klukkan 10 til 17.

14.00 **Vilhelm Anton Jónsson** opnar sýningu á **Café Karólinu** á Akureyri. Sýningin stendur yfir til 22. júlí.

14.00 Á **Halldórskafti** á Vík í Mýrdal opnar **Erla Magna Alexanders- dóttir** sína níundu einkasýningu. Á sýningunni eru olíumálverk.

15.00 **Arnór G. Bieltvedt** með málverkasýningu í **Grafíkafni Ís- lands**, sal Íslenskrar Grafíkur að Tryggvagötu 17, hafnarmegin, 101 Reykjavík. Sýningin stendur yfir til 10. júlí.

16.00 **Þórunn Árnardóttir** opnar einkasýningu í **Gallerí Tukt**, Hinu Húsinu. Sýningin stendur yfir til 9. júlí.

Pyndingar á Austurvelli

Íslandsdeild Amnesty International stendur fyrir uppákomu á Austurvelli sunnudaginn 26. júní í tilefni af alþjóðlegum degi Sameinuðu þjóðanna til stuðnings fórnarlömbum pyndinga. „Fókusinn núna hjá Amnesty International er að vekja fólk til umhugsunar um aðferðir Bandaríkjamanna í Guantanamo á Kúbu. Fangarnir eru settir í húfur og vettlinga, á þá eru settar eynahlífar og rykgrímur og þeir eru með fyrir augunum. Svona þurfa þeir að sitja í marga tíma, handjarnaðir og í hnipri. Við ætlum að leyfa fólk að upplifa þetta, án handjárnanna auðvitað, og gera upp hug sinn; eru þetta pyndingar?“ segir Jón Þór Ólafsson, sem fer fyrir aðgerðahópi Íslandsdeildarinnar. „Skorið er á öll skynfæri. Þetta er Guantanamo-áskorunin: hversu lengi þóli þú þetta?“ segir Jón. Vegfar- endum gefst tækifæri til að skrifa undir áskorun til Ís- lenskra stjórnvalda „um að þeir krefji bandarísk stjórnvöld um að rannsaka allar ásakningar um illa meðferð og að hinir ábyrgu verði látnir svara til saka,“ segir Jón. Uppákoman verður milli 13 og 17 á Austurvelli.



AUSTURVÖLLUR Vegfarendum á Austurvelli gefst tækifæri á að upplifa hvernig Bandaríkjamenn fara með fanga í Guantanamo en Amnesty heldur því fram að um pyndingar sé að ræða.

EKKI MISSA AF...

...málverka- sýningu Arnórs G. Bieltvedts í **Grafíkafni Ís- lands**, sal Ís- lenskrar Grafíkur að Tryggvagötu 17, hafnarmegin, sem opnar klukkan 15 í dag.

... tónleikum **Gruppo Atlantico** í **Listasafni Sigurjóns Ólafssonar** klukkan 17 á sunnudaginn. Á efnisskránni er eitt verk, oktett D 803 fyrir blásara og strengi eftir Franz Schubert.

...pönk- og rokk tónleikum í **Tónlistarþróunarmiðstöðinni**, Fiskislóð úti á Granda klukkan 18 á sunnudaginn þar sem sjö hljómsveitir munu troða upp og spila fram eftir kvöldi.

Evrópufraeði, smárikjafræði og varnarmál

Rannsóknarsetur um smárikí við Háskóla Íslands stendur fyrir sumarskólanum Smárikí og Evrópusamruni næstu tvær vikurnar. Íslenskum og erlendum stúdentum gefst þar tækifæri á að hlusta á þekktu fræðimenn.

Næstkomandi mánudag mun Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands, opna sumarskólann Smárikí og Evrópusamruni í Tæknigarði Háskóla Íslands. Rannsóknarsetur um smárikí við Háskóla Íslands stendur fyrir sumarskólanum, sem starfræktur er í þriðja sinn með fjárstyrk frá Evrópusam- bandinu. Sumarskólinn er sam- starfsverkefni 9 háskóla í Evrópu auk háskólans í Washington í Seattle-ríki í Bandaríkjunum.

Meðal kennara sem koma hingað til lands til að kenna við skólann eru þekktir fræðimenn á sviði Evrópu- fræða, Smárikjafræða og varna- mála svo sem eins og Neill Nugent, sem skrifað hefur söluháar bækur um Evrópusamrunann, Clive Archer og Alyson Bailes, forstöðu- maður sænsku friðarrannsóknar- stofnunarinnar. Kennsla í skólanum fer fram í tvær vikur og byggir á fyrirlestrum.

Auk þess munu nemendur skólans heimsækja utanríkisráðu- neytið, Samtök iðnaðarins og Al- þingi þar sem hlýtt verður á fyrir- lestra.

„Tilgangur skólans er að gefa ís- lenskum og erlendum stúdentum tækifæri á að hlýða á sérfræðinga á sviði Evrópumála, Smárikjafræða og öryggismála,“ segir Baldur Þór- hallsson, sem er formaður stjórnar Rannsóknarseturs um smárikí og skipuleggjandi sumarskólans. Um 30 nemendur frá hinum ýmsu lönd- um munu sækja skólann, þar af 10 frá Íslandi auk þess sem nemendur við Washington-háskóla í Seattle munu hlýða á fyrirlestrana milli landa með fjarfundabúnaði sem Baldur segir vera nýjung hér á landi.

Baldur segir mikla aukningu



BALDUR ÞÓRHALLSSON Eftir að slaknað hefur á því tvíþólkakerfi sem einkenni kalda stríðs hafa smárikí öðlast aukið vægi. Þegar Bandaríkin og bandamenn þeirra réðust inn í Írak leituðu þeir til smárikja eftir stuðningi,“ segir Baldur, sem skipuleggur sumarskólann Smárikí og Evrópusamruni sem hefst í HÍ á mánudaginn.

hafa orðið á smárikjum í heimin- um og því þurfi sérhæfðar rann- sóknir á hegðun þeirra í alþjóða- kerfinu. og var Rannsóknarsetur um smárikí stofnað til að skapa umræðugrundvöll um málefni þeirra.

„Ákvarðanatata smárikja skipt- ir miklu máli á alþjóðavettvangi. Hingað til hefur verið talið að smá- ríki séu alfarið háð stærri ríkjum en svo er ekki lengur því smárikín geta haft heimikið að segja ef þau eru virk í alþjóðlegum stofnunum eins og t.d. Evrópusambandinu og stofnunum SP. Eftir að slaknað

hefur á því tvíþólkakerfi sem eink- enndi kalda stríðs hafa smárikín öðlast aukið vægi. Þegar Bandarík- in og bandamenn þeirra réðust inn í Írak leituðu þeir til smárikja eftir stuðningi,“ segir Baldur.

Í sumarskólanum verður eink- um fjallað um stöðu smárikja í Evrópusamrunanum og getu þeirra til áhrifa þar og verður staða Norðurlandanna og Kýpur hvað helst skoðuð í því samhengi auk þess sem fjallað verður um það hvaða áhrif breytingar í öryggis- og varnarmálum hafa á stöðu smárikja. ■

BÍTL
 Tónleikurinn
 Landsbankinn

KRINGLUKRÁIN
 Hljómsveitin
 Léttir sumarréttir
 pizzur, salöt,
 súpur og bökur
 Borðapantanir í síma 568 0876
 www.kringlukrain.is

BORGARLEIKHÚSIÐ
 Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík
KALLI Á ÞAKINU
 e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu
 Su 26/6 kl 14, Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14, Su 17/7 kl 14
 Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
 Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
 14-18 mánudaga - laugardaga 12-18 sunnudaga Lokað 2. og 3. júlí.

DANSLEIKIR
 um helgina
Föstudaginn 24. júní
...opið hús
Laugardaginn 25. júní
HLJÓMSVEITIN
5 á Richter
KLÚBBURINN
 við Gullinbrú
 Sjá nánari upplýsingar á www.klubburinn.is eða í síma 567 3100

Fjötrar ástarinnar

Hjá Eddu-útgáfu er komin út bók- in Ástargaldrar sem Rakel Páls- dóttir og Jón Jónsson tóku saman og rituðu inngang að. Bókin kom einnig út á ensku undir heitinu Love Charms í þýðingu Önnu Benassi.

Allt frá örófi alda hefur það verið helsta umhugsunarefni ungra stúlkna og pilla hvernig þau geti haft áhrif á hitt kynið og vakið hjá því löngun í nán kynni. Þegar öll hefðbundin ráð til að heilla hitt kynið bregðast freistast sumir til

þess að beita göldrum, reyna að virkja dulda krafta sér til hjálpar og fá sjálf náttúruöflin í lið með sér. Í bókinni er birt úrval slíkra ástargaldrar víða að úr Evrópu.

Sumar frásagnirnar í bókinni byggja á sögulegum heimildum en aðrar eru hreinræktaðar þjóðsög- ur.

Bókin er sögð ætluð til skemmtunar og er lesendum bent á að umgangast galdrana í bókinni af mikilli varúð.

Bókin er 113 blaðsíður. ■



ÁSTARGALDRAR Í bókinni er birt úrval ástargaldrar víða að úr Evrópu.



AUÐUNARSTOFA HIN NÝJA Á HÓLUM Gunnar var verkstjóri þegar þetta glæsilega hús, sem er á Hólum í Hjaltadal, var reist árið 2001. Auðunarstofa er ætlað að vera minnisvarði um hús sem stóð á biskupssetrinu í nærri 500 ár, frá 1317 til 1810 þegar það var rífið skömmu eftir að biskupsstóllinn á Hólum hafði verið lagður niður og jörðin seld. Hólanefnd stóð fyrir endurbyggingu Auðunarstofu.

Að setja sig í spor smiða á miðöldum

Gunnar Bjarnason opnar sýninguna **Að höggva til í Listmunahorni Árbæjar-safns í dag klukkan 14 þar sem hann sýnir hluti úr járni og tré sem gerðir eru með vinnuáferðum sem tíðkuðust á Íslandi á miðöldum. Sýningin er samantekt á 30 ára rannsóknarvinnu sem farið hefur fram hér á landi á bygginga- og vinnutækni miðalda.**



GUNNAR BJARNASON „Ég reyni að lýsa því í máli og myndum hvernig smiðir unnu á 12. öld og nær það ferli allt frá því að smiða verkfærin yfir í að beita þeim. Það er í rauninni ekki hægt að endurbyggja þessi hús nema reyna setja sig í spor smiðanna sem byggðu þau,“ segir Gunnar.

fremst styðjast við gripi af söfnunum við endurgerð verkfæra.

„Vinnan sem framkvæmd er verður miklu meira virði ef þú kafar svona djúpt ofan í verklagið, ef þú segir að einhver bygging hafi verið gerð með sams konar verkfærum og notuð voru fyrir 600 árum. Það er í rauninni ekki hægt að endurbyggja þessi hús nema reyna að setja sig í spor smiðanna sem byggðu þau,“ segir Gunnar. Hann segir tilgang sýningarinnar vera að sýna þessa byggingararfleið sem við Íslendingar eigum því hún sé fallin í gleymsku.

„Þetta er gömul saga sem tilheyrir íslensku þjóðinni og sýningin er tilraun til þess að gefa fólki innsýn inn í hvernig Íslendingar lifðu og störfuðu á þessum tíma,“ segir Gunnar.

Sýning Gunnars á Árbæjar-safni stendur yfir til 7. júlí. ■

Barist um Svarta engla

Samkvæmt tilkynningu frá Eddu lauk nú í vikunni níu daga uppboði þar sem hollenskir útgefendur börðust um útgáfuréttinn að annarri bók Ævars Arnar Jóseps-sonar, Svörtum englum, sem út kom árið 2003 og tilnefnd var í ár til norrænu glæpasagnaverðlaunanna, Glerlykilsins.

Forlagið Signature hreppti útgáfuréttinn að bók Ævars en forlagið gefur meðal annars út verk Arnaldar Indriðasonar og Kristínar Marju Baldursdóttur í Hollandi.

Í Þýskalandi er það hið þekkt forlag RandomHouse sem hefur tryggt sér útgáfuréttinn að Svörtum englum. ■

ÆVAR ÖRN JÓSEPSSON
Bókaforlagið Signature í Hollandi hefur tryggt sér útgáfuréttinn að verðlaunabók hans, Svörtum englum.



Sumarið er okkar tími!

Tilvalið að líta inn

Spennandi sumar framundan hjá Landsvirkjun

Hvernig verður rafmagn til?



Laxárstöðvar í Aðaldal

„Hvað er með Ásum?“ „Hreindýr og dvergar“
Frábær sýning Hallsteins Sigurðssonar, sem hlotið hefur einróma lof.
Aðalheiður S. Eysteinsdóttir sýnir magnaða tréskúlpúra í Laxárstöð í sumar.



Kröflustöð í Mývatnssveit

Allt um Kröfluelda í Gestastofu. Kynnist eldsumbrotunum sem urðu í nágrenni Kröflustöðvar 1975-1984.

Hvers vegna er rafmagn á Íslandi umhverfisvænna en hjá öðrum þjóðum?



Blöndustöð í Húnaþingi

Þorir þú 200 metra niður í jörðina? Hvað verður í göngum Blöndustöðvar í sumar? Magnaður viðkomustaður.



Végarður í Fljótsdal

Kynnið ykkur Kárahnjúkavirkjun og allt sem henni viðkemur í Végarði. Tilvalið að koma þar við áður en haldið er upp að Kárahnjúkum.

Heimsókn til Landsvirkjunar er upplýsandi og skemmtileg



Sultartangastöð ofan Þjórsárdals

„Andlit Þjórsdæla“ – áhugaverð sýning um mannlífið í Þjórsárdal í 1100 ár.



Ljósafosstöð í Soginu

„Ár og kýr“ Jóns Eiríkssonar komnar suður. Veit Guðni af þessu? 365 kúamyndir sem hlotið hafa verðskuldaða athygli.

Sýningarnar eru opnar alla eftirmiðdaga í sumar.

Nánari upplýsingar um opnunartíma á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000.



Landsvirkjun

Góðir straumar í 40 ár



MÓÐUR VIKUNNAR

>HILDA FER YFIR MÁLIN

Hef ég séð hann áður?

Ég heyrði á tal samstarfskvenna minna í fyrradag. „Hvernig finnst þér spegillinn inni á baði?“ spurði önnur áhyggjufull og hin svaraði að bragði: „Mér finnst ég svolítið skritin á litinn í honum.“ Sú áhyggjufulla varð þá skyndilega óskaplega fegin. „Mikið er ég glöð að það er ekki bara ég, mér finnst ég alltaf svo kjánaleg eitthvað í þessum spegli.“

Ég þagði bara en inni í mér varð ég líka fegin. Alltaf fundist hann asnalegur þessi spegill sem gerir mig gula í framan. Konur geta talað endalaust um gæði spegla á baðherbergjum eða í hinum og þessum verslunum. Ég hugsa að verðslanir gætu hagnast töluvert á því að vanda sérstaklega vel við lýsingu og spegla í búðum sínum. Konurnar sjá sig þá í flikinni sem þær eru að máta og hugsa: „Vá, hvað ég er sæt í þessu“. Sumir speglar eru svo þínu brúnleitir og þá virkar manneskjan vöðalega sólbrún og sæt og skellir sér á þessa svakalega flottu flik. Verstir eru búningasklefarnir sem innihalda bláleita ljóskastara sem lýsa upp hvern einasta smágalla á andlitinu og viðbrögðin eru sprettur út úr búðinni.

Einhvern veginn er þetta eitthvað sem ég sé ekki karlmenn fyrir mér að tala um. „Mér finnst ég svo ljótur í þessum spegli.“ Hinn svarar áhugasamur um speglafræði: „Já, þetta er alveg ómurlegur spegill, hann gerir mann eitthvað svo fölan“. Nei, þeir virðast ekki hafa svona miklar áhyggjur af þessum speglamálum.

Ég hef líka tekið eftir því að karlmenn veita því sjaldan eftirtekt þegar vinir þeirra eru í nýjum fötum. Á meðan verðum við alveg uppveðraðar af nýjum bol sem vinkonan er í. „Hvar fékkst'ann? Hvað kostaði'ann? Ha, er hann gamall? Bíddu, hef ég séð hann áður?“ Sú síðasta þykir mér reyndar skemmtilegust. „Hef ég séð hann áður?“ Þetta er í alvörunni eitthvað sem við höfum áhuga á að vita. Hvort við höfum séð manneskjuna áður í flikinni. Trúum því varla að við höfum látið nýja flik fara framhá okkur. Auðvitað eru til undantekningar og slatti af tiskusinnuðum strákum sem spyrja jafn fátíðlegra spurninga og við kvensurnar. En þetta er eitt af því sem mér finnst svo skemmtilegt við tiskuna, það er hægt að tala um hana endalaust og út frá endalaust mörgum sjónarhornum.



BIKINI Það er hægt að fylgja tiskunni þó maður fari í sund.

HÁLSMEN Stór og marglituð hálsmen eru flott við.

LITADYRÐ Æðislega falleg blómamynstur.

BLEIKT Kíktum í Topshop og fundum fullt af frábærum mynstruðum flikum.

Mynstur og litagleði

Sjaldan eða aldrei hefur tiskan verið jafn litrík. Mynstur eru alls ráðandi í sumar og þau halda áfram að vera í tisku í haust þó litatónarnir verði með örlítið öðru sniði. Þau eru frábær tilbreyting frá „less is more“ tiskunni sem hefur verið lengi við lýði og nú er um að gera að lifa upp á einlitan fataskáp með fallegu mynstruðum flikum. Þessi tíska er alls ekki eingöngu fyrir konur heldur ættu karlmenn líka að fjárfesta í mynstruðum flikum og fara ótröðnar slóðir. Öll flottustu tiskuhús-

in, eins og Blumarine, Moschino og Etro, bjóða upp á því líka litagleði að annað eins hefur ekki sést lengi. Nú á að brjóta allar reglurnar því það á ekki að stilla saman litum í dressinu og ekki velja fötin þannig að þau séu „í stíl“. Blanda á öllu í saman mismunandi litum og mynstri og fyrir konurnar er flott að hafa stóra, marglita skartgripni við.

Þetta getur þó verið nokkuð vandmeðfarið útlit því það verður að passa að yfirkeyra það ekki. Stíllinn á að vera spennandi og frumlegur en engu síður

þarf maður að passa að líta ekki út eins og gangandi aldingarður. Því er best að halda alltaf einhverjum flikum einlitum á móti þeim mynstruðum. Það gæti til dæmis verið flott að klæðast bol með blómamynstri og jakka með þjóðlegu afrísku mynstri við gallabuxur. Eins er hægt að vera í marglitum sokkabuxum við mynstraða skó en í einlitum hnébuxur og stuttermabol.

soleyk@frettabladid.is

STRÁKAR eiga ekki síður að ganga í flottu mynstri.



KJÓLL Þessi væri sætur við jakkapeysu í sumarlegum lit.

PUNNUR OG FLJÓTANDI Bolur með fallegu mynstri og glitrandi pallíettum.

MYNSTUR Hér er ólíku mynstri blandað saman á mjög skemmtilegan hátt.

Svart úti og hvítt inni

Hvít sólgleraugu gera allt vitlaust í tiskuheiminum í sumar. Það eru allir orðnir þreyttir á þessum hefðbundnu svörtu sem stjörnurnar hafa flest sést með undanfarnin ár og nú hafa hvítu sólgleraugun tekið yfir. Sama gildir um þessi sólgleraugu og önnur þessa dagana - því stærri sem þau eru því betra. Þær frægu konur sem þykja leiða tiskuna hafa sést með hvít sólgleraugu á nefinu undanfarna daga og má þar nefna Kate Moss og Chloe Sevigny. Dior er með glæsileg hvít sólgleraugu í nýjustu herferð sinni en þeir sem hafa ekki efni á því þurfa ekki að örvænta því það er hægt að fá svona sólgleraugu víða á slíkk.

HVÍT SÓGLERAUGU Stjörnurnar keppast nú við að vera með flottustu hvítu sólgleraugun.



98.9
BYLGJAN

Hún opnar fyrir míkrafóninn næsta sunnudagsmorgun kl. 9


SMEKKURINN HEIÐA RÓS ÁSGEIRSDÓTTIR STARFSMAÐUR Í SPÚTNIK

Íslendingar ættu að vera oftast með hatta

Arnheiður Rós Ásgeirsdóttir, eða Heiða Rós eins og hún er oftast kölluð, hefur mjög skemmtilegan og töffaralegan stíl. Hún er góður fulltrúi Spútnik tískunnar með flottum samsetningum og frumlegum fötum. Hún hefur einnig brugðið sér í starf plötusnúðs og kallar sig þá dj Hædi.

Spáir þú mikið í tiskuna? Já ég geri það, alltaf meira og meira. Ég eldist ekki við alla strama og stefnur en hef mjög gaman af tisku.

Uppáhaldshönnuðir? Það er enginn einn frekar en annar.

Fallegustu litirnir? Ég er mjög hrifin af grænum, svona dökkgrænum og hermagngrænum. Mér finnst appelsínugulur og túrkis líka mjög fallegir.

Hverju ertu veikust fyrir? Kjólum.

Hvaða flik keyptir þú þér síðast?

Marglitaðan kjól með pálmatrijám.

Hvað finnst þér mest sjarmerandi í vor- og sumartiskunni? Ég hef mjög

gaman af stórum sólgleraugum og svo

þessari sixtistísku sem er að koma inn

og þá sérstaklega sixtiskjólum. Svo

finnst mér alls konar hattar skemmtilegir

og finnst Íslendingar ekki nógu duglegir

að vera með hatta.

Hvað ætlar þú að kaupa þér fyrir sumarið? Fleiri kjóla. Annars er ég alltaf

að kaupa mér eitthvað í búðinni.

Uppáhaldsverlun? Spútnik, að sjálf-sögðu.

Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði? Ég gef það ekki upp.

Hvaða flikur gætir þú ekki verið án?

Svörtu stígvélanna minna. Þau passa

við allt og eru þægileg.

Uppáhaldsflik? Þetta er rosalega erfið

spurning. Mér finnst ómögulegt að gera

upp á milli þeirra því þær eru svo

margar.

Hvert myndir þú fara í verslunarferð?

Til London. Mér finnst skemmtilegast

að fara á markaði.

Ljótasta flik sem þú hefur keypt þér?

Agalega ljót appelsínugul og skrápótt

derhúfa sem ég gekk mikið með sem

unglingur.



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



BLÁAR LITALINSUR Naomi Campbell notar oft bláar litalinsur til að breyta um stíl en náttúrulegi litur augna hennar er svartur.

Seiðandi augu

Litalinsur eru frábær uppfinning og fátt sem breytir útlitinu á jafn skemmtilegan hátt og þær. Með tveimur handtökum er hægt að gjörbreyta lit augnanna og þegar augnlitur breytist geta konur leikið sér með nýja liti í förðun sem áttu ekki við fyrri augnlit. Yfirbragð andlitsins og lítarhaft manneskjunnar verður annað og möguleikarnir fjölmargir. Til dæmis getur dökk augnmálning á konu með ljós augu verið full yfirþyrmandi en ef sama kona setur í sig dökkbrúna linsur getur hún á svipstundu orðið eins og sögupersóna úr þúsundgeinni nótt. Eins getur fólk skerpt á sínum eigin lit með því að gera hann skærari og ferskari.

Fresh Look-linsurnar bjóða upp á fjölmörg litbrigði, eins og kyrrahafsblátt, haustbrúnt og tunglskinsgrátt, en verðið á þeim er um fjögur þúsund krónur. Þær fást í flestum gleraugnabúðum landsins og algengast að þær séu fjölnota í um það bil sex vikur.



LYKLAKIPPA Þessi fallega lyklakippa fæst í ævintýrabúðinni Frú Fiðrildi.

Ómissandi lyklakippa

Það kannast flestar konur við að standa fyrir utan útidyrhurðina og róta fram og til baka í veskinu í leit að húslyklunum. Þetta er mjög hvítleitt en þar sem konur þurfa að ganga með alls kyns nauðsynjar á sér frá degi til dags, eins og varasalva, maskara, síma, buddu og dömubindi, er þetta algengt vandamál. Þessi dásamlega fallega lyklakippa ætti að leysa vandann því ekki aðeins er hún æðislega smart heldur er hún líka stór og auðþekkanleg blindandi þegar höndin kafar ofan í veskið. Það er gríðarlega þægilegt að draga svona lyklakippu upp úr einni af þessum stóru töskum sem er aðalmálið í dag.

Hvernig fer hún að þessu?



„Spennandi, fyndin og átakanleg“

– *The New York Times Book Review*

Kate Reddy er framakona í fjármála-geiranum, en hún er líka eiginkona og tveggja barna móðir. Hún á í mesta basli við að sameina vinnu og einkalíf. Hún þarf að kljást við kröfuharða yfirmenn, langþreyttan eiginmann og þurftafrek börn auk þrýstings um að sinna vinunum og halda sér til ... eitthvað verður undan að láta.

Fyndin og fjörug frásögn þar sem snilldarlega er lýst þeirri stöðugu tilvistarkreppu sem hver einasta útívinandi móðir þekkir, enda hefur bókin slegið rækilega í gegn víða um heim.

Bók sem allar mæður í hjáverkum verða að lesa!

**KOMIN Í
VERSLANIR!**

„Bók sem hver einasta útívinandi kona mun teygja í sig ... Ótrúleg sýn, bæði grátleg og fyndin, á líf súpermömmunnar.“

– *The New York Times*

